**LINDA BJÖRK ÁRNADÓTTIR**

*Ráðin listrænn ráðunautur hjá RÚV*

• tíska • páskar

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**




**TÓMSTUNDIR**

*Ættfræði, matjurtarækt og ferðir út í geiminn*

Sérblað um tómstundir

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT


1. apríl 2010 — 77. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR



### Lenti í skýstrók

Völli Snær lenti í skýstrók á veitingastað sínum á Bahama-eyjum.

**FÓLK 50**



### Tekur flugið

Edda Björgvins útskrifast sem flugfreyja.

**FÓLK 50**

### Dymbilvika og páskar

„Páskarnir eru tákn um trúna og hugrekkið“, segja Árni Svanur Daníelsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir.

**Í DAG 20**



### Ótrúleg endurkoma

Eftir að hafa verið yfirspilað í 70 mínútur kom Arsenal til baka og náði jafntefli gegn Barcelona.

**ÍÞRÓTTIR 42**

## VEÐRIÐ Í DAG




**Bjart suðvestantil** Í dag verða norðlægar áttir, víða 6-12 m/s en hægari vindur sunnanlands. Norðan- og austanlands verður heldur þungbúið og stöku él en annars má búast við bjartviðri.

**VEÐUR 4**



**JÖRÐIN OPNAST** Gísli Gíslason, þyrluflugmaður hjá Norðurflugi, varð vitni að því þegar hin nýja sprunga á Fimmvörðuhálsi opnaðist rétt fyrir klukkan sjö í gærkvöldi. Eins og sést á myndinni var fólk skammt frá gossprungunni þegar hún opnaðist og sprungur í jörðinni teygðu sig langt í áttina að forvitnum ferðamönnunum. MYND/GÍSLI GÍSLASON

# Fólk í bráðri hættu við nýja gossprungu

**Ný sprunga myndaðist við eldgosið á Fimmvörðuhálsi í gærkvöldi. Sjónarvottur segir fólk hafa verið í lífshættu þegar sprungan opnaðist 30 til 40 metra frá hópi fólks. Svæðinu var lokað í kjölfarið og fólk ferjað burtu á þremur þyrlum.**

**ELDGOS** Hópur fólks var í bráðri lífshættu þegar ný sprunga opnaðist á gossvæðinu á Fimmvörðuhálsi í gærkvöldi.

Þyrluflugmaður sem varð vitni að því þegar sprungan opnaðist segir hóp fólks hafa verið í 30 til 40 metra fjarlægð frá sprungunni. Einhverjir úr hópnum hafi ákveðið að ganga nær sprungunni í stað þess að forða sér.

„Fólk virtist ekki átta sig á því sem var að gerast,“ segir Gísli Gíslason, þyrluflugmaður hjá Norðurflugi.

„Við sáum fyrstu spýjuna koma upp úr storknuðu hrauni klukkan 18.52,“ segir Gísli. Það hafi verið afar tilkomumikil sjón að sjá hraunið klofna og eldinn rísa upp úr sprungunni.

Hann var þá nýlentur á hól skammt frá þar sem sprungan opnaðist. Hann segir að fljótlega eftir það hafi hann ákveðið að fljúga burt með sinn hóp, enda sprungan tekin að lengjast.

Þyrlur voru notaðar til að ferja fólk sem var á göngu nærri sprungunni að Hótel Skógum. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð á svæðið og fékk liðsauka frá tveimur þyrlum sem notaðar höfðu verið fyrir útsýnisflug.

Veginum inn í Þórsmörk var lokað fljótlega eftir að nýja sprungan myndaðist. Á tíunda tímanum í gær var fólki sem vildi komast burtu úr Þórsmörk leyft að fara yfir Hvanná í hópum með aðstoð björgunarsveitarmanna.

Nýi gígurinn virðist jafn kröftugur og sá fyrri, segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

Hann segir gosrásina sem liggur að fyrri gígnum væntanlega hafa klofnað á litlu dýpi norðvestan við fyrri gíginn.

Óli Þór Hilmarsson, fararstjóri hjá Útivist, var á göngu með tíu manna hóp þegar gossprungan opnaðist. Hann tók í kjölfarið að sér að koma fólki sem var í nágrenninu á eigin vegum niður í Básа á Goðalandi.

„Það gekk mjög vel að koma fólkinu niður enda gott veður og gott göngufæri,“ segir Óli.

Einhverjir ætluðu að gista í skálanum í Básum í nótt.

- bj, sbt / sjá síðu 6

Jóhanna Sigurðardóttir:

## Vill auka kvóta

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir skort á aflaheimildum í sumar áhyggjuefni og til greina komi að auka þær. Þetta kemur fram í grein sem hún skrifar í Fréttablaðið í dag.

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra segir í samtali við Fréttablaðið að málið verði ábyggilega skoðað en áréttar að það sé hans að taka endanlega ákvörðun.

- shá / sjá síðu 22










## SPURNING DAGSINS



*Einar, eru þeir sem tala í símann undir stýri alveg úti að aka?*

„Já, þeim væri hollara að spara orðin og einbeita sér að umferðinni.“

Ný rannnsókn sýnir að aðeins einn af hverjum fjörutíu veldur því að aka og tala í símann samtímis. Einar Magnús Magnússon er verkefnastjóri umferðaráróðurs hjá Umferðarstofu.

Hollenska hernaðarfyrirtækið E.C.A. reynir að bæta ímynd sína á Íslandi við litla gleði hernaðarandstæðinga:

# E.C.A. býður upp á gosflug í herflugvélum

**ELDGOS** Hollenska fyrirtækið E.C.A., sem sótt hefur um að fá að skrá 20 óvopnaðar orrustuþotur á Miðnesheiði, ætlar að bjóða landsmönnum í útsýnisflug yfir gosstöðvarnar á Fimmvörðuhálsi eftir hádegi í dag í sérútbúnum Herkúles-flutningavélum.

Í tilkynningu sem fyrirtækið sendi frá sér í gærkvöldi segir að það hafi ekki farið varhluta af þeirri neikvæðu umræðu sem gjarnan fylgi fyrirtækjum sem starfa að hernaði. Ákvörðunin sé liður í að bæta ímynd fyrirtækisins á Íslandi og eyða tortryggni í þess garð.

Herkúles-vélarnar eru yfirleitt notaðar til að flytja hermenn milli landa. Áætlað er að tvær slíkar lendi á Reykjavíkurflugvelli klukkan 14.30 í dag og fari með áhugasama í um einnar og hálfrar klukkustundar útsýnisferð yfir eldgosið. Í tilkynningunni segir að samtals komist um 250 manns í vélarnar og er fólk því hvatt til að mæta tímanlega í flugstöðina.



**ELDGOSIÐ** Þeir sem nýta sér boð E.C.A. eiga mikið sjónarspil í vændum. FRÉTTABLAÐIÐ / VLHELM

„Þetta er hrein ögrun yfir páskahátíðirnar,“ segir Stefán Pálsson, formaður Samtaka hernaðarandstæðinga. „Það er algjörlega forkastanlegt að þetta sé heimilað og við hljótum að krefjast þess að yfirvöld taki í taumana og við væntum þess að fá Þjóðkirkjuna og biskup með okkur í að mótmæla þessu harðlega.“ Vélarnar séu þess utan óskráðar hér á landi og því vandséð að flugið standist lög.

Stefán hvetur fólk til að mæta á Reykjavíkurflugvöll og mótmæla, og býst við því að hann muni sjálfur verða vopnaður málningu. „Ef allt um þrýtur munum við svo auðvitað reyna að koma í veg fyrir að vélarnar komist á loft.“ - fa

Umhverfisráðherra:

## Lætur kanna efndir við Kárahnjúkavirkjun

**UMHVERFISMÁL Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur falið Umhverfisstofnun að kanna hvernig staðið hefur verið við tuttugu skilyrði sem umhverfisráðuneytið setti á sínum tíma í úrskurði um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar, og ætlað var að draga úr umhverfisáhrifum virkjunarinnar.**



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR.

**Svandís segir að sér hafi borist ábendingar um að vanhöld hafi verið á að staðið hafi verið við skilyrðin. Ábendingarnar snúi að lónstæðinu, sandfoki og rofi í náttúrunni.**

**Landsvirkjun sendi frá sér yfirlýsingu vegna þessa í gærkvöld. Í henni kom fram að Landsvirkjun telur sig í einu og öllu hafa uppfyllt nefnd skilyrði frá upphafi framkvæmda. „Finnist eitthvað athugavert mun fyrirtækið bæta þar úr,“ segir þar.** - sh

Berti G frá Suðureyri aflahár:

## Veiddi 33 tonn í tíu róðrum

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Berti G ÍS frá Suðureyri er enn þá aflahæsti smábáturinn undir 10 brúttó tonn það sem af er mars en bátarnir á Vestfjörðum hafa róað lítið að undanförnu. Þetta kemur fram á vef Bæjarins besta.

Berti G ÍS hefur veitt 33 tonn í tíu róðrum það sem af er mánuðinum. Í öðru sæti er Björg Hauks ÍS frá Ísafirði með 29 tonn í átta róðrum. Bátarnir veiða báðir á línu.

# MP Banki tapar fé vegna West Ham

**Lán vegna kaupa Björgólfs Guðmundssonar á breska úrvalsdeildarliðinu West Ham hefur verið fært verulega niður í bókum MP Banka. Forstjórinn segir reksturinn traustan þrátt fyrir tap upp á rúman milljarð á síðasta ári.**

**VIÐSKIPTI** MP Banki tapaði tæpum 1,2 milljörðum króna í fyrra, sem er talsverður viðsnúningur frá rúmlega 860 milljóna króna hagnaði fyrir tveimur árum. Efnahagsaðstæður, 33 prósenta samdráttur tekna, tiltekt í bókhaldinu og kostnaðarsöm uppbygging á viðskiptabankastarfsemi frá grunni lituðu bækur bankans.

Gunnar Karl Guðmundsson, forstjóri MP Banka, segir reksturinn traustan þótt varúðarniðurfærsla á lánasafni bankans hafi sett skarð í afkomuna. „Menn voru í góðri trú . En svo kom í ljós að viðskiptavinir bankans höfðu orðið fyrir enn frekari búsifjum vegna efnahagshrunsins og því varð að taka enn frekari afskriftir,“ segir hann.

Niðurfærslan, sem ekki felst í afskrift lána, hljóðar upp á 1.350 milljónir króna og tilkomin vegna þarsíðasta árs. Þetta jafngildir 35 prósentum af lánasafni bankans. „Við teljum að afskriftirnar nú séu orðnar fullnægjandi,“ segir hann en viðurkennir að ekkert megi útiloka. Annað högg á íslenskt efnahagslíf geti haft í för með sér enn frekari niðurfærslu.

Eftir því sem næst verður komist var tæpur helmingur þeirra útlána sem MP Banki færði inn á varúðarreikning lán til eignarhaldsfélaga. Umfangsmesta lánið sem fært var niður var til félags Björgólfs Guðmundssonar, formanns bankastjórnar Landsbankans, vegna kaupa hans á breska Úrvalsdeildarliðinu West Ham. MP Banki tók félagið yfir ásamt Straumi og Byr eftir að veldi Björgólfs hrundi haustið 2008 og á enn hlut í því.



**GUNNAR KARL** Ein umfangsmesta varúðarniðurfærsla MP Banka í fyrra var lán vegna kaupa á West Ham. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Lykiltölur úr ársreikningi MP Banka

Eigið fé MP Banka nam í lok síðasta árs fimm milljörðum króna samanborið við 6,6 milljarða í lok árs 2008.

Skuldir og skuldbindingar nám 57,5 milljörðum króna, sem er 23 prósenta aukning á milli ára.

Eiginfjárhlutfallið nam 14,9 prósentum en var 22,3 prósent ári fyrr. Almennt krefst Fjármálaeftirlitið sextán prósenta eiginfjárhlutfalls sparisjóða en tólf prósenta hjá viðskiptabönkum.

Gunnar vill ekki tjá sig um lánið vegna West Ham en segir lán til eignarhaldsfélaga ekki slæm út af fyrir sig.

Meira máli skipti hvernig tryggingar hafi verið á bak við þau almennt. „Lán til eignarhaldsfélaga eru yfirleitt mjög góð og greitt af þeim,“ segir hann.

jonab@frettabladid.is



**PÁSKAEGG** Súkkulaði í smáum skömmtum getur verið gott fyrir hjartað en varast skal að háma það í sig í stórum stíl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Súkkulaðiunnendur gleðjast:

## Súkkulaði gott fyrir hjartað

**ÞÝSKALAND, AP** Súkkulaði gæti minnkað líkurnar á hjartasjúkdómum, samkvæmt nýrri þýskri rannsókn. Hún leiddi í ljós að þeir sem borða lítinn skammt af súkkulaði á hverjum degi gætu minnkað líkurnar á að fá hjartaáfall eða heilablóðfall um allt að 40 prósent.

Þýsku vísindamennirnir fylgdust með 20 þúsund manns um átta ára skeið. Þeir komust að því að það væru 39 prósenta lægri líkur að þeir fengju hjartaáfall eða heilablóðfall sem borðuðu að jafnaði sex grömm af súkkulaði á dag.

Aðrar rannsóknir hafa gefið svipaðar niðurstöður en engin þeirra hefur náð yfir jafn langan tíma og þessi. Vísindamenn vara hins vegar við óhóflegu súkkulaðiáti. Það geti leitt til þyngdaraukningar sem auki líkurnar á hjartasjúkdómum. - bs

**FORSETAEMBÆTTIÐ**

### Vottaði Medvedev samúð

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sendi Dimitry Medvedev, forseta Rússlands samúðarkveðjur sínar og þjóðarinnar allrar í gær, miðvikudag, vegna hryðjuverkaárásanna í Moskvu á mánudag.






Samkeppniseftirlitið setur bönkunum ítarleg skilyrði við yfirtökur á fyrirtækjum:

# Fá stuttan tíma til að selja

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppnisstofnun hefur sett bönkum ítarleg skilyrði vegna yfirtöku þeirra á fyrirtækjum sem starfa á mikilvægum samkeppnismörkuðum.

Skilyrðin eru sett til að draga úr samkeppnisröskun sem stafað getur af eignarhaldi banka á viðkomandi fyrirtækjum.

Helstu skilyrði eru þau að bönkunum verða settar þröngar tímaskorður til að selja fyrirtækin aftur. Sölufresturinn verður ákveðinn fyrir hvert tilvik, og verður ekki gefinn upp til að skekkja ekki skilyrði til sölu.

Bankarnir eiga enn fremur að tryggja að yfirtekin fyrirtæki starfi sem sjálfstæðir keppinautar á markaði. Til að tryggja það skal meirihluti stjórnarmanna koma utan bankans.

Skilyrðin eru sett með ákvörðunum sem varða yfirtöku bankanna á þremur fyrirtækjum. Í fyrsta lagi yfirtöku Vestia, eignarhaldsfélags Landsbankans, á Teymi. Í öðru lagi ar fjallað um yfirtöku Íslandsbanka á Ingvari Helgasyni og B&L. Í þriðja lagi er fjallað um yfirtöku Arion banka á Högum.



**SELJA** Haga, móðurfélag Bónuss, Hagkaupa, 10-11 og fleiri verslana, nema í takmarkaðan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkeppniseftirlitið telur að framangreindar yfirtökur raski samkeppni og að nauðsynlegt sé því að setja þeim skilyrði sem ætlað er að vinna gegn þeirri röskun. Hafi bankarnir fallist á að hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fram í viðkomandi ákvörðunum. - bj, jhh

# PÁSKAR

## FRÁBÆR TILBOÐ!

Við erum komin í Húsasmiðjuna!



Matrix 24"
„Hi-Ten" stell
18 gírar Shimano TZ-30.
Shimano Ty-18 afturskiptir.
Dempari að framan.
3899972
AUTHOR

**34.595**



Burny Sizzler 300
Gæða gasgrill, 3 ryðfríir brennarar, postulín-glerungshúðað lok, grill og grillgrind
3000273

**69.900**



Omega 200
6.2Kw
Grillflötur 48x36 sm
Tvískiptur brennari
Flame tamer hlíf yfir brennara.
Emeleruð grillgrind
Hitagrind, hliðarborð, neistakveikja, þrýstijafnari.
3000235

**23.590**

ÓDÝRT



Háþrýstidæla, NILFISK
100 bar.
5254240

**15.995**

**15% afsláttur**
Af öllum hjólbörum

**20% afsláttur**
HIPOINT
Hekk- og greinaklippur, 14 gerðir

**20% afsláttur**
Af öllum útivistar-fatnaði



Blómstrandi páskagreinar
3 gr. í búnti
**599**

Páskaliljur í potti
**399**

Páskaliljur afskornar
10 stk.
**990**

Páskakrýsi
**999**

blómaval
*heillandi heimur*

**EFTIRFARANDI VERSLANIR ERU OPNAR Í DAG, SKÍRDAG**

**SKÚTUVOGUR**
**GRAFARHOLT** (TIMBURSALA LOKUÐ)
**REYKJANESBÆR** (TIMBURSALA LOKUÐ)
**BLÓMAVAL AKRANESI**
**AKUREYRI** (TIMBURSALA LOKUÐ)
**BLÓMAVAL DALVÍK**
**EGILSSTAÐIR** (TIMBURSALA LOKUÐ)
**SELFOSS** (TIMBURSALA LOKUÐ)

**Sjá nánar á www.husa.is**

Látum verkin tala!

**Gildir um land allt. Aðeins brot af úrvalinu!**

**HÚSASMIÐJAN**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## GENGIÐ 31.03.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,81 | 128,43 |
| Sterlingspund | 193,58 | 194,52 |
| Evra | 172,03 | 172,99 |
| Dönsk króna | 23,103 | 23,239 |
| Norsk króna | 21,46 | 21,586 |
| Sænsk króna | 17,692 | 17,796 |
| Japanskt jen | 1,368 | 1,376 |
| SDR | 193,89 | 195,05 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 228,1856

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hjálparstarf í Reykjavík:

# Neyðaraðstoð fyrir páskana

**SAMFÉLAGSMÁL** **Hvern miðvikudag útbýta hjálparstofnanir; Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar, matvælum til þeirra Reykvíkinga sem ekki ná endum saman í heimilisbókhaldinu.**

**Í gær voru útbúnir sérstakir matarpakkar í tilefni páskahátíðarinnar sem fram undan er. Hjá Fjölskylduhjálp Íslands hafði fjöldi fólks safnast saman í bið eftir að fá afhentan matarpoka.**



**BEÐIÐ EFTIR AÐSTOÐ** Fjöldi manns beið í gær eftir páskaaðstoðinni fyrir utan starfsstöð Fjölskylduhjálpar Íslands. Útbúnir höfðu verið sérstakir páskapakkar. Þótt veður væti bjart var biðin æði nöpur enda hitastig undir frostmarki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FEÐGIN** Asif Ali Zadari, forseti Pakistans, stillir sér upp fyrir ljósmyndara ásamt Asifa Bhutto Zadari, dóttur sinni, í Lundúnum í ágúst í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sviss opni mál gegn Zardari:

# Forsetinn verði sóttur til saka

**PAKISTAN, AP** Stjórnvöld í Pakistan hafa farið fram á að Sviss opni á ný saksókn á hendur Asif Ali Zardari, forseta landsins, vegna peningaþvættis. Beiðnin er sett fram að kröfu Hæstaréttar í Pakistan.

Bréf þessa efnis var sent stjórnvöldum í Sviss eftir að Hæstiréttur Pakistans felldi úr gildi lagaskjól til handa Zardari.

Svissneskur dómstóll fann Zardari og konu hans, Benazir Bhutto, sem nú er látin, sek um peningaþvætti árið 2003 og dæmdi þau í hálfsárs fangelsi og til greiðslu sektar. Fullnustu dómsins var frestað eftir áfrýjun og svo fallið frá því árið 2008 að beiðni stjórnvalda í Pakistan.

Saksóknari í Genf sá í gær á því tormerki að höfða mál á hendur.

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með starfsheiti Guðrúnar Sigsteinsdóttur í frétt í gær þar sem sagt var frá gjöf hennar til barna í Mosfellsbæ. Þar var Guðrún titluð leikskólaráðgjafi en réttur titill er sérkennsluráðgjafi.

## Veiðistaðir opna víða um land




# Stangveiði hefst í ám og ísilögðum vötnum

**Veiði hefst í mörgum vötnum og ám í dag. Stangveiðimenn verða þó að bíða þess að ísa leysi. Mikil ásókn hefur verið í veiði í apríl undanfarin ár.**

**NÁTTÚRA** Stangveiðimenn geta tekið gleði sína á ný í dag þegar veiðitímabilið hefst í fjölmörgum vötnum og ám víða um landið. Kuldakastið undanfarna daga mun þó væntanlega hindra flesta í að kasta flugu í vatn enn um sinn.

„Það hefur verið mikil ásókn í að komast í veiði svona snemma árs,“ segir Haraldur Eiríksson, markaðsstjóri Stangveiðifélags Reykjavíkur.

Hann segir veðurútlitið þó ekki gefa tilefni til mikillar bjartsýni fyrir opnunardaginn, Elliðavatn sé til dæmis ísilagt og sama megi segja um marga af þeim stöðum sem opni í dag.

Veðurspáin er ekki uppörvandi, en þeir hörðustu munu þó eflaust reyna að bleyta aðeins í færinu, ef ekki til annars en að halda í hefðina. Mögulega hlýnar eitthvað á sunnudag sem gæti glætt veiði heldur, en ekki er þó á vísan að róa með það.

brjann@frettabladid.is

Sakaferill hafði áhrif:

# Níu mánuðir fyrir þjófnað

**DÓMSMÁL** **Hæstiréttur hefur dæmt karlmann í níu mánaða fangelsi fyrir að brjótast inn á skemmtistað og stela sjö flöskum af sterku áfengi og svartri leðurtösku með 120 geisladiskum. Einnig fyrir að hafa í heimildarleysi tekið bifreið og ekið henni, undir áhrifum áfengis, sviptur ökurétti og án þess að hafa öðlast ökuréttindi, uns lögregla stöðvaði aksturinn.**

**Maðurinn átti talsverðan sakaferil að baki og hafði dómur frá 2006 ítrekunaráhrif á brot hans. Að virtum sakaferli hans voru engin efni til að skilorðsbinda refsinguna, eins og héraðsdómur hafði gert.** - jss

ESB kannar bankastuðning:

# Írar leggja stórfé í banka sína

**BRUSSEL, AP** Hafin er hjá Evrópusambandinu (ESB) könnun á stuðningi írska ríkisins við fasteignalánabankann Anglo Irish Bank.



**JOAQUIN ALMUNIA**

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt blessun sína yfir neyðarfjármögnun írska ríkisins upp á 10,44 milljarða evra (1.800 milljarða króna) til Anglo Irish Bank og 2,7 milljarða evra (466 milljarða króna) til Irish Nationwide Building Society.

Í yfirlýsingu írsku ríkisstjórnarinnar á þriðjudag er stjórnin sögð munu leggja fram nærri 22 milljarða evra (nærri 3.800 milljarða króna) til að hjálpa bönkum að mæta lausafjárkröfum. - óká


PIPAR\TBWA • SÍA • 92603



-5kr.

VIÐ FYRSTU NOTKUN ÓB-LYKILSINS
SÍÐAN ALLTAF -2 kr. OG VILDARPUNKTAR

ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**NORÐANÁTT** Í dag og næstu daga verða áfram norðlægar áttir ríkjandi. Frá laugardegi fer hitinn að stíga hægt upp á við en ekki má búast við neinum hlýindum að ráði á næstunni. Um páskana verður yfirleitt bjart S- og V-til en þungbúnara og él annars staðar.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 9° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 21° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 2° |
| París | 8° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is


LEIKHÚS FRÁ LITHÁEN
RÓMEÓ OG JÚLÍA
BORGARLEIKHÚSIÐ
14. OG 15. MAÍ
VELKOMIN TIL MALÍ
AMADOU & MARIAM
LAUGARDALSHÖLL 12. MAÍ
LEIF OVE ANDSNES
CHRISTIAN TETZLAFF OG
TANJA TETZLAFF
HÁSKÓLABÍÓ 13. MAÍ
Miðasala er hafin
BEDROOM COMMUNITY - THE WHALE WATCHING TOUR
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ 16. MAÍ
HARMONIKKU-ÆRINGINN
KIMMO
NASA 21. MAÍ
ORQUESTA CHEKARA FLAMENCA
ÍSLENSKA ÓPERAN 30. MAÍ
MEGAS
AÐFÖR AÐ LÖGUM
HÁSKÓLABÍÓ 24. MAÍ
BENNI HEMM HEMM,
ALASDAIR ROBERTS
OG BLÁSARASVEIT
REYKJAVÍKUR
ÍSLENSKA ÓPERAN 3. JÚNÍ
TVÖFÖLD JAZZVEISLA
MARILYN MAZUR OG
SIDSEL ENDRESEN
ÍSLENSKA ÓPERAN
14. MAÍ
ÓPERU-VEISLA KRISTINS SIGMUNDSSONAR
HÁSKÓLABÍÓ 5. JÚNÍ
HÚSLESTRAR OG VINNUSTOFU-TÓNLEIKAR
DANSVERKIÐ BRÆÐUR
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
27. OG 28. MAÍ
Á MÖRKUNUM?
ÁSGERÐUR OG JÓNAS SEN
ÍSLENSKA ÓPERAN
26. MAÍ
Af ástum manns og hrærivélar
AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ 20. MAÍ
CARMINA
KRISTSKIRKJA 15. OG 16. MAÍ
SINFÓNÍU-HLJÓMSVEIT VAASABORGAR OG CAPUT
ÍSLENSKA ÓPERAN 19. MAÍ
SJÁ HEILDARDAGSKRÁ
www.listahatid.is
FRÉTTABLAÐIÐ
Iceland Express
CENTER HOTELS
PÓSTURINN
SAMSKIP
Miðasala:
www.listahatid.is, www.midi.is,
og í síma 552 8588
Listahátíð í Reykjavík 2010
12. MAÍ – 5. JÚNÍ
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL
FABRIKAN

## KJÖRKASSINN



*Skuldar þín fjölskylda bílalán eða íbúðarlán í erlendri mynt?*

JÁ 45,3%

NEI 54,7%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Talar þú í farsíma undir stýri án þess að nota handfrjálsan búnað?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Meirihluta kvótans ráðstafað til skipa sem hafa aflað sér veiðireynslu:

# Ný skip fá hlutdeild í makríl

**SJÁVARÚTVEGUR** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, gaf út reglugerð í gær um fyrirkomulag makrílveiða. Rauði þráðurinn er krafan um að hámarks verðmæti náist úr þeim 130 þúsund tonnum sem leyfilegt er að veiða. Til þess verður ný reglugerð gefin út síðar sem mun kveða á um vinnsluskyldu á tilteknu hlutfalli makrílaflans.

Úthlutun aflans verður með þeim hætti að 112 þúsund tonnum verður úthlutað til þeirra útgerða sem hafa aflað sér veiðireynslu á undanförnum árum. Önnur skip, og er þar farið eftir skipastærð, geta sótt um leyfi til veiðanna og verða til úthlutunar fimmtán þúsund tonn til þeirra. Auk þess verður þrjú þúsund tonnum ráðstafað til skipa sem fyrirhuga veiðar á línu og handfæri, í net eða gildrur, samkvæmt leyfi Fiskistofu.

Tekið er fram í reglugerðinni að framsal aflaheimildanna er óheimilt og ekki er verið að úthluta varanlegum heimildum til fleiri ára. Eins að reglugerðin gefi ekki mynd af framtíðarfyrirkomulagi veiðanna enda sé ekki fyrir hendi samkomulag við önnur strandríki um fyrirkomulag veiðanna.

Í reglugerðinni er tekið fram að eðlilegt sé að veita fleirum aðgang að veiðunum en hafi stundað þær síðastliðin ár. Hins vegar verði mögulegt að endurúthluta vannýttum heimildum svo unnt verði að veiða það heildarmagn sem heimilað er. **- shá**

### Ráðstöfun 130.000 tonna makrílkvóta

- 112 þúsund lestum verður ráðstafað til skipa sem stunduðu makrílveiðar í flottroll eða nót á árunum 2007, 2008 og 2009 og skal skipt hlutfallslega miðað við heildarafla skipanna á árinu 2007, 2008 og til og með 11. júlí 2009.
- Þrjú þúsund lestum skal ráðstafað til skipa sem fyrirhuga veiðar á línu eða handfæri, í net eða gildrur samkvæmt leyfi Fiskistofu.
- Fimmtán þúsund lestum skal ráðstafað til skipa, sem hvorki falla undir flokk 1 eða 2 en sótt hafa um leyfi til makrílveiða eigi síðar en 30. apríl. Ráðstöfun aflamagns samkvæmt þessum lið verður tengd skipastærð. Magn í lestum mun ráðast af fjölda umsókna, en ekkert skip fær þó meira en þúsund lestir.

Viðræður fóru út um þúfur:

# Enn ósamið við unglækna í gær

**KJARAMÁL** Viðræður unglækna og forsvarsmanna Landspítalans runnu út í sandinn í gærkvöldi og ekkert benti til annars en að ríflega sextíu læknar myndu leggja niður störf á miðnætti.

Læknarnir eru óánægðir með nýtt vaktakerfi sem taka átti gildi í dag og telja að með því sé þeim gert að vinna mun fleiri stundir í mánuði en áður.

Framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum fullyrti í fjölmiðlum í gær að búið væri að tryggja öryggi sjúklinga ef til verkfalls kæmi.

Reynt var að koma til móts við læknana á samningafundi í gærkvöldi með því að leggja til stofnun nefndar sem myndi skoða breytingarnar eftir að þær væru komin á. Á það var ekki fallist. **-sh**

## Ný gossprunga á Fimmvörðuhálsi




Á kortinu má sjá hvar ný sprunga hefur opnast norðvestan við eldri sprungu.



**NÝ GOSSPRUNGA** Krafturinn í nýju gossprungunni var svipaður og í gígnum sem fyrir var, sem bendir til þess að kvikan sem þar brýst upp sé úr sömu kvikuæð, segir jarðfræðingur. Nýju sprunguna má sjá hægra megin við fjallið sem myndast hefur í gosinu á Fimmvörðuhálsi undanfarna tíu daga. MYND/GÍSLI GÍSLASON

# Ferðamenn mega ekki lengur fara að gosinu

**Fólk sem var nærri gossprungunni sem opnaðist á Fimmvörðuhálsi í gærkvöldi var í stórhættu segir deildarstjóri almannavarna. Byggð stafar ekki hætta af nýju sprungunni. Margir hafa farið óvarlega nærri gosinu segir jarðfræðingur.**

**ELDGOS** Veginum í Þórsmörk var lokað í gærkvöldi eftir að ný gossprunga opnaðist á gossvæðinu á Fimmvörðuhálsi í gær. Metið verður í dag hvort fólki verður hleypt að gosinu aftur.

Sjónarvottur lýsti því hvernig fólk hefði verið í aðeins 30 til 40 metra fjarlægð frá sprungunni þegar hún opnaðist.

„Fólk sem var svona nálægt var í stórhættu," segir Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. „Þetta er góð áminning fyrir alla, að halda sig í meiri fjarlægð frá eldstöðinni."

Víðir segir að byggð nærri Mýrdalsjökli sé ekki talin í hættu vegna nýju gossprungunnar. Hún sé ekki undir jökli og því gildi svipað um hana og fyrri sprunguna, hún valdi ekki flóðum.

Breytingar á eldgosinu á Fimmvörðuhálsi gætu sett í uppnám áform mikils fjölda fólks sem ætlaði að freista þess að berja gosið augum um páskahelgina.

Víðir segir að staðan verði metin snemma í dag. Komi í ljós að nýja sprungan hafi lítið breyst yfir nóttina séu góðar líkur á því að fólki verði hleypt að gosinu á ný.

Hann hvetur fólk sem hyggst skoða gosið til að leggja ekki af stað fyrr en ljóst sé að opið verði fyrir umferð að gosstöðinni.

Nýi gígurinn virðist fullt eins kröftugur og fyrri gígurinn, sem bendir eindregið til þess að kvikan sem þar brýst upp á yfirborðið sé úr sömu kvikuæð, segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.



**STJÓRNSTÖÐ** Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarna ríkislögreglustjóra, stýrði aðgerðum frá Stjórnstöð almannavarna í Skógarhlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann segir allt benda til þess að kvikuæðin hafi klofnað á litlu dýpi, enda hafi skjálftamælar Veðurstofu Íslands ekki sýnt neina breytingu þegar sprungan opnaðist.

„Það er engin ástæða til að ætla að gosið haldi áfram að fara í vestur, en það eru engin merki um að þetta sé að minnka," segir Magnús Tumi.

Hann brýnir fyrir fólki að fara varlega, opni lögreglan veginn í Þórsmörk aftur. „Það er alltaf hættulegt að vera við gosstöðvar, fólk þarf að hafa allan vara á sér," segir Magnús Tumi.

„Margir hafa farið allt of óvarlega þarna, þetta er eins og að keyra öfugum megin yfir blindhæð í myrkri, oftast sleppur þú en ekki alltaf."

Hraungos líkt og gosið á Fimmvörðuhálsi eru þó yfirleitt stöðugri, og því hættuminni en önnur gos. Magnús Tumi segir að þeir sem slasist vegna slíks goss eigi yfirleitt mesta sök á því sjálfir.

**brjann@frettabladid.is**






# Opið um páskana



| | | |
|---|---|---|
| **Skírdagur** | **OPIÐ til kl. 24:00**<br>Skeifunni og Garðabæ | **OPIÐ til kl. 20:00**<br>Holtagarðar, Smáralind, Spöng, Akureyri, Eiðistorg og Kringlan |
| **Föstudagurinn langi** | **LOKAÐ, opnar á miðnætti í**<br>Skeifunni og Garðabæ | |
| **Laugardagur** | **OPIÐ til kl. 24:00**<br>Skeifunni og Garðabæ | **OPIÐ til kl. 20:00**<br>Holtagarðar, Smáralind, Spöng, Akureyri, Eiðistorg og Kringlan |
| **Páskadagur** | **LOKAÐ, opnar á miðnætti í**<br>Skeifunni og Garðabæ | |
| **Annar í Páskum** | **OPIÐ allan sólarhringinn**<br>Skeifunni og Garðabæ | **OPIÐ til kl. 20:00**<br>Holtagarðar, Smáralind, Spöng, Akureyri og Eiðistorg.<br>LOKAÐ í Kringlunni |




**Smjörsprautað kalkúnaskip**
tilbúið beint í ofninn!




**Grandhall Classic 219**
á tilboðsverði!




**Hágæða reiðhjól 2010**
tilvalin fermingargjöf!

50 ára HAGKAUP
*fyrir Íslendinga í 50 ár*

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hver hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs?*
2. *Fyrir hvað er Billy Branch þekktastur?*
3. *Hvað hefur tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit verið haldin oft?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Námaverkamenn lokuðust inni vegna þess að öryggiskröfum var ekki sinnt:

# Ekki vitað um afdrif 153 námaverkamanna

**KÍNA, AP** Yfirmenn Wangjialing-kolanámunnar í Shanxi-héraði í Kína flýttu sér um of þegar starfsemi hófst í námunni og sinntu ekki öryggismálum nægilega vel.

Því fór sem fór að vatn flæddi niður í námuna um síðustu helgi með þeim afleiðingum að 153 námuverkamenn eru enn innikróaðir og ef til vill ekki á lífi lengur.

Ekkert hefur heyrst frá mönnunum, en um þúsund björgunarmenn vinna á vöktum við að ná nægilega miklu vatni úr námunni til þess að hægt verði að komast að þeim.

Ættingjar og ástvinir mannanna hafa streymt að víðs vegar frá Kína og krefjast þess að björgunaraðgerðum verði hraðað.

Flóðið varð þegar námumenn rufu leið inn í gömul námugöng sem voru full af vatni, að því er fram kemur á vefsíðu vinnueftirlitsins í Kína.

„Vatnsleka hafði oft orðið vart í neðanjarðargöngunum,“ segir í tilkynningu á vefsíðunni, „en framkvæmdastjórar námunnar fylgdu ekki öryggisleiðbeiningum þegar tilkynnt var um leka.“

Námuslysið gæti reynst það mannskæðasta í Kína síðan 2007 þegar 174 námuverkamenn létu lífið þegar vatn flæddi inn í kolanámu í Shandong-héraði. **- gb**



**NÁMUVERKAMENN** Á leið frá námunni í Shanxi-héraði þar sem björgunarfólk reynir að komast að innikróuðum félögum þeirra. NORDICPHOTOS/AFP



**GUNNAR BIRGISSON** Listi sjálfstæðismanna í Kópavogi er klár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Listi sjálfstæðismanna klár:

# Gunnar tekur þriðja sætið

**KÓPAVOGUR Gunnar Birgisson, fyrrverandi bæjarstjóri í Kópavogi, tekur þriðja sæti á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.**

**Tuttugu og tveggja manna framboðslisti Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi var samþykktur á fulltrúafundi flokksins í fyrradag.**

Fjórir dæmdir í kannabismáli í Djúpavogshreppi:

# Tómatar urðu kannabis

**DÓMSMÁL** Fjórir karlmenn hafa verið dæmdir í fangelsi fyrir kannabisræktun og undirbúning vatnsræktunar sem gæti numið allt að 600 kannabisplöntum á bænum Karlsstöðum í Djúpavogshreppi. Þar fundust sextán plöntur.



**KANNABISRÆKTUN** Sett hafði verið upp svokölluð vatnsræktun á bænum.

Sá fjórmenninganna sem tók jörðina á leigu og hafði forgöngu um og fjármagnaði umfangsmiklar framkvæmdir við hina stóru kannabisverksmiðju var dæmdur í sex mánaða fangelsi. Einn hinna þriggja, sem sáu meðal annars um smíðar og fleiri framkvæmdir, var dæmdur í fimm mánaða fangelsi en hinir tveir í fjögurra mánaða fangelsi. Allir dómarnir voru óskilorðsbundnir. Mennirnir gáfu mismunandi skýringar á athöfnum sínum á Karlsstöðum. Höfuðpaurinn kvaðst í fyrstu hafa ætlað að rækta tómata, en breytti því síðan í kannabisplöntur. Síðar kvaðst hann hafa verið hættur við kannabisræktunina vegna samviskubits. Loks sagðist hann fyrir dómi hafa ætlað að fara í ferðaþjónustu á jörðinni.

Dómurinn áleit það sannað, ekki síst þar sem settar höfðu verið upp tvær öflugar dísilrafstöðvar á bænum til að leyna mikilli orkunotkun, að mennirnir hefðu ætlað út í stórfellda ræktun. **- jss**



**BLÓMAHAF Í LESTARGÖNGUM** Fjölmargir Rússar hafa minnst hinna látnu með því að leggja blóm á staðina þar sem árásirnar voru framdar. NORDICPHOTOS/AFP




# Fleiri sprengingum hótað

**Tsjetsjenskir hryðjuverkamenn segjast bera ábyrgð á árásunum á lestarstöðvar í Moskvu á mánudag. Tvær árásir í viðbót kostuðu tólf manns lífið í gær.**

**RÚSSLAND, AP** Tsjetsjenskir íslamistar segjast bera ábyrgð á tveimur sprengjuárásum í Moskvu á mánudag. Rússnesk stjórnvöld höfðu þá grunaða frá byrjun.

Í gær voru gerðar tvær árásir í viðbót, að þessu sinni í suðurhluta Rússlands. Eins og á mánudaginn voru þar konur að verki, ekkjur manna sem höfðu fallið fyrir hendi rússneskra hermanna í Tsjetsjeníu í norðanverðum Kákasushéruðunum.

Doku Umarov, leiðtogi herskárra múslima í Tsjetsjeníu og nærliggjandi héruðum Rússlands, sendi frá sér myndband í gær þar sem hann sagði sprengjuárásirnar í Moskvu vera hefndaraðgerð fyrir dráp rússneskra hermanna á óbreyttum borgurum í Tsjetsjeníu.

Hann hótaði frekari sprengjuárásum í Rússlandi á næstunni.

Árásirnar í gær, sem urðu í Dagestanhéraði, kostuðu tólf manns lífið, en níu þeirra voru lögreglumenn. Meira en tuttugu manns að auki voru særðir.

Árásirnar á tveimur neðanjarðarlestarstöðvum í Moskvu á mánudag höfðu kostað nærri fjörutíu manns lífið.

Þetta voru fyrstu hryðjuverkin í Moskvu í sex ár og vöktu ugg í brjósti Rússa, sem höfðu átt því að venjast að árásir af þessu tagi væru einkum í suðurhluta landsins.

Lögreglan í Moskvu hefur haft mikinn viðbúnað síðan á mánudag. Settir hafa verið upp vegatálmar á þjóðvegum til borgarinnar og þúsundir lögreglumanna hafa verið á vakt á neðanjarðarlestarstöðum borgarinnar.



**DMITRÍ MEDVEDEV** Forseti Rússlands segir að hryðjuverkamenn fái ekki að komast upp með að breiða út ótta og skelfingu í Rússlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Meira en níu hundruð manns létust í átökum í norðanverðum Kákasushéruðum á síðasta ári. Dauðsföllum hefur fjölgað, því árið 2008 kostuðu átökin tæplega 600 manns lífið.

Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti segir að hryðjuverkamenn hafi breiðst út um rússnesku Kákasushéruðin eins og krabbamein. Bæði hann og Vladimír Pútín forsætisráðherra hafa heitið því að berjast gegn hryðjuverkamönnum af alefli.

gudsteinn@frettabladid.is

nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*



30% afsláttur

## NETTÓ LAMBALÆRI
FERSKT

**1.259 kr/kg**
áður 1.798 kr/kg

# *Opið í Nettó í dag - Gleðilega páska*

### KALKÚNN
1. fl.
FROSINN



**998 kr/kg**

### HUMAR
SKELBROT
1 kg POKI



50% afsláttur

**999 kr/pk**
áður 1.998 kr/pk

### LAMBA RIB-EYE
FERSKT



25% afsláttur

**2.999 kr/kg**
áður 3.998 kr/kg

*Ódýrt ...fyrir heimilið!*

### GRÍSARIF
BBQ



35% afsláttur

**999 kr/kg**
áður 1.537 kr/kg

GOÐI

### LAMBAKÓTELETTUR
GRILL




30% afsláttur

**1.989 kr/kg**
áður 2.832 kr/kg

KJÖTSEL

### GRILLBORGARAR
10 stk. x 90 gr, FROSNIR



30% afsláttur

**1.119 kr/pk**
áður 1.598 kr/pk

KJÖTSEL

### MJÚKÍS
1 ltr. SÚKKULAÐI




26% afsláttur

**399 kr/stk**
áður 539 kr/stk

### PEPSI
PEPSI MAX
2 ltr.

6 á verði 4




### JARÐARBER
500 gr



50% afsláttur

**399 kr/pk**
áður 798 kr/pk

Tilboðin gilda 1. - 4. apríl eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

markhonnun.is




**GANGANDI PULSUVAGN** Þessi pulsusali í Berlín þarf yfirleitt að hvíla sig á tveggja tíma fresti, því „pulsuvagninn“ sem hann ber vegur meira en 20 kíló. NORDICPHOTOS/AFP

Vöruskiptajöfnuður hagstæður um 20 milljarða fyrstu tvo mánuði ársins:

# Munar um aukinn útflutning á áli

**EFNAHAGSMÁL** Viðskiptajöfnuður var hagstæður um 20,6 milljarða króna fyrstu tvo mánuði ársins, 10,2 milljörðum hagstæðari en sömu mánuði síðasta ár.

Mikill samdráttur varð í innflutningi en heildarverðmæti útfluttrar vöru stóð nánast í stað.

Vörur voru fluttar inn fyrir 62,5 milljarða, sem er 10,1 milljarði króna minna en í sömu mánuðum í fyrra.

Hlutfallslega er samdrátturinn 13,9 prósent. Samdrátturinn nær til nánast allra tegunda innflutnings en var hlutfallslega mestur í innflutningi flutningatækja og eldsneytis.

Íslendingar fluttu út vörur í janúar og febrúar fyrir 83,2 milljarða. Á föstu gengi jókst útflutningsverðmæti um 0,1 prósent milli ára. Verðmæti útfluttra sjávarafurða dróst saman um 6,6 prósent en sjávarafurðir voru 35,4 prósent af verðmæti alls útflutnings þessara tveggja mánaða. Útflutningur iðnaðarvöru var 60 prósent útflutningsins og þriðjungi verðmætari en í janúar og febrúar 2009. Þar munar mestu um aukinn útflutning á áli, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. - pg




**ÚTFLUTNINGUR** Aukinn útflutningur á áli vegur upp minni útflutning sjávarafurða fyrstu tvo mánuði þessa árs.

Þrír látnir og sex særðir:

# Skaut á hóp út um bílrúðu

**WASHINGTON, AP Þrír eru látnir og sex særðir, þar af einn lífshættulega, eftir að byssumaður skaut á hóp af ungu fólki út um bílrúðu í suðausturhluta Washingtonborgar á þriðjudagskvöld.**

**Lögregla veitti bíl byssumannsins eftirför um borgina og náði fljótlega að stöðva hann. Þrír menn voru í bílnum og voru þeir allir handteknir auk þess sem lögreglan lagði hald á skotvopn.**

**Fjórir lögreglumenn slösuðust við eftirförina. -pg**

Samkomulag tefst um tvö ár:

# Varla samið fyrir lok árs 2011

**HOLLAND, AP** Ólíklegt er að lokið verði við samkomulag sem bindur þjóðir heims til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda fyrr en í árslok 2011. Þetta hefur fréttastofa AP eftir háttsettum embættismanni Sameinuðu þjóðanna (SÞ) á sviði loftlagsmála.


YVO DE BOER

Gangi þetta eftir verður orðin tveggja ára töf á fyrirhuguðu samkomulagi þjóðanna.

Haft er eftir Yvo de Boer, framkvæmdastjóra loftlagsskrifstofu SÞ, að byggja þurfi upp á ný traust á viðræðum þjóða á meðal, eftir vonbrigðin með niðurstöðuna á umhverfisþinginu sem haldið var í Kaupmannahöfn í desember. Niðurstaðan þar var óljóst orðað samkomulag um meginstefnu og loforð um fjármagn til fátækra þjóða sem kunna að fara illa út úr loftlagsbreytingum. - óká

Héldu að vorið væri komið:

# Háir skaflar og rafmagnslaust

**LONDON, AP Bretar héldu að vorið væri komið eftir einn kaldasta vetur í manna minnum þegar óveður skall á í gærmorgun. Það olli víðtæku rafmagnsleysi og setti allar samgöngur úr skorðum í Skotlandi og á Norður-Írlandi.**

**Allt að 50 sentimetra snjóskaflar hlóðust upp vegna skafrennings. Alls 50.000 heimili á Norður-Írlandi og um 20.000 í Skotlandi urðu rafmagnslaus. Víða var ekki hægt að vinna að viðgerðum vegna veðursins. -pg**

# Ummæli saksóknara ómakleg

**Ummæli þriggja saksóknara um skort á háttvísi sumra verjenda í dómsal eru gegnumsneitt ómakleg. Þetta segja þeir Sveinn Andri Sveinsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmenn.**

**DÓMSMÁL** Ummæli þriggja saksóknara í Fréttablaðinu um síðustu helgi þess efnis að suma verjendur skorti háttvísi í dómsal eru gegnumsneitt ómakleg.

Þetta segja þeir Sveinn Andri Sveinsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmenn.

„Það eru auðvitað svartir sauðir í þessari stétt eins og öðrum. En almennt séð eru mjög góð og kurteisleg samskipti milli verjenda og saksóknara,“ segir Sveinn Andri, sem minnir á að einungis tvisvar hafi dómari beitt verjanda réttarfarssektum í dómsal.

Hvorugur segist taka þessi ummæli til sín, enda eigi þeir báðir gott samstarf við ákæruvaldið.

„Auðvitað kann það að vera að verjendur og sækjendur greini á um hvort ákveðnar spurningar til sakborninga eða vitna eigi við eða ekki,“ segir Vilhjálmur. „En ég tel að verjendur séu almennt ekki að beina spurningum til vitna nema þeir telji að þær séu nauðsynlegar fyrir málsvörn skjólstæðinga sinna. Menn eru ekki að því til þess að skaprauna saksóknurum. Það sama á við kærur til Hæstaréttar. Verjendur kæra úrskurði til Hæstaréttar af því að þess er þörf eða að kröfu skjólstæðings þeirra. Það er ekki gert í því skyni að skaprauna saksóknurum eða til þess að valda vinnuálagi hjá dómstólum.“



**HÆSTARÉTTARLÖGMENN** Hæstaréttarlögmennirnir Sveinn Andri Sveinsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson eru andvígir forvirkum rannsóknarheimildum lögreglu. Öryggi fólks og borgaraleg réttindi hljóti alltaf að vera í fyrirrúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sveinn Andri segir ekki mega gleyma því að erlendum brotamönnum, einkum frá Austur-Evrópu, fari fjölgandi hér. Í heimalandinu ríki annar „kúltúr“ en hér, sem byggi á tortryggni gegn yfirvöldum. Í þá sé innprentað að sýna ekkert samstarf og nota allar kæruleiðir sem færar séu. Verjandi þurfi að framkvæma þær óskir. Endurteknar kærur gæsluvarðhaldsúrskurða telji þeir bera vott um að þeir séu saklausir.

Lögmennirnir eru sammála um að dómarar haldi góðum aga í dómsal. Sveinn Andri nefnir nýlegt dæmi þar sem hópur Pólverja var ákærður og tvö vitni vildu ekki tjá sig. Í því tilviki hefði dómari sektað hvort vitni um 300 þúsund krónur. Þá séu dómarar harðir á að láta handtaka vitni sem ekki mæti.

„Hins vegar finnst mér ákæruvaldið í sumum tilvikum tefja meðferð máls með því að leiða fram vitni sem engu máli skipta,“ segir Vilhjálmur.

Vilhjálmur og Sveinn Andri segjast vera andvígir forvirkum rannsóknarheimildum lögreglu. Lögregla og ákæruvald dragi yfirleitt í lengstu lög að afhenda sakborningum og verjendum gögn máls, sem geri alla vinnu hinna síðarnefndu torveldari. Lögregla beiti núverandi heimildum gagnvart hverjum sem er í dag og misfari með þær eins og dæmin sanna. Það valdi tortryggni lögmanna gagnvart auknum heimildum. Borgaraleg réttindi og öryggi fólks hljóti alltaf að vera í fyrirrúmi.

Spurðir hvort forvirkar rannsóknarheimildir sem tæki til að handsama höfuðpaura í brotamálum breyti engu um afstöðu þeirra segir Sveinn Andri að víðtækari notkun heimildar í lögum til að semja við brotamenn um vitnavernd og verulegar niðurfellingar refsingar myndu reynast betur í þeim efnum. Vilhjálmur kveðst óttast að lögregla færi að beita auknum heimildum sem meginreglu og misnota þær með þeim hætti.

jss@frettabladid.is

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA







Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

20 mismunandi bækur sem dæma þarf af kápunni.

50 ilmandi matseðlar.

Oddi

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Tvær leiðir til að lágmarka sveiflur í ávöxtun

**Veltusafn og Ríkissafn bjóða upp á hagkvæma leið inn á ríkisskuldabréfamarkað. Þessir sparnaðarkostir geta hentað þeim sem vilja ávaxta sparnað með litlum tilkostnaði og stöðugri ávöxtun. Eignin er laus með eins dags fyrirvara.**

### Veltusafnið
### – virk stýring innlána og stuttra verðbréfa

Veltusafnið er nýjung frá Íslandssjóðum sem hefur fengið frábærar viðtökur. Sjóðurinn var stofnaður í september 2009 og er þegar kominn í 7 milljarða. Veltusafnið fjárfestir í innlánum fjármálafyrirtækja og skammtímaverðbréfum með ábyrgð ríkissjóðs.

### Jöfn og stöðug ávöxtun

Markmið sjóðsins er að halda gengissveiflum í lágmarki og skila jafnri og stöðugri ávöxtun til skemmri tíma. Sjóðurinn nýtir tækifæri á markaði með virkri stýringu innlána, víxla og skuldabréfa.

### Ávöxtun á sparnaði til skamms tíma

Veltusafnið hentar vel þeim sem vilja ávaxta sparnað til skamms tíma en ráðlagður fjárfestingartími er 1 mánuður eða lengur. Sjóðurinn er laus til innlausnar með eins dags fyrirvara og hentar bæði einstaklingum og fagfjárfestum.

### Ríkissafnið
### – ríkisskuldabréf og innlán fjármálastofnana

Ríkissafn Íslandssjóða fjárfestir eingöngu í verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og innlánum fjármálastofnana.

### Ódýr leið inn á skuldabréfamarkað

Markmið sjóðsins er að takmarka gengissveiflur með stuttum meðallíftíma eigna og bjóða upp á ódýra leið inn á skuldabréfamarkað. Sjá nánar í gjaldskrá á www.islandsbanki.is.

### Stöðug ávöxtun miðað við fjárfestingartíma

Ríkissafnið hentar öllum fjárfestum sem vilja ávaxta fé í 1–3 ár eða lengur. Stuttur meðallíftími bréfa sjóðsins og innlán minnka sveiflur og skila stöðugri ávöxtun miðað við fjárfestingartíma. Sjóðurinn er laus til innlausnar með eins dags fyrirvara.

**Hafðu samband í síma 440 4920 til að fá nánari upplýsingar eða til að mæla þér mót við ráðgjafa.**

Veltusafn og Ríkissafn eru sjóðir Íslandssjóða hf.

*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað og lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Veltusafn og Ríkissafn eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðanna. Útboðslýsingar og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikmörk.

### Þróun Veltusafns og Ríkissafns




Gengin eru sköluð m.v. 100 þann 3. september 2009.

### Veltusafn – eignasamsetning

**Ráðlagður fjárfestingartími 1 mán +**




Sjóðurinn var stofnaður í september 2009. Eignasamsetning m.v. 1. mars 2010

### Ríkissafn – eignasamsetning

**Ráðlagður fjárfestingartími 1 ár +**




**12,5% ávöxtun**
á ársgrundvelli frá stofnun sjóðsins 5. desember 2008.
Eignasamsetning og ávöxtun m.v. 1. mars 2010 – sjá islandssjodir.is

Upplýsingar eru fengnar af islandssjodir.is.

Eignastýring Íslandsbanka
Sími 440 4920
Kirkjusandi 2–4, 105 Reykjavík
eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fjarfestingar

Íslandsbanki

Obama heimilar olíuboranir út af ströndum Bandaríkjanna:

# Rýfur tveggja áratuga bann

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur leyft olíuboranir um 80 kílómetra út af ströndum Virginíu, þvert gegn tveggja áratuga gömlu banni við olíuborun út af ströndum Bandaríkjanna. Hann hafnar þó beiðnum um nýjar boranir á nokkrum stöðum í Alaska.

Með því að leyfa boranir skammt út af ströndum Bandaríkjanna hunsar hann ráðleggingar umhverfisverndarsinna, sem hafa barist hart fyrir því að bannið verði látið gilda áfram.


BARACK OBAMA

„Þetta er ekki ákvörðun sem hefur verið mér auðveld,“ sagði Obama í gær þegar hann kynnti málið, og reyndi að svara strax háværum andmælum sem hann bjóst við að fá frá umhverfisverndarsinnum.

Hann sagðist hafa skoðað málið vandlega í meira en ár og komist að þessari niðurstöðu með hliðsjón af gríðarlegri orkuþörf landsmanna, nauðsyn þess að skapa ný störf og styrkja samkeppnishæfi bandarískra fyrirtækja.

„Að átta sig ekki á þessum veruleika hefðu verið mistök,“ sagði hann.

Hann fór heldur ekki dult með að með þessari ákvörðun væri hann að tryggja sér stuðning repúblikana við viðamikið loftslagsfrumvarp sem bíður afgreiðslu þingsins. **- gb**

Frumvarp um rammaáætlun hefur verið í þingflokki VG síðan í desember:

# Rammaáætlun þarf afbrigði

**UMHVERFISMÁL** Beita þarf afbrigðum eigi að taka frumvarp um rammaáætlun um verndun og nýtingu á dagskrá Alþingis á yfirstandandi þingi. Í gær var útbýtingardagur, en þá þarf að leggja fram þau frumvörp sem lögð verða fyrir þingið.

Frumvarpið hefur verið í þingflokki Vinstri grænna frá því í desember og hefur verið nokkuð umdeilt. Heimildir Fréttablaðsins herma að umþóttunartíminn hafi farið fyrir brjóstið á Samfylkingarfólki, sem vilji ljúka málinu. Nokkuð hafi kastast í kekki á milli stjórnarflokkanna, en á síðustu dögum hafi samvinnan orðið mun meiri. Samstaða sé að nást um meginlínur og vinnan gangi vel.

Mikillar tortryggni hefur gætt í hópi náttúruverndarsinna gagnvart hugmyndunum. Það er ekki síst sú staðreynd að meta eigi náttúruperlur eins og Geysi og Gullfoss. Þeir treysta því illa að það sé einungis gert til að fá viðmið fyrir önnur svæði, líkt og fullyrt er. Raunar má segja að sú tortryggni sem ríkt hefur undanfarin ár í þessum málaflokki endurspeglist í vinnunni.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segist bjartsýn á að vinnunni ljúki á næstunni. Kynningarferli á áætluninni á að ljúka 19. apríl, en sá frestur verður líklega framlengdur um tvær vikur. Stefnt er að því að frumvarpið hljóti afgreiðslu fyrir þann tíma. **- kóp**


**FYRSTI ÁFANGI KYNNTUR** Fyrsti áfangi rammaáætlunar var kynntur árið 2007. Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri á Dalvík, stýrir vinnuhópi um áætlunina. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




# Styrkir úr Pokasjóði

**Stjórn Pokasjóðs hefur ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2010.**

**Frestur til að sækja um styrk úr Pokasjóði rennur út 15. apríl nk.**

**Umsóknir skulu fylltar út á www.pokasjodur.is en þar eru allar upplýsingar um sjóðinn, fyrirkomulag og styrki.**

Í ár hefur verið ákveðið að einskorða styrki við tvö málefni, þ.e. mannúðarmál og umhverfismál.

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki úr sjóðnum.

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 15. APRÍL

POKASJÓÐUR

EXPO - www.expo.is

KLÁRAÐU PALLINN FYRIR SUMARIÐ




ÓDÝRT

Pallaefni

| | | |
|---|---|---|
| 0058324 | Fura alhefluð 27x95 mm A-gagnvarin | 304 kr./lm. |
| 0058504 | Fura alhefluð 45x95 mm A-gagnvarin | 418 kr./lm. |
| 0058506 | Fura alhefluð 45x145 mm A-gagnvarin | 609 kr./lm. |
| 0059954 | Fura alhefluð 95x95 mm A-gagnvarin | 861 kr./lm. |

BYKO

Opnunartímar um páskana og síma verslana má finna á www.BYKO.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Opið bréf

## til íslensku þjóðarinnar

Nýleg framganga ríkisstjórnarinnar í kjaradeilum flugvirkja og flugumferðarstjóra er alvarleg áminning um að íslenskt launafólk býr ekki við grundvallar mannréttindi sem talin hafa verið varin af stjórnarskrá lýðveldisins. Með nýsettum lögum, sem banna verkfall Flugvirkjafélags Íslands og með hótun um lög á verkfall Félags íslenskra flugumferðarstjóra, hafa ríkisstjórn og Alþingi í raun afnumið verkfallsréttinn í landinu og brotið um leið gegn Mannréttindasáttmála Evrópu.

Stjórnarskráin er grundvallarlöggjöf íslenska ríkisins og æðri öðrum lögum. Það hefur verið meginregla í íslenskum og erlendum rétti að almenn lög skuli ekki brjóta í bága við stjórnarskrána. Þrátt fyrir það hefur Alþingi ítrekað sett lög sem svipta þegna landsins stjórnarskrárvörðum rétti þeirra. Á þessu fengu sjómenn að kenna árið 2001 og þetta hafa flugvirkjar og flugumferðarstjórar mátt reyna á síðustu vikum.

Stjórnmálamenn og flokkar sem gagnrýndu harðlega ríkisstjórn sem bannaði verkfall sjómanna árið 2001 hafa nú sjálfir haft forgöngu um að svipta flugvirkja og flugumferðarstjóra réttinum til að leggja niður störf í vinnudeilum.

> **Steingrímur J. Sigfússon í umræðum um lög á verkfall sjómanna 2001:**
> „Ég mótmæli bæði vinnubrögðunum og ég mótmæli efni þess máls sem hér er á ferðinni. Ég lýsi allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meirihluta hennar, þeim hluta hans sem ætlar að greiða þessu frumvarpi atkvæði sitt, á þeim mannréttindabrotum og þeirri valdníðslu sem hér á að eiga sér stað."
>
> **Össur Skarphéðinsson í umræðu um lög á verkfall sjómanna 2001:**
> „Hér er verið að setja lög sem moka burt rétti heillar starfsstéttar til að grípa til vinnustöðvunar til þess að styðja kröfur um bætt lífskjör. Ég get ekki stutt það. Hér er verið að brjóta mannréttindi. Ég get ekki stutt það. Verkfallsvopnið er helgasti réttur launafólks. Hér er verið að mölva það. Ég get ekki stutt það. Ég segi nei."

Í dag, þegar þeir setja sjálfir lög sem banna löglega boðuð verkföll, hentar ekki lengur að tala um mannréttindabrot eða helgan rétt launafólks.

Samkvæmt nýjustu mælingum nýtur Alþingi minnst trausts allra stofnana samfélagsins, að undanskildu fjármálaeftirliti og bankakerfinu. Aðeins 13% landsmanna segjast bera mikið traust til þingsins. Það traust hefur ekki verið minna síðan mælingar hófust árið 1993. Þetta hlýtur að vera áhyggjuefni.

Við teljum að ekki þurfi að leita langt til að skýra þverrandi traust landsmanna á störfum Alþingis. Fyrsta skrefið til að endurheimta traustið hlýtur að vera að virða mannréttindi og starfa samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins.

**Félag íslenskra flugumferðarstjóra**
**Flugvirkjafélag Íslands**




MS
OSTAKAKA
MEÐ BLÁBERJUM
**998**
KR./STK.




OSTAHÚSIÐ
OSTATERTA MEÐ
JARÐARB. OG MYNTU
**1299**
KR./STK.




CAMEMBERT
**357**
KR./STK.




*ÓMISSANDI GÓÐGÆTI*

HÖFÐINGI
**368**
KR./STK.




GRÁÐAOSTUR
**259**
KR./STK.




GULLOSTUR
**563**
KR./STK.



# 25% afsláttur

ÓDÝRT

GRÍSAHRYGGUR
MEÐ PÖRU
**899**
~~1198~~ KR./KG



*LJÚFFENGAR FYLLINGAR*

SÓLFUGL
KALKÚNABRINGUR
**2998**
KR./KG

## OPNUNARTÍMI YFIR PÁSKANA

### Austurver DAG Nótt 24·7

**Opið allan sólarhringinn, alla páskana**

### Grafarholt og Hringbraut

| | | |
|---|---|---|
| 1. apríl | *Skírdagur* | Opið til miðnættis |
| 2. apríl | *Föstudagurinn langi* | Lokað |
| 3. apríl | *Laugardagur* | Opið frá miðnætti til miðnættis |
| 4. apríl | *Páskadagur* | Lokað |
| 5. apríl | *Annar í páskum* | Opið frá miðnætti |

### Nóatún 17 og Hamraborg

| | | |
|---|---|---|
| 1. apríl | *Skírdagur* | 10.00 - 20.00 |
| 2. apríl | *Föstudagurinn langi* | Lokað |
| 3. apríl | *Laugardagur* | 10.00 - 20.00 |
| 4. apríl | *Páskadagur* | Lokað |
| 5. apríl | *Annar í páskum* | 10.00 - 20.00 |



ÚR KJÖTBORÐI • BESTIR Í KJÖTI • ÚR KJÖTBORÐI



LAMBALÆRI
AF NÝSLÁTRUÐU
**1398** KR./KG

*HÁTÍÐAR-MATUR*



KALKÚNN
FERSKUR
**1398** KR./KG

*HOLLT OG GOTT*

ÚR FISKBORÐI • FERSKIR Í FISKI • ÚR FISKBORÐI



LAXAFLÖK
BEINHREINSUÐ
**1498** KR./KG
~~1798~~

DAG Nótt 24·7

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is


NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig
Gómsætur hátíðarmatur í Nóatúni
ÚR KJÖTBORÐI BESTIR Í KJÖTI
20% afsláttur
LAMBAFILE MEÐ FITURÖND
2798 KR./KG
3498
ILMANDI OG GOTT
MERRILD KAFFI, 500 G
498 KR./PK.
ÓDÝRT
EGILS PÁSKAÖL 0,5 L
129 KR./STK.
GIRNILEGT OG GOTT
BARBARY FRANSKAR ANDABRINGUR
3998 KR./KG
6-8 MANNA
EMMESSÍS ÍSKAKA
1198 KR./STK.
KJÖRÍS MJÚKÍS 5 TEG. 1 L
498 KR./STK.
GRÆNT OG GOTT
HOLLT & GOTT VEISLUSALAT
479 KR./PK.
ÚRVALS RJÓMA-SVEPPASÓSA
364 KR./STK.
ÚR FISKBORÐI FERSKIR Í FISKI
KLAUSTURBLEIKJA FLÖK
1798 KR./KG
1998
PATE 3 TEGUNDIR
498 KR./STK.
NÓATÚN
www.noatun.is

**FRÉTTAVIÐTAL:** Ástandið á Haítí



**SKJÓL** Tjöldin fimm sem sett voru upp á Haítí munu hýsa fimmtíu munaðarlaus börn. Talið er öruggara að hafast við í tjöldum í ljósi þess hversu illa hús á svæðinu fóru í jarðskjálftanum. MYND/BJÖRGVIN BARÐDAL

# Munaðarlaus börn á Haítí fengu ný tjöld

**Fimmtíu munaðarlaus börn á Haítí hafa fengið skjól í íslenskum tjöldum. Öruggara en að búa í hálfhrundu húsi, segir framkvæmdastjóri Seglagerðarinnar Ægis. Hann segist hafa fengið hnút í magann við að sjá munaðarlausu börnin.**

„Það var átakanleg sjón að sjá börnin, og auðvitað fær maður hnút í magann við að hugsa til baka," segir Björgvin Barðdal, framkvæmdastjóri Seglagerðarinnar Ægis.

Björgvin kom heim í vikunni eftir vikuferð til Haítí, þar sem hann setti upp fimm tjöld sem hönnuð voru í Seglagerðinni. Tjöldin munu hýsa 50 börn sem ýmist eru munaðarlaus eða hafa ekki fundið fjölskyldur sínar í kjölfar jarðskjálftans sem reið yfir 12. janúar síðastliðinn. Börnin búa í búðum á vegum húmanista.

„Ég er harður á því að það þarf fleiri tjöld á Haítí," segir Björgvin. Hann segir að hreinsunarstarf virðist víða varla hafið. Hann hafi til dæmis séð rústir barnaskóla þar sem vitað sé að um 250 börn liggi grafin og ekki sé byrjað að hreyfa við. Þau hús sem enn standi verði seint talin örugg, og því sé heppilegast, á meðan þetta skelfingarástand varir, að búa í tjöldum.

Björgvin segir að þrátt fyrir hörmungarnar hafi fólkið sem hann hafi hitt verið glaðlegt, hreint og snyrtilegt. Neyðin er þó mikil í þessu fátæka landi, enda mikill hluti húsa óíbúðarhæfur, og stutt í fellibyljatímabilið.

Tjöldin frá Seglagerðinni Ægi eru hönnuð sérstaklega fyrir erfiðar aðstæður og eiga að geta staðist hvers konar óveður, segir Björgvin. Fimm tjöld hrökkva þó skammt, því þúsundir tjalda þyrfti til að koma öllum íbúum sem misst hafa heimili sín í skjól.

Tjöldin voru hönnuð og saumuð í Seglagerðinni Ægi að beiðni Félags húmanista, og greiddi Velferðarsjóður barna kostnaðinn. Rétt þótti að fá fagmann til að setja upp tjöldin, og ákvað Björgvin að slá til og fór við annan mann í sérstaka uppsetningarferð.

Til að koma tjöldunum fimm til Haítí þurfti fyrst að senda þau til Dóminíska lýðveldisins, nágrannaríkis Haítí. Þangað flugu svo Íslendingarnir tveir og sóttu tjöldin. Til að forðast hnökra við tollafgreiðslu fengu þeir tollvörð frá Dóminíska lýðveldinu til að fara með sér yfir landamærin.

„Þegar við fórum í gegnum höfuðborgina voru 70 til 80 prósent af húsunum hrunin," segir Björgvin. „Hreinsunarstarf gengur hægt, og maður fyllist vonleysi við að sjá hvernig ástandið er."



**Í RÚST** Flest hús í höfuðborg Haítí og nágrenni eru illa farin eða hrunin til grunna eftir jarðskjálftann. Víða hefur lítið verið gert til að hreinsa til. Þau hús sem enn standa uppi eru fæst talin örugg.

## Jarðskjálftinn

- Jarðskjálfti upp á 7,0 á Richter skók Haítí 12. janúar 2010.
- Upptök skjálftans voru skammt frá höfuðborginni Port-au-Prince.
- Tölur um mannfall eru á reiki, en yfir 230 þúsund eru sögð hafa týnt lífinu í skjálftanum.
- Byggingar í höfuðborginni og nágrenni eru flestar illa farnar eða hrundu til grunna í skjálftanum.



**BRJÁNN JÓNASSON**
brjann@frettabladid.is

Kirkjulistahátíð í algleymingi

Skírdagur 1. apríl

**kl. 13.30**
**Hallgrímskirkja**
kirkjan, turninn og kennileitið
Listasmiðja barna í samvinnu við Myndlistaskólann í Reykjavík. Uppselt.

**kl. 17.00**
**Söngvahátíð barna**
**Kórtónleikar 100 barna ásamt hljóðfæraleikurum**
Hljóðfæraleikarar: Kjartan Valdemarsson, Haukur Gröndal, Gunnar Hrafnsson, Erik Qvic og Pétur Valgarð Pétursson. Stjórnandi: Tómas Guðni Eggertsson. Kynnir: Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson. Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.

**kl. 20.00**
**Getsemanestund**
afskrýðing altaris við tónlist Gesualdo
Schola cantorum. Stjórnandi: Hörður Áskelsson. Prestur: Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson.

Föstudagurinn langi 2. apríl

**kl.13.00-15.30**
**Passíusálmar Hallgríms Péturssonar**
heildarflutningur fyrri hluti
Flytjendur eru nemendur af höfuðborgarsvæðinu, sem hafa unnið til verðlauna í Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk undanfarin fjögur ár. Umsjón: Baldur Sigurðsson, Svanhildur Óskarsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Þorleifur Hauksson og Þórður Helgason. Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.

**kl. 17.00**
**Hallgrímspassía**
eftir Sigurð Sævarsson
Schola cantorum og Caput hópurinn. Stjórnandi Hörður Áskelsson.
Jóhann Smári Sævarsson, Benedikt Ingólfsson, Hafsteinn Þórólfsson, Guðrún Edda Gunnarsdóttir, Guðmundur Vignir Karlsson og Örn Arnarson. Aðgangseyrir 3.500 / 2.500

**kl.19.00-21.30**
**Passíusálmar**
heildarflutningur síðari hluti
7. bekkjarnemendur af höfuðborgarsvæðinu.

Miðasala í Hallgrímskirkju og á midi.is
kirkjulistahatid.is
kirkjulistahátíð 2010

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Tyrkland og gríska Eyjahafið

## 10–11 nátta ferðir í allt sumar



## TYRKLAND

**Flugsæti 10. júlí í 10 nætur**

**Verð frá 91.000 kr.***

+ 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallaskattar.
*Verð án vildarpunkta: 101.000 kr.

TYRKLAND

# Bodrum

Vinsælasti sólarstaðurinn á Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.

**TYRKLAND ÓDÝRAST!**

Hvergi ódýrara að lifa á sólarstöðum sumarið 2010!

Möguleiki á léttgreiðslum





Allt innifalið!

## Eken ★★★

Eken er einkar vinalegt hótel með rúmgóðum og snyrtilegum herbergjum sem öll eru loftkæld og með svölum. Í garðinum eru sundlaugar þar sem börnin geta leikið sér í barnalaug.

**Verð frá 131.145 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í 10 nætur 10. júlí. ALLT INNIFALIÐ, líka loftkæling. Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli: 155.810 kr. og 15.000 Vildarpunkta

*Verð án Vildarpunkta 141.145 kr.

GRIKKLAND

# Kos

Eyja hinna ánægðu

Grísk paradísareyja, skammt frá vesturströnd Tyrklands í gríska Eyjahafinu. Friður, fjör, veðursæld, heillandi þorp og stórfenglegar minjar frá gullöldum grískrar menningar.





Allt innifalið!

## Sun Palace ★★★★

Frábært hótel sem var algjörlega endurnýjað árið 2008 og byggt upp samkvæmt nýjustu straumum og stefnum. Útkoman er virkilega huggulegt og nýtískulegt hótel þar sem allt er innifalið.

**Verð frá 170.100 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára) í tvíbýli í 9 nætur á Kos og 1 nótt í Bodrum 10. júlí. Allt innifalið, líka loftkæling.

* Verð án Vildarpunkta 180.100 kr.

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

Upplifðu tvo menningarheima í sömu ferðinni | Í boði eru samsettir pakkar þar sem hægt er að dvelja hluta tímans í Tyrklandi og hluta á Kos.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 49910 03/10

**FBL-GREINING:** Norður-Íshafið

# Breytingar í norðri

Fundur utanríkisráðherra fimm af aðildarríkjum Norðurskautsráðsins, sem haldinn var í Kanada í byrjun vikunnar, hefur enn á ný vakið athygli á mikilvægi norðurskautsins, sem mun aukast eftir því sem andrúmsloft jarðar hlýnar og ísinn bráðnar.

### Hve stórt er Norður-Íshafið?

Norður-Íshafið er minnst heimshafanna fimm, en ekkert ótvírætt samkomulag er um hvar mörk þess liggja. Einfaldasta skilgreiningin er kannski sú að miða við norðurheimskautsbauginn á 66°32' norðlægrar breiddar. Samkvæmt þeirri skilgreiningu nær hann suður að norðurströnd Íslands. Aðrar skilgreiningar miða við hitastig, og er þá oftast miðað við að meðalhiti hlýjasta mánaðar ársins fari ekki upp fyrir 10 gráður. Samkvæmt þeirri skilgreiningu er Ísland einnig á jaðri þessa hafsvæðis.

### Er ísinn að hverfa?

Þrátt fyrir hlýnun jarðar bendir ekkert til þess að Norður-Íshafið verði nokkurn tímann fært almennum skipaferðum að vetri til. Sumarbráðnun hefur hins vegar aukist verulega síðustu árin. Ísinn allur er þynnri en hann var og skipaferðir eru nú þegar mögulegar á sumrin. Haldi svo fram sem horfir verður Norður-Íshafið íslaust að mestu að sumri til eftir þrjá til fimm áratugi.

### Hvaða siglingaleiðir opnast?

Í meginatriðum verða þrjár siglingaleiðir yfir Norður-Íshaf mögulegar innan fárra áratuga. Norðausturleiðin meðfram norðurströnd Rússlands hefur opnast á sumrin undanfarin ár og verður opin æ lengur yfir sumartímann, en er erfið fyrir stór skip vegna grynninga á leiðinni. Norðvesturleiðin meðfram norðurströnd Kanada hefur einnig verið að opnast, en hún verður ávallt erfið vegna íshröngls á mjóum sundum milli eyja. Leiðin þvert yfir pólinn verður styst og á endanum kannski auðveldust yfirferðar á sérútbúnum risaskipum, sem nú þegar eru á teikniborðinu.








**FRÉTTASKÝRING:** Bílalán færð yfir í íslenskar krónur



**BÍLALÁN** Staða fyrirtækja á bílalánamarkaði er mjög mismunandi. Sum vilja ræða nánar hugmynd félagsmálaráðherra um yfirfærslu, önnur segja að slík yfirfærsla reki þau í þrot. Það á til dæmis við um Lýsingu sem ekki hefur aðgang að innlendu lánsfé. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lýsing yrði gjaldþrota

**Eignaleigufyrirtæki taka ekki vel í hugmyndir félagsmálaráðherra um að færa erlend bílalán yfir í íslenskar krónur og lækka þar með eftirstöðvar þeirra um á að giska þriðjung að meðaltali. Einungis er rætt um niðurfærslu þess sem eftir stendur af lánunum, engar umræður um afturvirkar leiðréttingar hafa farið fram, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.**

Ingvi Örn Kristinsson, ráðgjafi félagsmálaráðherra, segir við Fréttablaðið að vonir standi til að samningar takist fljótlega og að öll fjögur fyrirtækin bjóði viðskiptavinum að færa eftirstöðvar bílalána í íslenskar krónur með 15 prósenta álagi frá og með 1. maí.

Slíkt mundi hafa í för með sér um 50 milljarða niðurfærslu eða um þriðjung af þeim um 150 milljörðum sem fyrirtækin fjögur eiga útistandandi í um það bil 49.000 samningum.

Það er ekki á forstjórum stærstu fyrirtækjanna á markaðnum að heyra að þeir deili bjartsýninni með Ingva Erni.

### Ómögulegt að flytja lánin

Forstjóri Lýsingar segir alveg skýrt að það fyrirtæki geti ekki staðið undir því að flytja þessi lán yfir í krónur. „Við eigum ekki möguleika á því vegna þeirra reglna sem okkur eru settar. Okkur ber skylda til að halda gjaldeyrisjöfnuð og hafa eiginfjárhlutfall í lagi," segir Halldór Jörgensson. Hann finnur að stjórnsýslu félagsmálaráðherra sem hefur þrýst á fyrirtækin um að fara þessa leið. „Við höfum aldrei séð nákvæmlega útfærðar tillögur félagsmálaráðherra," segir hann, kveðst aðeins hafa í fórum sínum tvö tölvubréf þar sem ráðuneytið leggur að Lýsingu að flytja bílalán yfir í íslenskar krónur.

Fjórir aðilar eru á markaðnum með erlend bílalán til einstaklinga; SP, Íslandsbanki, Lýsing og Avant. Lánin eru hluti af almennri starfsemi Íslandsbanka. SP er dótturfyrirtæki Landsbankans. Avant er í eigu skilanefndar Glitnis, sem vinnur að því að afla fjár upp í þrotabú hins fallna banka. Lýsing er dótturfyrirtæki Existu og hefur ekki aðgang að innlendu lánsfé en hefur endurlánað gjaldeyri til bílakaupa sem fenginn er að láni frá Deutsche Bank. Það sem Lýsing innheimtir af lánum fer til að greiða skuldirnar við Deutsche Bank.

Eins og kunnugt er hafa Íslandsbanki og Landsbanki verið endurfjármagnaðir innanlands eftir hrunið. Gengið hefur verið út frá að við þá endurskipulagningu hafi verið skilið eftir svigrúm til að mæta afskriftum og útlánatapi. Lýsing og Avant eru hins vegar talin í annarri stöðu. Í tilviki Lýsingar yrðu afskriftir til þess að eiginfjárhlutfallið færi undir lögboðið lágmark, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, og fyrirtækið mundi ekki lengur uppfylla skilyrði fyrir óbreyttri starfsemi sem fjármálafyrirtæki. Gjaldþrot blasa við.

### Hugmyndir ráðherra óljósar

Alls eru um 15.500 bílasamningar í gildi hjá SP, eða um þriðjungur af heildarfjöldanum á markaði. Kjartan G. Gunnarsson, forstjóri SP, segir að fyrstu hugmyndir félagsmálaráðherra um að færa lán niður í 110 prósent af markaðsverði hafi verið óraunhæfar og hefðu skilað mestum ávinningi fyrir þá sem tóku hæsta lánshlutfall vegna dýrra lúxusbíla.

Hann segist hins vegar alveg tilbúinn til að vinna út frá nýjustu hugmynd ráðherrans um að færa lánin yfir í krónur með 15 prósent álagi á vísitölu. Hugmyndin sé hins vegar óljós og engin áþreifanleg tillaga frá ráðherranum liggi fyrir. Fram undan sé mjög tímafrek vinna í málinu og algjörlega óraunhæft sé að miða við að breytingin geti tekið gildi í maí.

Kjartan segir að frá hruni hafi SP lagt sig fram við að leysa greiðsluvandræði einstaklinga með ýmsum úrræðum. „Við viljum koma lánunum niður í það horf að fólk geti borgað af þeim og bílasala fari í gang aftur," segir hann. Viðskiptavinir geti þegar fengið að flytja lán yfir í krónur og lækka höfuðstólinn með því um 22 prósent að meðaltali. Það sé því rangt hjá ráðherranum að fyrirtækin hafi ekkert gert.

Eins og kunnugt er hefur Hæstiréttur til meðferðar mál um lögmæti þess að veita almenningi bílalán sem tengd eru gengi erlendra gjaldmiðla. Óvíst er hvenær dómar falla. Verði þessi yfirfærsla í krónur að veruleika mundi hún ekki ýta þessum dómsmálum út af borðinu. Fallist Hæstiréttur á ítrustu kröfur lántakenda er því hugsanlegt að endurreikna þurfi stöðu bílalánanna enn á ný að gengnum dómi, hver sem verða örlög hugmyndarinnar um að færa bílalánin yfir í krónur með 15 prósent álagi á vísitölu.



PÉTUR GUNNARSSON
petur@frettabladid.is

## Skulda 150.000.000.000 krónur í bílalán

Um 49.000 aðilar eru nú með bílalán. Um 90 prósent þeirra taka breytingum í samræmi við gengi erlendra gjaldmiðla. 70-80 prósent þessara lána voru tekin á árunum 2006 og 2007 þegar gengi krónunnar var hvað sterkast. Frá árslokum hefur gengisvísitalan hækkað um 90 prósent. Í dag er verðmæti þessara lána samtals um 150 þúsund milljónir króna, eða 150 milljarðar.

Fjögur fyrirtæki hafa veitt bílalán í erlendri mynt.

- SP er dótturfyrirtæki Landsbankans (NBI).
- Hjá Íslandsbanka eru bílalán hluti af almennri starfsemi bankans.
- Avant er eign skilanefndar Glitnis.
- Lýsing er í eigu Exista. Eignir þess hafa verið veðsettar Deutsche Bank.

Félagsmálaráðherra hefur undanfarnar vikur þrýst á þessi fyrirtæki að afskrifa hluta af bílalánum almennings, sem eru í mörgum tilvikum mun hærri en endursöluverð bílsins sem settur var að veði til tryggingar láninu.

Upphaflega var rætt um að færa lánin niður þannig að það sem væri umfram 110% af markaðsverði félli niður. Gagnrýnt var að sú aðferð mundi fyrst og fremst nýtast eigendum dýrra bíla.

Á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar um síðustu helgi sagði Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra frá því, að hann vonaðist til að ná samningum við fyrirtækin um að færa bílalán yfir í krónur. Lánin yrðu verðtryggð en bæru síðan 15 prósent álag.

Álagið dregur úr tjóni fyrirtækjanna og mætir vaxtamun en algengt er að bílalán í erlendri mynt hafi borið 2-3 prósent vexti en vextir lána í íslenskum krónum eru mun hærri, eins og kunnugt er. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er miðað við 7,95 prósent vexti verðtryggðra bílalána eftir yfirfærslu í krónur.

H:N markaðssamskipti / SÍA






# ÞÖKKUM SKEGGJAÐAR UNDIRTEKTIR

Þreifaðu, kannaðu, kreistu,
kreistu þín dýrmætu eistu.
Þar hvílir punginn,
þuklaðu punginn:
Ef vágestur kemur þá veistu!

**Með þessari kjarnyrtu hvatningarlimru, eftir Braga Bergmann, þökkum við þeim fjölmörgu sem komu að árveknisátakinu karlar og krabbamein. Bragi tók áskorun átaksins alvarlega, þreifaði og fann. Batahorfur hans eru mjög góðar – tíminn skipti sköpum.**

**Vökum áfram**
Krabbameinsfélagið

**Sérstakar þakkir fá:**
Sjálfboðaliðar og mottusafnarar, keppendur, leikarar, Síminn, Arionbanki, Íslenskt grænmeti, 365 miðlar, Valitor, kaupendur nælunnar og allir þeir fjölmörgu einstaklingar og fyrirtæki sem átakið studdu.

**www.karlmennogkrabbamein.is**

Samstarfsaðilar

Styrktaraðilar

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Það er óskhyggja að halda að ríkisstarfsmönnum muni ekki fækka á næstu árum:

# Vinstristjórn sker

ÓLAFUR Þ. STEPHENSEN SKRIFAR

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra boðaði í ræðu sinni á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar um síðustu helgi að ríkisstjórnin myndi ráðast í erfiða uppstokkun í ríkisrekstrinum. Jóhanna sagðist telja raunhæft að fækka ríkisstofnunum um 30-40% á næstu tveimur til þremur árum. Það felur í sér að stofnunum fækki um 60-80. Á næsta ári er stefnt að því að bæta rekstur ríkissjóðs um 50 milljarða króna. Meirihlutinn af þeirri upphæð verður að skila sér með lækkun útgjalda.

Samtök ríkisstarfsmanna bregðast við með því að fara fram á að við sameiningu stofnana og hagræðingu verði störf ríkisstarfsmanna tryggð. Það er því miður tóm óskhyggja, haldi menn að hægt sé að hagræða í ríkisrekstrinum án þess að fækka fólki. Til þess er launakostnaður alltof hátt hlutfall af útgjöldum ríkisins.

Staðreyndin er sú að á undanförnum áratugum hefur starfsemi hins opinbera á Íslandi blásið út. Áratuginn 1998-2007 hækkuðu útgjöld ríkisins á hvern landsmann um 32% á föstu verðlagi – næstum því þriðjung. Það kom ekki niður á afkomu ríkissjóðs vegna þess að um leið hækkuðu tekjur ríkisins á mann um meira en 46%. Á sama tíma fjölgaði opinberum starfsmönnum miklu hraðar en starfsfólki á almennum vinnumarkaði. Þannig standa hlutfallslega færri skattgreiðendur á almenna markaðnum undir fjölguninni í ríkisgeiranum. Sú þróun endar með ósköpum, sé ekkert að gert.

Það er kaldhæðnislegt að þessi gríðarlega útgjaldaaukning og fjölgun ríkisstarfsmanna átti sér stað á áratug sem oft er kenndur við frjálshyggju. Gríðarlegur vöxtur landsframleiðslu og tekjuaukning ríkisins skapaði ríkisstjórnum Sjálfstæðisflokksins með Framsóknarflokki og síðar Samfylkingu þægilegt starfsumhverfi, þar sem sjaldan þurfti að segja nei við kröfum um aukin útgjöld og fátt var því til fyrirstöðu að setja nýjar ríkisstofnanir á fót. Nú stendur fyrsta hreinræktaða vinstri stjórnin frammi fyrir því að þurfa að ráðast í svakalegri niðurskurð en áður hefur þekkzt.

Tölurnar um vöxt ríkisútgjalda í góðærinu sýna þó fram á að svigrúmið til útgjaldalækkunar er mikið. Eða var grunnþjónusta hins opinbera í kaldakoli fyrir tíu árum? Má ekkert vinda ofan af þeirri aukningu útgjalda, fjölgun stofnana og starfsmanna sem átti sér stað í bullandi góðærinu?

Með sameiningu ráðuneyta, fækkun ráðherra og sameiningu stofnana, sem í dag starfa undir mismunandi ráðuneytum, má slá tvær flugur í einu höggi. Spara útgjöld og gera stjórnsýsluna skilvirkari. Hugmyndir um sameiningu iðnaðar-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyta í eitt ráðuneyti eru þannig afar skynsamlegar. Auk sparnaðarins þýða þær vonandi að stefna verður í vaxandi mæli mörkuð út frá þörfum atvinnulífsins í heild fyrir hagstæð, almenn starfsskilyrði í stað þess að einblínt sé á sérhagsmuni einstakra atvinnugreina.

Þetta verkefni, eins og svo mörg önnur, mun reyna mjög á ríkisstjórnina. En ætli hún sér að starfa áfram má hún ekki hvika frá markmiðunum um lækkun ríkisútgjalda. Lántökur til að fjármagna hallann á ríkissjóði kosta skattgreiðendur tugi milljarða í vaxtagreiðslur á hverju ári. Ef menn ætla ekki að færa vandann til næstu kynslóða verður að taka á honum nú.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Við viljum

H-lista í vor

Heiðarleika í stað spillingar

Halda flugvellinum og orkulindunum

Hafna óréttlæti fjórflokksins

Borgarmálafélag F-lista

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fávitunum fjölgar

Fábjánakenning Þráins Bertelssonar fékk byr undir báða vængi á vef Jónasar Kristjánssonar í gær og flaug fávitaþýðið úr fimm prósentum upp í að minnsta kosti fjörutíu. „Hvar í heiminum haldið þið að girða þurfi hraunstraum, svo að fólk hlaupi ekki út í hann? Það er auðvitað hjá þjóð, sem að mestu er skipuð fávitum. […] Þetta er eina þjóð heimsins, sem gat framkallað algert hrun ríkis og þjóðar. Það gerði hún með 40 prósenta stuðningi við græðgi, spillingu, bankamútur og Davíð. Þessa þjóð kalla ég algera fávita." Býður einhver betur?

### Óþrjótandi auðlind

Sjálfbærni er lykilorð á fyrsta áratug 21. aldar. Það veit Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sem hefur nútímavætt lunderni sitt og komið sér upp sjálfbærri þolinmæði; í öðru hverju viðtali er þolinmæði Gylfa og verkalýðshreyfingarinnar á þrotum. En einhvern veginn dugar hún alltaf áfram.





### Óvænt ályktun

Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, skrifar pistil á heimasíðu sína um ræðu Jóhönnu Sigurðardóttur á flokksstjórnarfundi Samfylkingar um liðna helgi. Björn segist túlka ræðuna á þann veg að ríkisstjórnin sé komin að fótum fram og ætti að segja af sér. Kannski það. En hvað gæti Jóhanna Sigurðardóttir svo sem sagt til að Björn Bjarnason kæmist að annarri niðurstöðu en þeirri að ríkisstjórnin sé komin að fótum fram og eigi að segja af sér?

bergsteinn@frettabladid.is

# Friður á Balkanskaga



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Fríverslun og friður

Öldin sem leið kvaddi líkt og hún heilsaði: með blóðugu stríði á Balkanskaga. Fyrsta stríðið brauzt út 1912, þegar Búlgarar, Grikkir og Serbar reyndu að brjótast undan yfirráðum Tyrkja og Serbar reyndu að tryggja sér aðgang að Adríahafi, en Serbía var og er landlukt. Árið eftir hófst annað stríð, og þar börðust einnig Makedónar og Svartfellingar auk fyrr nefndra þjóða.

### Byssuskotið í Sarajevó

Árið þar á eftir, 1914, kveikti eitt byssuskot í Sarajevó, höfuðborg Bosníu, styrjaldarbál um alla álfuna. Fyrri heimsstyrjöldin í 1914-1918 kostaði 19 milljónir mannslífa. Stríðinu lauk með friðarsamningum, sem lögðu þungar kvaðir á Þjóðverja og grunninn að nýrri heimsstyrjöld 1939-1945, og hún kostaði 50-60 milljónir mannslífa. Eftir hrun Sovétríkjanna 1991 leystist Júgóslavía upp í frumeindir sínar, sex sjálfstæð ríki (Bosníu, Króatíu, Makedóníu, Serbíu, Slóveníu og Svartfjallaland), eins og hún hafði gert í síðari heimsstyrjöldinni. Til þess voru háð ekki færri en fimm borgarastríð á Balkanskaganum 1991-2001. Ófriðurinn leiddi af sér mannfall og voðaverk. Tvær og hálf milljónir manns misstu heimili sín, og 300.000 manns týndu lífi.

Þessar hörmungar áttu sér stað fyrir aðeins 10-20 árum í Evrópu, örstutt frá landamærum ESB. En nú ríkir friður á svæðinu. Nokkrir helztu sökudólgarnir hafa verið dregnir til ábyrgðar frammi fyrir alþjóðlega stríðsglæpadómstólnum í Haag. Löndin á Balkanskaga eru ekki lengur púðurtunna eins og á fyrri tíð. Svo er einkum fyrir að þakka frjálsum viðskiptum að undirlagi ESB og von Balkanþjóðanna um að komast inn í ESB sem fyrst líkt og Grikkland, Búlgaría og Rúmenía. Sænski hagfræðingurinn Per Magnus Wijkman, fyrrum aðalhagfræðingur Fríverzlunarsamtaka Evrópu (EFTA), lýsir þróuninni vel í nýrri bók, Frihandel för fred (2009). Fríverzlun er þaulreynt tæki til að stilla til friðar meðal gamalla óvinaþjóða og lyfta lífskjörum almennings.

### Friðarbandalag

Evrópusambandið var sett á laggirnar í áföngum eftir síðari heimsstyrjöldina til að tryggja frið í álfunni. Þetta tókst, en þó ekki á Balkanskaga fyrr en eftir 2000. Fjölgun sambandsríkjanna tekur tíma. Slóvenía er eina landið, sem var áður hluti Júgóslavíu og er nú í ESB. Slóvenía gekk þangað inn 2004. Næst kemur röðin að Króatíu, trúlega 2012. Eitt af öðru munu löndin á Balkanskaga trúlega fá inngöngu í ESB. Þannig verður hægt að ljúka ætlunarverki stofnenda ESB, en það var að tryggja varanlegan frið í Evrópu allri.

### Tyrkland og EES

Þá hljóta böndin að berast að Tyrklandi. Þar búa rösklega sjötíu milljónir manna og bíða þess, að ESB veiti þeim inngöngu. ESB hikar í málinu meðal annars vegna mannréttindabrota í Tyrklandi, en fleira hangir á spýtunni. Tyrkland er í reyndinni tvö lönd. Annað er Evrópuland á gömlum meiði, eitt af stofnríkjum NATO, en hitt er Asíuland með sterkar taugar til Arabalandanna í Austurlöndum nær. Efasemdir um, að Tyrkland eigi heima í ESB, snúa einkum að austurhluta landsins, þar sem minna fer fyrir evrópskum menningarhefðum en í Istanbúl og nærsveitum í vestanverðu landinu.

Frökkum, Þjóðverjum og öðrum er umhugað um að koma til móts við Tyrki án þess þó að veita þeim að svo stöddu færi á að semja um aðild að ESB. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort til greina komi að bjóða Tyrkjum aðild að EFTA og EES-samningnum, þar eð hann felur í sér aukaaðild að ESB án áskriftar að sameiginlegri landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnu ESB og án áskriftar að evrunni. EES-samningnum var einmitt ætlað að vera þjálfunarbúðir og biðstofa handa löndum, sem þurftu tíma til að ákveða, hvort þau vildu gerast fullgildir aðilar að ESB. Í Tyrklandsmálinu þarf ESB umþóttunartíma. Með tilboði um aðild að EES væri Tyrkjum veitt færi á að tengjast Evrópu nánari böndum, sem gætu orðið til að efla frið og styrkja umbótasinna í Tyrklandi og veikja afturhaldsöflin, sem horfa frekar til Arabaríkjanna en Evrópu. Öll gömlu EFTA-löndin önnur en Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss hafa kosið að ganga í ESB. EES-samningurinn myndi gegna upprunalegu hlutverki sínu enn betur en hann gerir nú, væri hann notaður sem umgerð utan um nánari tengsl milli Tyrklands og Evrópu.

# Vonlaust samfélag?

UMRÆÐAN

Árni Svanur Daníelsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir skrifa um samfélagsmál



ÁRNI SVANUR DANÍELSSON



KRISTÍN ÞÓRUNN TÓMASDÓTTIR

Saga dymbilviku og páska hittir í mark. Hún hittir í mark vegna þess að hún fjallar um stöðu okkar í lífinu og afstöðuna til samfélagsins. Hún dregur upp myndir af því að stundum töpum við og stundum sigrum við. Hún segir sögu samfélags sem er vonlaust og óöruggt en fær hugrekki og trú til að breyta heiminum.

Fyrri myndin tengist skírdegi og föstudeginum langa. Við sjáum hvernig boðskapur Jesú og sú von og trú sem hann kveikti í hjörtum mannanna lýtur í lægra haldi fyrir valdinu. Hvernig mannúð og kærleikur víkur fyrir hagsmunagæslu og valdbeitingu. Þau sem voru samankomin við síðustu kvöldmáltíðina, mynduðu skjálfandi, óöruggt samfélag, sem þurfti að sjá á bak vonum sinna um betri heim. Þau áttu samfélag hugrekkis og sannfæringar, en þurftu að færa stórar fórnir.

Föstudagurinn langi stendur fyrir átök mannúðar og laga. Jesús helgaði líf sitt þjónustunni við aðra og gekk á undan í því að breyta samfélaginu til mannúðar. Hann gekk gegn viðteknum gildum og lögum hagsmunanna. Sú ganga endaði á krossi. Baráttan fyrir mannúð kostar hugrekki og sannfæringu og hún krefst alls. Krossinn er hvatning okkar til að leggja okkar af mörkum til þess að gera heiminn betri. Krossinn er áminning um að hið góða er hvorki ókeypis né létt.

Við hlið myndarinnar af vonlausu samfélagi skírdags og föstudagsins langa er myndin af páskunum. Egg og ungar, blóm og laufgaðar greinar eru lífstákn. Páskarnir eru tákn um trúna og hugrekkið, tákn um málstað Jesú sem rís upp í lífi þeirra sem trúa á hann. Upprisan gefur kraft til að trúa, vona og elska og til að feta í fótspor Jesú. Upprisan gefur fyrirheit um að ef við sýnum við sama hugrekki og hann breytum við samfélaginu.

*Höfundar eru prestar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra pbb@frettabladid.is HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is




# ÖRÞUNNT **LCD** MEÐ **LED** OG **AMBILIGHT**

GEFUR AUKNA SKERPU OG SKÝRLEIKA
ÁSAMT BAKLÝSINGU






**Philips 40PFL8664H**
40" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, 100Hz Clear LCD, Pixel Precise HD Engine, Ambilight baklýsingu, LED tækni, Digital Crystal Clear, 500.000:1 skerpu, 3ms svartíma, HD Natural Motion og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, 14 Bita litaupplausn, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, NetTV til að vafra á netinu, USB, 4x HDMI, 2x Scart, DLNA 1.0, Common Interface Plus, Component, Composite, Digital Coaxial tengi ofl.

Pixel Precise HD · LED · Full HD 1080p · 100Hz LCD 3 ms · HD Natural Motion · Incredible Surround · Network LINK dlna · NetTV · CI+

**TILBOÐ**
**349.995**
FULLT VERÐ 439.995

**PHILIPS** **Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

OPIÐ ALLA PÁSKANA!

Alla daga frá: 11:00 - 23:00




EXPO · www.expo.is

11·11 alltaf í leiðinni!

Grensás Hraunbær Kirkjustétt Laugavegur Skipholt Skúlagata Vestmannaeyjar Þverbrekka

# Sannleikurinn um sáttmálann

**UMRÆÐAN**
Jóhanna Sigurðardóttir skrifar um atvinnumál



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Á fundi um framgang stöðugleikasáttmálans, sem haldinn var sl. þriðjudag, voru fulltrúar allra aðila að samningnum mættir, nema frá Samtökum atvinnulífsins. Þar var skarð fyrir skildi, því fulltrúar SA eru allajafna bæði viðræðu- og tillögugóðir. Viðstaddir skoruðu á SA að koma aftur að borðinu og halda áfram mikilvægu samstarfi á vettvangi stöðugleikasáttmálans.

Sáttmálinn var gerður sl. sumar með það að markmiði að stuðla að endurreisn efnahagslífsins. Hann er í 14 liðum sem ýmist snúa að beinum aðgerðum eða fela í sér viljayfirlýsingu um ráðstafanir, sem eru á valdi annarra en stjórnvalda. Þegar farið er yfir þættina, svo sem kjarasamninga, ríkisfjármál, aðgerðir í þágu lántakenda og skuldsettra heimila, endurreisn bankanna, málefni sveitarfélaga, lífeyrissjóða og stéttarfélaga, hljóta allir að viðurkenna að staðið hefur verið við sáttmálann í meginatriðum. Það sem út af stendur er annaðhvort ekki á valdi stjórnvalda eða afleiðingar af töfum sem orðið hafa á því að ljúka Icesave-málinu og á endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóða gjaldeyrissjóðinn. Þar má nefna m.a. aðgang að erlendu lánsfé, lækkun stýrivaxta umfram þá helmingslækkun sem orðin er og afléttingu gjaldeyrishafta.

> Á vegum stjórnvalda og í samvinnu við sveitarfélögin er verið að vinna að áætlun um stórfelldar flýtiframkvæmdir í viðhaldsmálum sem verður mjög umfangsmikil og mannaflafrek.

Auðvitað er hægt að gráta hið liðna eða leggjast í ásakanir um það hverjum tafir og hindranir í vegi framkvæmda og athafna eru að kenna. Það skilar okkur hins vegar ekkert áleiðis. Við erum í afar þröngri stöðu meðan Ísland er í fjárhagslegri einangrun frá alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Úr henni verðum við að spila eins og hægt er innan marka raunsæis og getu þjóðarbúsins. Það sæmir ekki að leggjast í hugarvíl þegar vorar og lóan er komin.

**Meira skorið en skattað**
Í sérstakri auglýsingu frá SA er því haldið fram að skattar á heimili og fyrirtæki hafi aukist umfram það sem gengið var út frá við gerð stöðugleikasáttmálans, og skattaleg umgjörð fyrirtækja sé óhagstæðari en áður. Ekki var um það deilt að mikilvægasta verkefni stjórnvalda væri að ná tökum á ríkisfjármálum til þess að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar eftir bankafall og gjaldeyrishrun. Sátt var um að í þeim átökum yrði hlutfall aukinna skatta 45% en niðurskurður á útgjöldum ríkisins 55%. Samkvæmt tölum úr fjárlögum 2010 og fjáraukalögum 2009 bættu aðgerðir í ríkisfjármálum frumafkomu ríkissjóðs um 4,7% af VLF. Þar af koma 1,8% af hækkun skatta og 2,9% af lækkun ríkisútgjalda og skiptist því á tekjuhlið og gjaldahlið í hlutföllunum tæplega 40% tekjumegin á móti rúmlega 60% útgjaldamegin.

Af þessum tölum má ráða að fullyrðing SA fær með engu móti staðist. Því má bæta við að ríkulegt samráð var haft við aðila sáttmálans um útfærslu nýrra skatta, ekki síst SA og ASÍ. Vegna þess voru skattar færðir af stóriðju og útgerðarfyrirtækjum yfir á almennt atvinnulíf í formi hækkaðs tryggingargjalds. Ég hef áður lýst áhyggjum vegna íþyngjandi áhrifa tryggingargjalds á lítil fyrirtæki og tel að eitt brýnasta verkefnið sé að létta þær álögur þegar úr tekur að rætast fyrir ríkissjóði. Íslensk fyrirtæki bera ekki hærri skatta en almennt gerist í þeim löndum sem næst okkur eru. Og nýleg lög um hvata til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og frumvarp um rammalög vegna fjárfestinga á Íslandi eru dæmi um aðgerðir til þess að hvetja til fjárfestinga.

**Aðgerðir í atvinnumálum**
Þannig væri hægt að fara yfir alla þætti stöðugleikasáttmálans og sýna fram á að reynt hefur verið að vinna eftir fremstu getu að framgangi hans í einu og öllu í mjög góðu samstarfi og með tíðum fundahöldum aðila sáttmálans. Stjórnvöld eru að sjálfsögðu sammála SA um að öllu skipti að berjast gegn atvinnuleysi í landinu.

Ég hef góðar vonir um að atvinnuástand glæðist með vorinu þar sem mikill gangur er í ferðamennsku og tækniiðnaði svo og í sjávarútvegi og áliðnaði. Skortur á aflaheimildum í sumar er áhyggjuefni og hlýtur að verða til þess að gerð verði sérstök athugun á því hvort hægt sé að auka aflaheimildir tímabundið til að kljást við þann vanda innan forsvaranlegra marka.

**Stórátak fram undan**
Á næstu vikum mun ríkisstjórnin kynna margvíslegar aðgerðir í atvinnumálum sem snúa m.a. að vegagerð og samgöngumálum, atvinnumálum námsmanna, byggingarframkvæmdum á vegum opinberra aðila, viðhaldsframkvæmdum og öðru sem tengist háannatímanum í sumar og fram á haust. Sérstök áhersla verður lögð á uppbyggingu hjúkrunarrýma og ríkisstjórnin hefur heimilað undirbúning að byggingu nýs fangelsis sem lengi hefur staðið til.

Byggingariðnaðurinn er sérstakt vandamál sem ríkisstjórnin hefur fengist við t.d. með því að ýta undir viðhaldsframkvæmdir um land allt með afnámi virðisaukaskatts. Það kemur einnig til greina að veita þeim einstaklingum og fyrirtækjum skattafslátt sem leggja í slíkar framkvæmdir. Á vegum stjórnvalda og í samvinnu við sveitarfélögin er verið að vinna að áætlun um stórfelldar flýtiframkvæmdir í viðhaldsmálum sem verður mjög umfangsmikil og mannaflafrek.

Framkvæmdir í orkugeiranum geta haft mikil áhrif á ástandið í atvinnumálunum á næstu misserum. Það er mikill misskilningur að ríkisstjórnin sé þar helsti þröskuldurinn. Aðgangur orkufyrirtækja að fjármagni, fjárhagsgeta þeirra og vilji iðjufyrirtækja til að gera bindandi orkusamninga er það sem er afgerandi þegar litið er til næstu missera. Ríkisstjórnin stendur þar ekki í veginum á nokkurn hátt en fylgist vel með og er reiðubúin að leggja hönd á plóginn ef með þarf.

*Höfundur er forsætisráðherra.*

# Af hverju þessi hjarðmennska?

**UMRÆÐAN**
Svavar Gestsson skrifar um Icesave



SVAVAR GESTSSON

Atvinnuleysi er böl. Ég tek það því alvarlega þegar mér er borið á brýn að hafa stuðlað að auknu atvinnuleysi.“ Þannig kemst einn þingmanna Icesave-meirihlutans á Alþingi að orði í grein í Fréttablaðinu.

Mikið skil ég þingmanninn vel; honum finnst að hann hafi verið borinn rangri sök. Ég þekki þessa tilfinningu; ég hef fengið óþverrann yfir mig þúsund sinnum á undanförnum mánuðum eða allt frá því í júní í fyrra. Margt af því sem hellt hefur verið yfir mig hefur verið talsvert alvarlegra en það sem þingmaðurinn nefnir í tilvitnuninni hér á undan.

Allt um það; viðkvæmni hans er skiljanleg. En þá er því við að bæta að síðustu þrjá daga hafa birst þrjár greinar þar sem því er lýst hvaða afleiðingar það hefur haft fyrir þjóðarbúið að ljúka ekki Icesave-málinu. Allt eru þetta málefnalegar greinar og hafa allar vakið athygli. Höfundarnir eru Magnús Orri Schram, alþingismaður, Kristinn H Gunnarsson fyrrv. alþingismaður og Ólafur Stephensen ritstjóri. Þeir benda á að þjóðarbúið hafi þegar skaðast verulega af þeim drætti sem orðið hefur á því að afgreiða Icesave-málið. Þingmaðurinn sem vitnað var til hér í upphafi er ósammála þeim þremenningum. Allt gott um það. En þeir eiga að fá að hafa sínar skoðanir – ekki rétt? – í lýðræðisríki. Og það á ekki að bregða þeim um landráð þó þeir hafi þessar skoðanir.

Það hefur einmitt verið einkenni umræðunnar um Icesave að það hefur bara ein skoðun verið leyfð; það var fyrirskipuð sú hjarðskoðun í upphafi málsins að vera á móti því að gera upp Iceave-málið. Önnur hjarðskoðunin var sú að Icesave-málið væri sök Steingríms Sigfússonar eða mín eða Indriða Þorlákssonar. Við vorum og erum úthrópaðir svo fá dæmi eru slíks. Þessi hjarðmennska náði þó hámarki í þjóðaratkvæðagreiðslunni þegar þjóðinni var skipað á kjörstað um ekki neitt og þeir sem mættu ekki voru kallaðir ónefnum í blaðinu sem gefið er út á sprungusvæðinu við Rauðavatn. Eins hefur það verið þegar menn eins og Þórólfur Matthíasson eða Gunnlaugur Jónsson hafa stigið fram þá hefur verið ausið yfir þá svívirðingum. Það er ekki gott; við verðum að fá að tala saman.

Sennilega er kominn tími til að stofna Málfrelsisfélag. Og það segi ég vegna þess að greininni sem vitnað var til í upphafi lýkur á þessum orðum: „Það hlýtur að vera undarleg tilfinning fyrir samninganefnd Íslands að horfa til baklands sem lítur það sem meira mál að ná einhverjum samningum en góðum samningum.“ Af hverju nú þetta: Af hverju að bregða þessum góðu mönnum eins og Magnúsi Orra Schram um stuðning við vonda samninga og helst verri en við getum fengið fyrir það eitt að benda á staðreyndir. Má ekki tala? Og af hverju er sá þingmaður sem hér er vitnað til í upphafi viðkvæmari en allir aðrir; af hverju tekur hann allt til sín, ber hann einn ábyrgð á Icesave-meirihlutanum? Auðvitað ekki.

En það er rétt; atvinnuleysi er böl.

*Höfundur er fyrrverandi heilbrigðisráðherra.*

# Gleðilega páska



**365,-**
**Páskaliljur í potti**

**Páska-eggjaleit**
Í dag, skírdag og laugard. 3. apríl verða falin páskaegg víða í versluninni.
**Sá á fund sem finnur!**
Ath. eitt egg á mann.

**295,-**
**KARDEMUMMA blómapottur**
Innanmál Ø12cm. Ýmis mynstur. Hvítt

**Opnunartími um páskana:**
Opið 11-19 í dag, skírdag, laugard. 3. apríl og annan í páskum.
Lokað föstudaginn langa og páskadag

IKEA®
**www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

# Valhöll eða „paradís“

**UMRÆÐAN**
Anna Sigríður Pálsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Baldur Kristjánsson, Hjalti Hugason, Pétur Pétursson, Sigrún Óskarsdóttir, Sigurður Árni Þórðarson og Sólveig Anna Bóasdóttir skrifa um samfélagsmál

Í fornum sið var haft fyrir satt að vopndauðir menn færu til Valhallar en risu síðan upp að morgni og berðust á ný. Vopndauði var þáttur í ímynd hetjunnar sem átti sér trygga endurkomu. Hrynjandi daganna var hin sama. Allt hneig í sama far, hringrás og endurreisn var tryggð. Lífið sigraði dauðann en til hvers? Er slík stríðshyggja eftirsóknarverð, vopnaglamur, hreystisókn, blóðsúthellingar, dauði hetju sem vaknar síðan til sama leiks á nýjum morgni, dag eftir dag?

**Endurnýjun í stað endurtekningar**

Páskar eru önnur mynd endurnýjunar. Á páskum fagna kristnir menn sigri lífsins. Þar er ekki hrósað sigri hetju sem gengur til orustu heldur þess sem ögrar ofbeldinu með því að leggja niður vopn. Páskar eru hátíð sem hyllir lífið og allt sem stuðlar að eflingu þess. Kristinn upprisuboðskapur gengur út á það að allt verði nýtt. Ekkert er sem áður. Hringrás ofbeldis og eiginhagsmunahyggju er rofin. Ekki skal lengur haldið í fals og lygi. Kristinn upprisuskilningur umbreytir öllu. Ekki er sóst eftir meiru af því sama heldur upprisu til nýs lífs. Páskar opna veröldina og bjóða mönnum til róttækrar endurskoðunar á lífsháttum og gildum.

**Hvernig veröld viljum við?**

Á örlagatímum í sögu okkar reynir á gildi. Hverskonar veröld viljum við byggja okkur og börnum okkar? Viljum við lífshætti af því tagi sem Jesús Kristur tjáði eða fýsir okkur frekar að leika víkinga í útrás? Því miður minnir samtíðin fremur á forn-heiðinn hugsunarhátt en kristinn. Svo virðist að æ fleirum sé það keppikefli að komast í gamla gírinn, rísa upp og berjast með sömu vopnum og áður. Boðskapurinn er einfaldur: Virkjum, byggjum orkufrek iðjuver, stuðlum að hergagnaframleiðslu og höldum í nýja útrás, nú með aðeins beittari vopnum og betri markaðssókn. Að kvöldi skulum við ekki falla. Markmiðið virðist vera það eitt að þjóðin nái sér á strik að nýju án þess að nokkuð breytist í grunninn, án þess að nokkuð sé hugsað upp á nýtt. Hvar örlar á nýrri stjórnarskrá, auknu lýðræði, öðrum samtalsmáta, breyttri afstöðu til náungans, til landsins? Hvar bregður fyrir nýrri birtu? Er Valhöll virkilega okkar sögustaður og því engin þörf fyrir páskasól og boðskap um að lífið lifi og fallnir menn megi breytast til hins betra .

**Stöðnun frekar en endurnýjun**

Svo virðist sem margir vilji ekki rísa upp til nýrra og betri hátta en vilji frekar endurtaka leikinn frá í gær. Þetta má ekki viðgangast. Við þurfum að vera tilbúin til að hugsa hlutina upp á nýtt. Við eigum að fagna hinu nýja lífi, tileinka okkur nýjan hugsunarhátt, nýja samskiptahætti. Við getum ekki boðið komandi kynslóðum upp á meira af því sama.

*Höfundar eru guðfræðingar.*


SIGRÚN ÓSKARSDÓTTIR


ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR


SÓLVEIG ANNA BÓASDÓTTIR


SIGURÐUR ÁRNI ÞÓRÐARSON


ANNA SIGRÍÚR PÁLSDÓTTIR


BALDUR KRISTJÁNSSON


HJALTI HUGASON


PÉTUR PÉTURSSON

# Vægi stjórnarskrárinnar

**UMRÆÐAN**
Loftur Jóhannsson skrifar um verkfallsréttinn


LOFTUR JÓHANNSSON

Í nóvember árið 2001 hótaði Davíð Oddson forsætisráðherra að afnema verkfallsrétt flugumferðarstjóra með lögum. Hinn 11. mars sl. afnam ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar verkfallsrétt flugumferðarstjóra með lögum. Á aðgerðum þessara tveggja ríkisstjórna er enginn eðlismunur en stigsmunur nokkur. Davíð Oddsson hafði þann manndóm að boða flugumferðarstjóra á sinn fund og hóta þeim augliti til auglits. Flugumferðarstjórar höfðu spurnir af áformum Jóhönnu og Steingríms, eftir að ríkisstjórnin var búin að kalla til þingheim til að stimpla frumvarpið sem samgönguráðherrann veifaði svo rogginn framan í alþjóð. Niðurstaðan varð sú sama, flugumferðarstjórar aflýstu boðuðum verkföllum sínum.

Í 74. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um rétt manna til að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög. Umboðsmaður Alþingis hefur bent á að við afmörkun á inntaki ákvæðisins sé rétt að líta til alþjóðlegra mannréttindasáttmála (sjá álit umboðsmanns nr. 3409/2002). Sérstaklega bendir hann á mannréttindasáttmála Evrópu en í 11. gr. sáttmálans felst að stéttarfélögum sé heimilt að beita aðgerðum, þar með talið verkföllum, til að gæta starfstengdra hagsmuna félagsmanna sinna. Hæstiréttur hefur úrskurðað að verkfallsréttur er ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla.

Stjórnarskráin er sett af stjórnarskrárgjafanum sem grundvallarlög íslenska ríkisins og æðri öðrum lögum. Í bók sinni, Stjórnskipunarréttur, telur Gunnar G. Schram það meginlögskýringarreglu í íslenskum sem erlendum rétti að almenn lög skuli ekki brjóta í bága við stjórnarskrána. Hæstiréttur Bandaríkjanna lýsti einmitt stöðu stjórnarskrárinnar gagnvart öðrum lögum í því fræga máli „Marbury gegn Madison“ en í niðurstöðu dómsins skrifaði John Marshall, forseti réttarins (þýðing undirritaðs):

„Stjórnarskráin er annaðhvort æðst laga og verður ekki breytt með venjulegri lagasetningu, eða hún er eins og hver önnur lög og verður þá breytt hvenær sem löggjafinn sér ástæðu til. Ef hið fyrra er rétt getur lagasetning sem brýtur í bága við stjórnarskrána ekki verið lög. Ef hið seinna er rétt eru skrifaðar stjórnarskrár aðeins fáránlegar tilraunir fólksins til að setja bönd á vald sem eðli málsins samkvæmt verður ekki bundið.“

Það hefur sýnt sig að afstaða Samfylkingarinnar og VG til stjórnarskrárvarinna mannréttinda launafólks fer eftir því hvort þessir flokkar sitja í stjórn eða stjórnarandstöðu, samanber umræður á Alþingi um lög á verkfall sjómanna árið 2001. „Hér er ekki verið að setja lög. Hér er verið að setja ólög. Ég mótmæli vinnubrögðum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar“ sagði Steingrímur J. Sigfússon við það tækifæri. „Verkfallsvopnið er helgasti réttur launafólks. Hér er verið að mölva það. Ég get ekki stutt það“ sagði Össur Skarphéðinsson. Framsóknarflokkurinn barðist fyrir afnámi verkfallsréttar sjómanna þegar þeir sátu í stjórn í skjóli Davíðs Oddssonar árið 2001 en sat hjá þegar kosið var um lög á verkfall flugvirkja nýlega. Stjórnvöld geta hinsvegar alltaf reitt sig á stuðning Sjálfstæðisflokksins til að koma fram vilja sínum gagnvart stéttarfélögum í trássi við stjórnarskrá. Það er sorglegt, en því miður staðreynd, að á Alþingi Íslendinga er aðeins einn flokkur, Hreyfingin, með hreinan skjöld þegar kemur að stjórnarskrárvörðum réttindum launafólks.

Skiptir stjórnarskráin annars nokkru máli?

*Höfundur er flugumferðarstjóri.*

# Að smala köttum

**UMRÆÐAN**
Birgir Hermannsson skrifar um stjórnmál


BIRGIR HERMANNSSON

Jóhanna Sigurðardóttir líkir samstarfinu við VG við kattasmölun. Þetta þarf ekki að koma á óvart, enda hefur á ýmsu gengið í samstarfi flokkanna. Við myndun ríkisstjórnar gera flokkar með sér samkomulag um málefni og verkaskiptingu. Ef hluti þingmanna er óánægður með málefnin og störf ríkisstjórnarinnar skapar það óvissu um stöðu stjórnarinnar og getu hennar til að framfylgja stefnunni. Við þetta hefur ríkisstjórnin mátt búa síðan sumarið 2009, enda virðist hluti þingflokks VG ekki samstiga ríkisstjórninni. Þó að ríkisstjórnin sé hefðbundin meirihlutastjórn þá hefur hún haft ýmis augljós einkenni minnihlutastjórnar.

Í samsteypustjórnum þarf að semja um mál. Í umræðum síðan í haust hefur gjarnan verið vísað í VG sem klofinn flokk. Annars vegar flokk formannsins og hins vegar „flokksbrot“ Ögmundar Jónassonar. Frá sjónarmiði Jóhönnu virðist vera um að ræða stuðningsmenn formannsins annars vegar og hins vegar ósamstæðan hóp þingmanna sem þarf „að smala“. Samningar verða því flóknari en ella. Það skiptir ekki öllu máli hvort sjónarhornið við tökum: Ríkisstjórnin hefur ekki tryggan meirihluta. Þetta þýðir þó ekki endilega að hún sé völt í sessi. Minnihlutastjórnir geta setið árum saman án teljandi vandræða.

Ríkisstjórnin og flokkar hennar hafa brugðist við þessu með ýmsum hætti upp á síðkastið. Mest hefur verið talað um að „þétta raðirnar“. Þetta þýðir í raun að staða mála verði viðurkennd með formlegum hætti, t.d. því að „flokksbrot“ Ögmundar Jónassonar verði hluti af ríkisstjórninni og hún því einskonar þriggjaflokkastjórn. Einnig er hægt að hugsa sér hefðbundna aðferð minnihlutastjórna: ríkisstjórnin semur við hluta þingsins um framgang mála. Ef illa gengur að smala þingmönnum VG er sá möguleiki auðvitað til staðar að semja við aðra flokka.

Ekki er gott að segja hversu raunhæfar þessar lausnir eru. Augljós skoðanamunur og innanflokksátök VG eru viðkvæmt mál, „smölun“ þeirra óánægðu gæti því orðið erfið, hvað þá samningar við aðra flokka. Mín skoðun er sú að minnihlutastjórn um nokkurt skeið væri ekki slæmt skref fyrir íslensk stjórnmál. Slíkt myndi hvetja til samninga og lausna fremur en uppblásinna ræðuhalda og átaka. Ókosturinn er augljóslega sá að íslenskir stjórnmálaflokkar og stjórnmálaleiðtogar kunna lítt til verka þegar minnihlutastjórnir eru annars vegar. Það er einnig ljóst að verkefnin sem leysa þarf eru þau erfiðustu sem nokkur ríkisstjórn á lýðveldistímanum hefur staðið frammi fyrir. Við lausn slíkra verkefna er endalaus kattasmölun ekki líkleg til árangurs. Því miður.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur.*




Gjafabréf gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið í dag skírdag

# frá kl. 11-19

# í öllum verslunum



Sama vöruverð í Bónus um land allt !

BÓNUS BÝÐUR BETUR



**SUSAN BOYLE ER 49 ÁRA Í DAG.**

*„Ég hef alltaf verið músíkölsk. Ég öskraði þegar ég var smábarn, söng í hárbursta sem krakki og í sturtunni.“*

***Skoska söngkonan Susan Magdalena Boyd sló í gegn í breska raunveruleikaþættinum Britain Got Talent þegar hún söng lagið „I dreamed a dream“ úr söngleiknum um Vesalingana.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 1. APRÍL 1976

## Apple-fyrirtækinu komið á fót



Tölvufyrirtækið Apple var stofnað af Steve Jobs, Steve Wozniak og Ronald Wayne þennan dag árið 1976. Apple er bandarískt raftækjafyrirtæki með höfuðstöðvar í Cupertino í Kaliforníu. Apple þróar, framleiðir og selur meðal annars borðtölvur, fartölvur, margmiðlunarspilara og síma.

Steve Wozniak handsmíðaði Apple I-tölvurnar í stofunni hjá foreldrum Steve Jobs. Tölvurnar voru kynntar almenningi í Homebrew Computer Club sem var áhugamannafélag um tölvur sem starfaði í Kísildal. Alls voru smíðaðar 200 Apple I-vélar sem innihéldu móðurborð (með örgjörva, vinnsluminni og skjákorti). Þær komu á markað árið 1984. Fyrirtækið hét Apple Computer Inc. fyrstu 30 árin. Hinn 9. janúar 2007 var orðinu „computer“ hins vegar sleppt úr nafninu til þess að endurspegla breyttar áherslur þar sem fyrirtækið einblíndi ekki lengur á einkatölvuna heldur einnig annars konar tækjabúnað og sölu á afþreyingarefni. Meðal annarra þekktra vörumerkja Apple má nefna margmiðlunarspilarann iPod sem kom fyrst á markað 2001, farsímann iPhone sem kom á markað í júní 2007 og nýjasta viðbótin er iPad Apple var sett á hlutabréfamarkað hinn 3. janúar árið 1977.

### MERKISATBURÐIR

**1855** Einokunarverslun Dana var aflögð á Íslandi.
**1873** Hilmar Finsen varð fyrsti landshöfðingi Íslands.
**1891** Wrigley-fyrirtækið var stofnað í Chicago.
**1896** Álafoss hóf ullarvinnslu.
**1924** Adolf Hitler var dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir valdaránstilraun í München.
**1936** Alþýðutryggingalög gengu í gildi á Íslandi.
**1984** Söngvarinn Marvin Gaye var skotinn til bana af föður sínum.
**2001** Slobodan Milošević, fyrrverandi forseti Júgóslavíu, gaf sig fram við sérsveitir lögreglu.



## 40 ára afmæli

Fertugur er í dag

### Hrólfur Hjaltason

sagnhafi Víðimel 36. Boðið verður upp á koníak og kleinur milli kl. 17 og 20 á Fimmvörðuhálsi. Allir velkomnir, allar gjafir afþakkaðar nema í peningum. Afhendist í Icesavesjóð Íslands eða beint til alþjóða Gjaldeyrissjóðsins.



## 70 ára afmæli

### Hafsteinn Reykjalín Jóhannesson

Er 70 ára í dag, 1. apríl ´10. Hann er fæddur og uppalinn á Hauganesi v/Eyjafjörð, en lengst af búið í Kópavogi. Hann er mikill félagsmálamaður og nýtur þess, svo og einn af þessum lífslistamönnum sem flest geta ef reyna. Hann er vélvirkjameistari, vélfræðingur, starfaði sem vélstjóri, framkv. stj., forstjóri og hótelstjóri. Smíðaði sinn eigin jeppa, sem hann er búinn að eiga í 54 ár. Svo og skúlptúra, haldið 10 olíumálverkasýningar sjálfur eða með öðrum. Einn af stofnendum Fél. Frístundamálara. Samið texta og á nú 10 tónverk við eigin texta. Einn af stofnendum Rótarýklúbbsins Þinghóll. Er í skipulagsnefnd Kópavogs, svo stiklað sé á nokkrum atriðum. Í tilefni þessara tímamóta býður hann ættingjum og vinum að eiga dagstund með sér í Glersalnum Salavegi 2, Kóp. í dag, 1. apríl, milli kl. 16.00 og 19.00. Ekkert gabb núna.

**HÁSKÓLI ÍSLANDS OG BIFRÖST:** LEIÐA SAMAN HESTA SÍNA Í NÝRRI NÁMSGREIN

# Býður upp á mikla fjölbreytni

Háskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst hafa hafið samstarf um að bjóða upp á MA-nám í menningarfræði.

Í menningarfræði er helstu kenningum samtímans á sviði hug- og félagsvísinda stillt saman í tilraun til að byggja upp sjálfstæða og gagnrýna hugsun um samfélag og menningu. Nemendur útskrifast með sameiginlega gráðu frá báðum skólum. Að sögn Ástráðar Eysteinssonar, forseta fræðasviðs Háskóla Íslands, er þetta eitt viðamesta samstarf sem skólinn hefur tekið upp við einkarekinn háskóla. „Menningarfræði hefur verið kennd við Háskóla Íslands sem aukagrein til BA-prófs. Það hefur staðið til lengi að bjóða upp á þverfaglegt framhaldsnám fyrir nemendur úr ýmsum greinum, aðallega félags- og hugvísindum. Menningarfræði býður upp á mikla fjölbreytni og nemendur geta nýtt sér ólíkar tengingar og bakgrunn.“

Fjárhagslegar aðstæður réðu því hins vegar að framhaldsnám í menningarfræðum frestaðist og að leitað var til Bifrastar eftir samstarfi. „Þar er boðið upp á MA-nám í menningarstjórnun, sem er auðvitað skylt svið, og þar er líka Jón Ólafsson prófessor, fyrrum kennari við Háskóla Íslands og mikill áhugamaður um þessi mál. Það var í samráði við hann sem við lögðum upp í þetta ferðalag.“

Ástráður segir ekki auðvelt að splæsa saman prófgráðum tveggja háskóla, sérílagi þegar annar er ríkisrekinn en hinn einkarekinn. „Það tók langan tíma að finna rétta farveginn. En ég held að það hafi verið fyrirhafnarinnar virði. Án þessa samstarfs hefði hvorugur skólinn varla geta boðið upp á þetta nám. Þótt skólarnir séu í samkeppni er líka mikilvægt að þeir samnýti kraftana þar sem við á.“

Nokkur vaxtarbroddur hefur verið í menningartengdu framhaldsnámi með hagnýtar áherslur. Ástráður segir það endurspegla meiri ásókn. „Fleiri ljúka meistaranámi án þess að stefna endilega á doktorspróf eða vísinda- eða fræðistarfi. Fyrir vikið hafa praktískar áherslur aukist í MA-náminu í bland við fræðilegar áherslur. Þetta nám er enn einn liðurinn í því.“

bergsteinn@frettabladid.is



**ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON** Segir lengi hafa staðið til að bjóða upp á nám í menningafræði á framhaldsstigi en fjárhagslegar ástæður staðið í vegi fyrir því. Samstarf skólanna hafi gert kleift að bjóða upp á námið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---

†



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðlaugar Sigurjónsdóttur**

Hrafnistu Reykjavík, áður Ásvegi 16.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunardeildar A-3, fyrir góða umönnun.

**Ólöf Einarsdóttir** **Bogi Þórðarson**
**Sigurlaug Einarsdóttir**
**Erna Einarsdóttir** **Bergþór Einarsson**
**Einar Örn Einarsson** **Hulda Sólborg Haraldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Benedikt Þorvaldsson**

húsasmiður, frá Hólmavík, Hrafnistu, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 30. apríl. Jarðarför auglýst síðar.

**Guðbrandur Benediktsson** **Guðlaug Þorkelsdóttir**
**Þorvaldur Helgi Benediktsson** **Sigurlaug Gísladóttir**
**Birgir Benediktsson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Sigrún Benediktsdóttir**
**Steinþór Benediktsson** **Hildur Guðbjörnsdóttir**
**og afabörn.**

---



†

*Bróðir okkar, fósturbróðir og mágur,*

**Ingimar Oddsson**

frá Presthúsum í Garði,

lést á heimili sínu í Linköping í Svíþjóð 15. mars.

**Sóley Oddsdóttir**
**Eyjólfur Gíslason** **Helga Tryggvadóttir**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug vegna andláts foreldra okkar, tengdaforeldra, afa og ömmu,*

**Steingríms Þórðarsonar**

frá Ljósalandi í Vopnafirði og



**Höllu Eiríksdóttur**

frá Eskifirði.

**Eiríkur Steingrímsson,** **Sigríður Sigurjónsdóttir**
**Þórður Steingrímsson,** **Guðbjörg Eysteinsdóttir**
**Elsa Albína Steingrímsdóttir,** **Hans Guttormur Þormar**
**og barnabörn.**

---



†

*Elskulegur sonur okkar, faðir, tengdafaðir, afi, sambýlismaður og bróðir*

**Gylfi Gunnarsson**

rafeindavirkjameistari,

lést mánudaginn 29. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Elsa Árnadóttir** **Magnús Ragnarsson**
**Haukur Gylfason** **Margrét M. Olsen**
**Bríet Alda Hauksdóttir Olsen**
**Guðrún Sigurðardóttir**
**Valgerður Gunnarsdóttir**
**Guðjón G. Magnússon**
**Auður S. Magnúsdóttir** **Kristinn Sigurðsson**
**Ragna J. Magnúsdóttir** **Jón Bjarni Geirsson.**

---



†

*Ástkær eiginmaður, besti vinur, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og tengdasonur,*

**Jón Ingvi Sveinsson**

Skarðshlíð 17, Akureyri,

lést að heimili sínu þann 26. mars. Útför hans fer fram frá Hvítasunnukirkjunni Akureyri þann 6. apríl kl. 14.

**Jarþrúður Sveinsdóttir**
**Pétur Á. Jónsson** **Guðrún Kristjánsdóttir**
**Margrét S. Jónsdóttir** **Arnar Þorbjörnsson**
**Sveinn Kr. Jónsson**
**Aðalgeir A. Jónsson** **Inga S. Arnardóttir**
**barnabörn, langafadrengur**
**Aðalheiður Björgvinsdóttir.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.




**Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511



**KÓRINN HYMNODIA** kemur fram á miðnæturtónleikum í Akureyrarkirkju að kvöldi föstudagsins langa. Kvenraddir Hymnodiu eru í aðalhlutverki í þessari dagskrá. Meðal annars verður flutt verkið Stabat Mater eftir Pergolesi og verk með sama nafni eftir Marc-Antoine Charpentier. Kirkjan verður myrkvuð að mestu.





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




Eirberg

Rafskutlur

-frelsi og nýir möguleikar

Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

White-Westinghouse

- amerísk gæða heimilistæki



12 kg

Þvottavél og þurrkari

· Tekur 12 Kg · Hljóðlát

· Stórt op > auðvelt að hlaða

· Sparneytin

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI

SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Frábærar vörur pompea betra verð



Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar

**Dreifingaraðili:** S. Gunnbjörnsson ehf.




**Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com**

Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir




Linda situr hér við teikningu á nýjum búningi fyrir Stundina okkar á páskadag. Hún segir klæðnaðinn hafa sterka tilvísun í íslenska náttúru, með stuðlabergi yfir axlir. Kanínuhugmyndin kviknaði svo á göngu um Öskjuhlíð þegar hún sá að náttúran á sér nýjar birtingarmyndir í nærumhverfinu þegar fjörlegar kanínur stukku á milli steina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sátt í stóra kjólamálinu

**Linda Björk Árnadóttir, aðjúnkt í hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands, hefur verið ráðin listrænn ráðunautur í búningadeild Ríkissjónvarpsins. Útvarpsstjóri segir kröfum sjónvarpseigenda mætt.**

„Stóra kjólamálið kom vitaskuld illa við okkur og þar sem Ríkisútvarpið er í eigu allra landsmanna tökum við ábendingum þar um fagnandi og komum til móts við óskir um það sem betur má fara. Til þess treystum við engum betur en Lindu sem nú mun vaka haukfránum augum yfir öllu sem verið gæti fagurfræðilega vafasamt í búningaframsetningu Sjónvarpsins,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri um ráðningu Lindu í starfið, sem ekki var auglýst.

Íslensku þjóðinni er í fersku minni óvænt framlag Lindu í þjóðfélagsumræðuna þegar hún sagði sjónvarpskonurnar Evu Maríu Jónsdóttur og Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur hafa verið í ljótustu kjólum sem sést hefðu í sjónvarpi og Sjónvarpinu bæri skylda til að sýna það fremsta og besta sem gerðist í íslenskri fatahönnun.

Linda hefur orðið: „Mér hefur lengi blöskrað útgangur sjónvarpsfólks í flestri þáttagerð Sjónvarpsins enda alls ekki nógu gott. Sem þjóðarfjölmiðill er áríðandi að vitna meira í íslenska náttúru og íslensk gildi; ekki síst þegar þjóðin á jafn bágt og um þessar mundir,“ segir Linda sem sýnir afrakstur fyrstu búningagerðar sinnar fyrir Sjónvarpið í húsakynnum Listaháskólans við Skipholt í dag, skírdag, þar sem hún segist einnig munu taka tilmælum fagnandi, enda búningarnir almannaeign.

Eitt af fyrstu verkefnum Lindu er betri útfærsla á búningum Stundarinnar okkar, en það er að ósk sjónvarpsstjóra sem kallar á aukið áhorf karla á barnaefni Sjónvarpsins.

„Í tímans rás höfum við hjá Sjónvarpinu reynt að stuðla að auknum samverustundum feðra með börnum sínum með því að hafa góðan kvenkost á skjánum, en samkvæmt skoðanakönnunum hefur músin Björgvina Fransína ekki skilað því sem skyldi. Því er eitt af fyrstu verkum Lindu að útfæra léttari klæðnað fyrir kvenpersónu í þessum tilgangi, og verður frumsýnt í Stundinni okkar á páskadag,“ segir Páll spenntur yfir nýrri ásýnd sjónvarpsfólks undir öruggri handleiðslu Lindu.

„Ef vel til tekst finnst mér engin spurning að Linda taki yfir hönnun kjóla fyrir meiri háttar viðburði á sjónvarpsskjánum, eins og Júróvisjón, spurningakeppnir og jafnvel kosningasjónvarp, þar sem líka hefur verið kvartað undan smekkleysi í fatavali sjónvarpsfólks sem og viðmælenda. Sjálfur væri ég alveg sáttur við að Linda setti svip sinn á sem flesta í sjónvarpi allra landsmanna, jafnvel sjálfan mig,“ segir Páll sem þekktur er fyrir einfaldan smekk.

Undir þetta tekur Linda: „Draumurinn er auðvitað Júróvisjónkjóllinn, sem er aðalnúmerið á þeim mikla menningarviðburði sem Sjónvarpið setur allan sinn pening í. Ég vil endurvekja og ná aftur þeirri einlægni sem Júróvisjón hefur tapað.“

*thordis@frettabladid.is*


Allt fyrir **góðan svefn** og **betri heilsu**

IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi



PROFLEX

**Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum og Proflex stillanlegum rúmum á sértilboði frá framleiðanda**

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 339.900** - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 349.900** - verð áður 459.000

**Fermingartilboð sjá www.svefn.is**

Svefn & heilsa

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

**ÞÓRBERGSSETUR** á Hala í Suðursveit verður opið alla páskana frá 9 til 20 til þriðjudagsins 6. mars. Opið er inn á sýningar og hægt að fá leiðsögn um þær ef óskað er.





Hrafnhildur Bridde
löggiltur fasteignasali
s: 821-4400
ÞEKKING • ÞJÓNUSTA • ÞINN HAGUR
HB FASTEIGNIR
Holtasmári 1 • 203 Kópavogur



HJARÐARHAGI - 107 RVK - Skipti á minni eign möguleg

• LAUS !
• 150 fm með bílskúr
• 4 svefnherbergi
• Efsta hæð
• Endaíbúð
• Suð-vestur svalir

VERÐ 32,4 millj.



KJARRIVAXNAR ÚTSÝNISLÓÐIR Í HVALFIRÐI



Til sölu eða leigu stórar, fallegar lóðir með frábæru útsýni yfir Hvalfjörð. Lóðirnar eru í skjólgóðri, kjarrivaxinni hlíð sem snýr mót suðri í landi Kalastaða, 55 km frá Reykjavík. Tilbúnar til afhendingar. Fjölbreytt afþreying í nágrenninu. Sund, golf, veiði og gönguleiðir.
Nánari upplýsingar eru veittar í síma 663 2712 og á www.kalastadir.com



Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


# Gleðin kostaði líf Krists

**Um páska sveiflast vitund manna milli sorgar og gleði vegna atburða sem aldrei gleymast um Jesúm Krist, þjáningu hans, dauða og upprisu. Séra Guðmundur Karl Brynjarsson man tímana tvenna á páskum.**

„Ég hlakka heldur betur til páskanna þó minnugur þess að gleðin kostaði líf Guðs sonar. Maður skynjar umskiptin svo sterkt á páskadagsmorgun, eftir að hafa gengið í gegnum texta Biblíunnar um síðustu kvöldmáltíðina og píslarsöguna, því þá kemur upprisuboðskapurinn og hrein unun að finna gleði taka völd á ný við það stórkostlega undur,“ segir séra Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur í Lindakirkju, þar sem heillandi dagskrá verður í hávegum höfð yfir páskadagana.

Séra Guðmundur Karl segir mikilvægt að taka sér tíma á föstudaginn langa til að hugsa um þann atburð þegar Jesús tók á sig syndir heimsins og dó fyrir þær á krossinum.

„Ég minnist þess að vera í pössun á föstudaginn langa hjá ömmu. Hún var nú ekki annáluð kirkjukona en henni var mikilvægt að ég gerði nákvæmlega ekkert þann daginn. Jújú, allt í lagi, ég mátti svosem fara út, en ekki til þess að leika mér. Önnur minning er um mikla prjónakonu sem tók ekki upp prjónaskapinn fyrr en þrjú síðdegis, en sagði þá: „Jæja, þá ættu þessi ósköp að vera yfirstaðin“ og hóf að prjóna á ný, en þá hafði Kristur gefið upp öndina.

Þessum alvarleika föstudagsins langa höfum við nú tapað, en flestir eru enn meðvitaðir um mesta sorgardag sögunnar og fallegt að sjá almenna hluttekningu sem felst í að flagga í hálfa stöng til minningar um dauða Krists,“ segir séra Guðmundur Karl sem nú heldur páska öðru sinni í Lindakirkju, en kirkjustarfið var í mun þrengri húsakosti á meðan kirkjan var í byggingu.

„Nú getum við tekið mót fleirum í máltíð Drottins á skírdag, en þá setjast kirkjugestir við langborð í stað hefðbundinnar altarisgöngu og líkami Krists gengur hringinn manna á milli. Í stað oblátu hef ég venjulegan brauðhleif, en við notum líka stundum norskar lefsur, sem eru prýðilegt altarisbrauð, og einnig flatkökur eins og gert var á kristnihátíðinni á Þingvöllum. Með tímanum vonast ég til að við getum bakað okkar eigið altarisbrauð í kirkjunni,“ segir séra Guðmundur Karl sem temur sér hóf í páskaeggjaáti, en leggur heimilisfólkinu lið við þeirra páskaegg.



Guðmundur Karl Brynjarsson er sóknarprestur í Lindakirkju í Kópavogi, en þar verður mikið um dýrðir í dymbilvikunni og um páskana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég tek matarvenjur páskanna ekki hátíðlegar svo að ég fasta ekki né borða fisk á föstudaginn langa. Ég er heldur aldrei með stórsteikur þann daginn, meðvitaður um að Kristur fékk hvorki vott né þurrt á krossinum, utan þess að varir hans voru vættar með ediki,“ segir séra Guðmundur Karl sem bíður í ofvæni eftir morgunmessu páskadags sem hefst klukkan 8.

„Mér finnst ástæða til að fagna því sem gerðist í dagrenningu að morgni. Við létum berast að það yrði morgunverður eftir messu á páskum í fyrra og viti menn; kirkjugestir komu færandi hendi með nýbakaðar brauðbollur, hnallþórur og reykta laxinn úr kistunni. Það fór ekki á milli mála að hátíð ríkti í húsi Guðs og mikil gleði að taka daginn snemma í kirkjunni,“ segir séra Guðmundur Karl sem ætlar að halda kyrru fyrir í faðmi fjölskyldunnar um páskana.

„Punkturinn yfir i-ið verður gospelkvöldvaka annan í páskum en þá má búast við þéttsetnum kirkjubekkjum. Við búum svo vel að eiga tvær frábærar söngkonur við kirkjudyrnar; Áslaugu Helgu Hálfdánardóttur blússöngkonu og Regínu Ósk Óskarsdóttur sem frá fyrstu tíð hefur sýnt kirkjunni mikinn velvilja. Þær ætla að syngja ásamt fleirum undir stjórn Óskars Einarssonar tónlistarstjóra okkar, sem margir þekkja úr Fíladelfíu, og skapar galdra og eyrnakonfekt úr öllum tónlistarviðburðum sem hann kemur nálægt.“

*thordis@frettabladid.is*

# Leikið á klukkur og lúðra

**Fagnaðargjörningur verður í turni Hallgrímskirkju klukkan 15 í dag er nýtt tónverk verður frumflutt.**

Verk fyrir kirkjuklukkur og lúðra hljómar í turni Hallgrímskirkju í dag eftir þá Viktor Orra Árnason og Hjört Ingva Jóhannesson úr hljómsveitinni Hjaltalín og Guðmund Stein Gunnarsson og Inga Garðar Erlendsson úr Samtökum listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík, S.L.Á.T.U.R.

„Þetta verður magnað,“ segir Viktor Orri og rekur hugmynd að gjörningnum til Melkorku Ólafsdóttur, flautuleikara og umsjónarmanns listavöku ungs fólks. Hann segir höfundana fjóra semja verkið í félagi en þurfa ekki að skrifa út hverja einustu nótu því flytjendurnir séu flinkir. „Við getum alveg treyst þeim til að leika eitthvað af fingrum fram,“ segir hann og á þar við Ellu Völu Ármannsdóttur sem leikur á horn, Grím Helgason sem blæs í klarinett, Ara Hróðmarsson básúnuleikara og Vilhjálm Sigurðsson á trompet.

Hjörtur Ingvi spilar á kirkjuklukkurnar og það hlýtur að vera erfitt að æfa sig á þær, án þess að allt komist í uppnám á holtinu. Hann gerir þó ekkert úr því vandamáli. „Ég spila á klukkurnar í gegnum lítið hljómborð sem er neðst í kirkjunni. Það nær yfir tvær áttundir og gefur marga möguleika. Venjulega fer það í gang sjálfkrafa þegar til er ætlast en svo er líka hægt að spila beint á það og það ætla ég að gera. Þannig að þetta verður ekkert afrek. Það er bara í útlöndum og litlum, íslenskum sveitakirkjum sem hringjarinn togar í spotta og það eru heilmikil vísindi bak við svoleiðis spilamennsku.“



Viktor Orri hlakkar til að taka þátt í hinum listræna fagnaðargjörningi klukkan þrjú í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

En á fólk að standa úti þegar það hlustar? „Nei, þá mundu klukkurnar yfirgnæfa allt. Því er planið að hafa hljóðfæraleikarana efst í stigaganginum og áheyrendur þar fyrir neðan. Þá ætti að koma gott jafnvægi í flutninginn.“

*- gun*

# tómstundir

FIMMTUDAGUR 1. APRÍL 2010

## Skátaandinn er hressandi afl

**Guðmundur Þór Pétursson er félagsforingi skátafélagsins Skjöldunga.**

BLS. 2



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRÉTTABLAÐIÐ



Eyrún fer meðal annars yfir það hvernig hægt er að finna upplýsingar um látna einstaklinga í kirkjubókum og manntölum.

# Ættfræðigrúsk hjá Mími




Fyrsta manntalið á Íslandi var tekið árið 1703.

Nýtt námskeið, sem ber yfirskriftina Ættfræðigrúsk, hefst hjá Mími símenntun í byrjun apríl. Þar mun sagnfræðingurinn Eyrún Ingadóttir kenna aðferðir til að finna heimildir sem er hægt að nota til að skrifa ævibrot fólks úr fortíðinni.

Farið verður yfir hvar hægt er að nálgast ættfræðiupplýsingar, hvernig er hægt að finna upplýsingar um látna einstaklinga í kirkjubókum og manntölum og hvaða upplýsingar finnast í slíkum heimildum. Þá verða kynnt gögn sem geta gefið upplýsingar um efnahag og aðrar aðstæður einstaklinga í fortíðinni auk þess sem farið verður í hvaða heimildir er hægt að sækja á netinu. Eins verða gefnar leiðbeiningar um munnlegar heimildir og hvernig sé best að vinna úr upplýsingum.

Námskeiðið er sex stunda og stendur frá 7. til 15. apríl. *- ve*

● **STOLT SIGLIR FLEYIÐ MITT** Siglingar eru indælt sport í tómstundum og ýmsir sem kenna kúnstina við að sigla. Siglingafélag Reykjavíkur, Brokey, heldur reglulega námskeið í siglingum fyrir börn og fullorðna. Félagsbáturinn Sigurvon er notaður á fullorðinsnámskeiðum sem fara fram á Ingólfsgarði og á sundunum. Sjá nánar á www.brokey.is





„Hann gengur í erfðir þessir góðkynja sjúkdómur og verður að lífsstíl," segir Guðmundur Þór um skátahugsjónina. Hér er hann með hundinn Breka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

● **UNDUR Í IÐRUM JARÐAR** Hellaskoðun gefur nýja sýn á íslenska náttúru og er skemmtilegt tómstundasport. Hægt er að kaupa leiðsögn um hella hjá sérhæfðum ferðaþjónustum, en einnig er hægt að skoða sjálfur. Mikilvægt er að undirbúa hellaskoðun vel og vera með réttan útbúnað, ef ske kynni að eitthvað færi úrskeiðis og hellirinn ekki í alfaraleið. Ferðaáætlun þarf því alltaf að skilja eftir hjá aðstandendum, sem og eitthvað með áberandi lit uppi á yfirborðinu, sem flýtir fyrir ef leita þarf að fólki. Sjá nánari leiðbeiningar um útbúnað og varúðarráðstafanir á heimasíðu Landsbjargar.



# Fjársjóður er í ýmsu formi

**Skátaandinn er hressandi afl sem ýmsir kynnast á unglingsárum með flokkastarfi, útilegum, varðeldum og söng. Orðtakið: „Eitt sinn skáti, ávallt skáti", á við marga. Meðal þeirra er Guðmundur Þór Pétursson verkfræðingur.**



Hér er fáninn afhentur en á hverjum morgni er athöfn þegar hann er dreginn að húni því skátar læra allt um þjóðfánann.

„Skátastarfið er auðvitað mest fyrir börn og unglinga þótt einstaka vitleysingar eins ég séu að grautast í því líka," segir Guðmundur Þór glaðlega. Hann var nýlega kjörinn félagsforingi skátafélagsins Skjöldunga sem starfar í Vogahverfinu í Reykjavík og hefur verið viðriðinn það svo lengi sem hann man. „Foreldrar mínir voru báðir í skátunum og ég var kominn á skátamót sem ungbarn. Svo gengur hann í erfðir þessi góðkynja sjúkdómur og verður að lífsstíl."

Skátastarfið felst í mannrækt í víðum skilningi þess orðs og Guðmundur Þór viðurkennir að ávallt sé þörf á fullorðnum einstaklingum sem tilbúnir séu til að gefa af tíma sínum, halda utan um starfið og miðla hinum yngri. Hann upplifði að fara á alheimsmót skáta í Ástralíu 17 ára gamall en fyrri hluta Gilwell-námskeiðs sem er hápunktur foringjaþjálfunar, tók hann á Úlfljótsvatni í ágúst í fyrra. „Það var gaman að vinna fram á nótt með höfuðljós við að súrra saman trönur í mannvirki og keppa við hina flokkana," segir hann og kveðst hafa nýlokið síðari hluta námskeiðsins.



Í turninum er frábært að æfa klifur og sig.

Guðmundur Þór er í vinnunni en hátt í 50 Skjöldungar í árlegri páskaútilegu á Úlfljótsvatni þegar viðtalið við hann fer fram. Flestir þeirra eru á aldrinum 10-16 ára en nokkrir eldri, að hans sögn. „Þessir krakkar eru með hugmyndaflugið í lagi," segir hann hlæjandi. „Þeir ætla að hafa jólaþema með tannlæknaívafi og næturleikurinn á að fjalla um brjálaðan tannlækni. Þá fara þeir út um miðnætti að leita að einhverjum fjársjóði." Ekki segir hann þó gott að giska á hver fjársjóðurinn sé. „Í síðustu útilegu var hægt að finna fullt af peningabunkum en einn hópurinn fann tóma flösku, annar vatnsflösku og sá þriðji flösku með mold. Þar reyndist fjársjóðurinn kominn, loft, vatn og jörð."

Þegar hringt er í skátamiðstöðina á Úlfljótsvatni svarar Magnús Daníel Karlsson útilegustjóri en bak við hann heyrast skátasöngvar sungnir við raust. „Það er verið að vinna hér í verkefnum, æfa nýja söngva, læra leiki og hnúta. Reyndar eru söngvarnir gamlir en þeir hafa legið í hálfgerðum dvala og nú er verið að rifja þá upp," lýsir hann. Magnús Daníel segir matreiðslukeppni fram undan, einnig stóra kvöldvöku og varðeld ef veður leyfi. *- gun*

Sérblað um dekk

Kemur út þriðjudaginn 13. apríl

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband
Hlynur Þór • hlynurs@365.is • Sími 512 5439



skemmtilegri
RÉTTUR
SUNNUDAGA
FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOÐ
50%
AFSLÁTTUR AF VIÐBÓTARSTÖÐ
AÐ EIGIN VALI Í 2 MÁNUÐI
HVERT EINASTA KVÖLD Í APRÍL
FRÁTEKIÐ FYRIR ÞIG
SIMMI & JÓI
OG HAMBORGARAFABRIKKAN
FIMMTUDAGA
COCO CHANEL
HJARTNÆMT STÓRVIRKI
Í TVEIMUR HLUTUM
MENTALIST SNÝR AFTUR
SUNNUDAGA
American Idol
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
STEINDINN OKKAR
ÍSLENSKUR GAMANÞÁTTUR
FÖSTUDAGA
STÖÐ 2 PLÚS, EXTRA OG BÍÓ FYLGJA FRÍTT MEÐ VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2
ÚRSLITIN Í AMERICAN IDOL
MÁNUDAGA
AUDDI OG SVEPPI - FÖSTUDAGA
24 - SUNNUDAGA
GREY´S ANATOMY - MIÐVIKUDAGA
SJÁLFSTÆTT FÓLK - SUNNUDAGA
WIPEOUT - FÖSTUDAGA
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Heilsa
Sérblað Fréttablaðsins

Kemur út fimmtudaginn
8. apríl

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**

Benedikt
• benediktj@365.is
• sími 512 5411

Bjarni Þór
• bjarni thor@365.is
• sími 512 5471

Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 512 5439

Sigríður Dagný
• sigridurdagny@365.is
• sími 512 5462




# Blöskraði sjónvarpsglápið

**Sylvía Ólafsdóttir laganemi lætur ekkert hindra sig í að sinna áhugamálum og öðrum hugðarefnum.**


**Sylvía Ólafsdóttir er kona með mörg áhugamál, en það voru einmitt áhugamálin sem urðu til þess að líf hennar tók u-beygju til betri vegar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég einfaldlega slökkti á sjónvarpinu og lífið tók u-beygju. Fór að gera eitthvað uppbyggilegt á kvöldin og vaknaði aftur til lífsins," segir Sylvía sem senn lýkur námi við Háskólann við Bifröst.

„Þessi viðsnúningur hófst árið 2003 þegar ég var einstæð með þrjú ung börn og stóð mig að því að kunna sjónvarpsdagskrána utan að. Þá blöskraði mér hversu aumu lífi ég lifði eftir langan vinnudag, því eftir að hafa sinnt börnum og komið þeim í svefn tók við heilalaust gláp á sjónvarpsseríur þar til svefninn tók völd," segir Sylvía sem ákvað að skrá sig í það sem hún kallar hobbífög í fjarnámi við Verkmenntaskólann á Akureyri.

„Þar tók ég bara fög sem ég hafði áhuga á og lærði ítölsku, spænsku, forritun, rekstrarhagfræði, listir og menningu og alls kyns fög sem mér þóttu áhugaverð," segir Sylvía sem nokkrum árum síðar stóð sjálfa sig að því að vera búin að ljúka yfir 200 einingum á framhaldsskólastigi.

„Þá hætti ég í vinnunni og fór í fullt nám í lögfræði á Bifröst, en í Borgarfirði er umhverfið svo stórkostlegt að enn fleiri áhugamál bættust við, eins og útivist, fjallgöngur og golf, enda stutt á fjöll og golfvöllinn sem er í þriggja mínútna göngufæri að heiman," segir Sylvía sem einnig er gallharður Liverpool-aðdáandi og meðlimur í Liverpool-klúbbnum á Íslandi ásamt þremur sonum sínum sem eru 8, 14 og 15 ára.

„Það er yfirleitt þannig að ég fæ áhuga á einhverju og þeir hrífast með, en við gerum allt meira og minna saman. Ég fór í skiptinám á vegum Bifrastar til Ítalíu, tók drengina með mér og kom á óvart hversu ofboðslega auðvelt það var. Þeir sóttu grunnskóla þar ytra í fjóra mánuði og við ferðuðumst óteljandi borgarferðir um alla Evrópu til að skoða kirkjur og söfn," segir Sylvía sem nýtt gat ítölskunámið frá Verkmenntaskólanum á Ítalíu og gefið sonum sínum kost á að læra tungumálið með dvöl í landinu fagra. Sjálf heldur hún ítölskunni við með því að lesa bækur, horfa á bíómyndir og hlusta á tónlist þeirrar þjóðar, en þess má geta að hún hefur einnig gott vald á þýsku, spænsku, ítölsku, ensku og dönsku, og er ágætlega talandi á rússnesku og frönsku.

Sylvía, sem lýkur tveimur meistaragráðum við Háskólann á Bifröst um áramót, er búin að skipuleggja sumarfríið í þaula en þau mæðgin ætla að fara hringinn og skoða landið sitt í ár. „Strákarnir eru bestu ferðafélagarnir því þeir draga ekki ákvarðanir mínar í efa heldur ræð ég hvert við förum og hvað við ætlum að sjá," segir hún hlæjandi. „Við ferðumst mikið innanlands og utan og nú sé ég á námi þeirra hvað það allt hefur komið þeim til góða og hvað þeir standa sig vel í landafræði, sögu og tungumálum. Þá erum við fastagestir á bókasafninu í Borgarnesi, liggjum saman í stofunni á kvöldin með bækurnar okkar eða spilum Trivial Pursuit þar sem mestur tími fer í að spjalla um spurningarnar og víða að okkur frekari fróðleik."

Sylvíu vex ekkert í augum og finnst gott að hafa alið strákana sína upp í að allt sé mögulegt. Hún segir ómögulegt að lesa skólabækur allan sólarhringinn. „Lög eru vissulega torlesin en það venst furðulega vel og maður er fljótur að komast inn í þau. Einmitt þess vegna er gott að hafa áhugamál til að kúpla sig frá lærdómnum og koma ferskur inn aftur."

Hún segir marga á golfvellinum brosa þegar hún mæti með synina þrjá, en þeir hafa smitast af golfbakteríunni eins og móðir þeirra.

„Golf lætur mann ekki í friði; svo skemmtilegt er það. Það er líka sport sem fjölskyldan getur stundað saman ævina á enda," segir Sylvía sem einnig hefur brennandi áhuga á bílum, matargerð og hannyrðum, svo fátt sé nefnt.

„Yngsti strákurinn var veikur um daginn og þá kenndi ég honum að prjóna. Hann prjónaði heilan trefil í veikindunum; rauðan sem hann kallar nú Liverpool-trefilinn. Þá lærði maður ótal margt í matargerð á Ítalíu og nú er svo komið að strákarnir sjá stundum um matinn, dýrindis pastarétti sem þeir galdra fram eftir að hafa smitast af matargerðaráhuga mínum," segir Sylvía sem kvíðir því að yfirgefa Bifröst að námstíma loknum.

„Ég á eftir að sakna þess mikið að vera hér og ekki síst strákarnir sem eru í æðislegum sveitaskóla á Varmalandi. Í sveitinni slær annar taktur og tími er nægur til samvista, lærdóms og áhugamála."

*- þlg*

## Fim og frjálsleg börn

Íþróttafélagið Grótta á Seltjarnarnesi starfrækir þrjár deildir, knattspyrnudeild, handknattleiksdeild og fimleikadeild og í þeim öllum er lögð áhersla á öflugt starf fyrir börn og unglinga, ekki síður en meistaraflokkana. Í fimleikadeildinni eru til dæmis að jafnaði rúmlega 320 iðkendur enda þykja fimleikar góður undirbúningur fyrir aðrar íþróttir. Þar eru áhaldafimleikar fyrir stelpur jafnt sem stráka frá þriggja ára aldri, einnig hópfimleikar fyrir stúlkur og fimleikar sem afreksíþrótt.

*- gun*


**Handboltinn freistar ungra manna á Seltjarnarnesinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Á slóðinni www.bikemap.net er hægt að útbúa eigin hjólaleiðir og reikna út nákvæma lengd þeirra.

# Klúbbur sem veitir aðhald og félagsskap

Það er lítill snjór í kortunum og því eru margir farnir að munda hjólin. Íslenski fjallahjólaklúbburinn býður upp á skemmtilegan félagsskap og aðhald í tengslum við hjólreiðarnar. Klúbburinn samanstendur af breiðum hópi fólks sem hefur hjólreiðamenningu að áhugamáli, vill auka veg reiðhjólsins sem samgöngutækis og vinnur að bættri aðstöðu hjólreiðafólks til að komast leiðar sinnar.

Klúbburinn hefur staðið fyrir léttum hjólaferðum um höfuðborgarsvæðið á þriðjudagskvöldum um margra ára skeið. Þær eru farnar frá maí og fram í september en auk þess stendur klúbburinn fyrir lengri ferðalögum og ýmsum öðrum viðburðum, en á vefsíðu félagsins, www.fjallahjolaklubburinn.is, má skoða dagskrána allt árið um kring. Þar er einnig bent á vefinn www.bikemap.net sem einfaldar hjólreiðafólki að skipuleggja ferðalagið, finna hjólaleiðir og reikna út vegalengdir.

Vefurinn byggir á Google maps og er einfaldur í notkun. Þar er hægt að fylgja fyrirfram útbúnum leiðum annarra eða teikna sínar eigin leiðir inn á kort. Þeim er síðan hægt að deila með öðrum til dæmis á Facebook og tilgreina með nákvæmum hætti kílómetrafjölda, bratta og erfiðleikastig leiðarinnar.

Íslenski fjallahjólaklúbburinn er síðan með opið hús á fimmtudögum klukkan 20 í klúbbhúsinu að Brekkustíg 2 en þar gefst kostur á að kynnast öðru fólki með svipuð áhugamál, verða sér úti um upplýsingar um athyglisverðar hjólaleiðir, tæknileg málefni eða annað sem tengist hjólreiðum. *- ve*

# Geimferðir sniðnar fyrir alla fjölskylduna

Undur vísindanna kallast röð fjögurra námskeiða um vísindi sem eru sérstaklega skemmtileg að því leytinu að þau henta allri fjölskyldunni. Fyrsta námskeiðið hefst laugardaginn 10. apríl en þar verða geimfarar sérstaklega til umfjöllunar, allt frá því hvernig þeir fara á klósettið, hvað þeir borða og hvernig þeir sofa og upp í það hvað geimferðir hafa kennt okkur um himingeiminn og hvaða geimskip hafa ferðast hvað lengst út í geiminn.



Á námskeiðinu verður meðal annars farið yfir hvað menn borða í geimnum og hvernig þeir athafna sig.

Endurmenntun, Orkuveitan og Vísindavefurinn standa að námskeiðinu og í námskeiðslýsingu er sagt að námskeiðið henti sérstaklega krökkum á aldrinum 8-12 ára og aðstandendum þeirra en eru opin öllum áhugasömum um vísindi.

Auk mannaðra geimferða verður starfsemi ómannaðra geimfara einnig skoðuð og í námskeiðslýsingu er sagt að farið verði í „ökuferðir um Mars, flogið umhverfis Satúrnus með Cassini-geimfarinu og ferðast fram hjá halastjörnum í sólkerfinu, svo dæmi séu tekin.

Umsjónarmaður námskeiðsins er Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness og umsjónarmaður fræðsluvefsins stjornuskodun.is. Námskeiðið er haldið í húsnæði Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1 og hefst klukkan 11 og stendur til klukkan 13. Verð á mann er 950 krónur. *- jma*



Starfsemi mannaðra sem og ómannaðra geimfara verður skoðuð undir leiðsögn Sævars Helga Bragasonar, formanns Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness.





| | Skírdagur 1. apríl | Föstud. langi 2. apríl | Laugardagur 3. apríl | Páskadagur 4. apríl | Annar í Páskum 5. apríl |
|---|---|---|---|---|---|
| ÁRBÆJARLAUG | kl. 10-18 | kl. 10-18 | kl. 08-21 | kl. 10-18 | kl. 10-18 |
| BREIÐHOLTSLAUG | kl. 10-18 | **Lokað** | kl. 08-20 | **Lokað** | kl. 10-18 |
| GRAFARVOGSLAUG | kl. 10-18 | **Lokað** | kl. 08-20.30 | **Lokað** | kl. 10-18 |
| KLÉBERGSLAUG | **Lokað** | **Lokað** | kl. 11-15 | **Lokað** | kl. 11-17 |
| LAUGARDALSLAUG | kl. 08-22 | kl. 10-18 | kl. 08-22 | kl. 10-18 | kl. 08-22 |
| SUNDHÖLLIN | kl. 10-18 | **Lokað** | kl. 8-19 | **Lokað** | kl. 10-18 |
| VESTURBÆJARLAUG | kl. 10-18 | **Lokað** | kl. 08-20 | **Lokað** | kl. 10-18 |

Laugarnar í Reykjavík

ÍTR *Skemmtilegur frítími*

# Gleður bæði augu og bragðlauka

**Auður Jónsdóttir hefur séð um námskeið í ræktun mat- og kryddjurta síðan 2001. Hún kennir hjá Mími í apríl.**

„Ég hef heyrt utan að mér að áhugi á svona ræktun hafi aukist gríðarlega síðan kreppan skall á, en ég var farin að finna fyrir mjög miklum áhuga fyrir kreppu. Svona ræktun býður upp á svo marga skemmtilega möguleika,“ segir Auður Jónsdóttir garðyrkjufræðingur, sem sér um námskeið í ræktun mat- og kryddjurta hjá Mími símenntun í apríl.

Á námskeiðinu verður fjallað um staðsetningu, mótun og uppbyggingu matjurtagarðsins og farið yfir ræktun einstakra tegunda mat- og kryddjurta, bæði algengra sem fágætra. Þá fræðast þeir sem námskeiðið sækja um gróðursetningu, skiptirækt-un, safnhaugagerð, áburðargjöf, helstu meindýr og sjúkdóma og ýmislegt fleira.



Auður hefur séð um námskeið af þessu tagi allt frá árinu 2001, meðal annars hjá Mími og Landbúnaðarháskóla Íslands. Hún segist hafa tekið ástfóstri við ræktun mat- og kryddjurta eftir að hún kynntist slíkri ræktun af eigin raun. „Áhuginn er stöðugt að aukast. Á námskeiðin hjá mér kemur í raun fólk á öllum aldri og það er sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu yngra fólkinu hefur fjölgað mikið.“

Hún segir í raun og veru ekki vera mjög langt síðan Íslendingar tileinkuðu sér að nota fersk krydd í matargerð. Hér áður fyrr hafi verið mun algengara að notast hafi verið við þurrkuð krydd. „Þetta hefur færst í aukana hjá mjög mörgum, líka hjá fólki sem á ekki garð og ræktar þess í stað úti á svölum í pottum og kerjum, sem er ekki síðra. Svalir eru oftast á sólríkum og skjólgóðum stöðum og því er alveg tilvalið að nýta þær til ræktunar,“ segir Auður.



„Svona ræktun býður upp á svo marga skemmtilega möguleika,“ segir Auður Jónsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á námskeiðinu gefur Auður líka ráðleggingar varðandi það hvernig best er að byggja falleg mat- og kryddjurtagarða, sannkölluð augnayndi. „Sum blóm eru æt og því gráupplagt að blanda þeim með í garðinn. Það er alveg frábært að horfa á margar af þessum fallegu plöntum og alls ekki síðra að geta borðað þær líka,“ segir Auður og hlær.

Nánari upplýsingar um námskeiðið og skráningu er að finna á heimasíðu Mímis, mimir.is. -kg




Nú ber vel í veiði fyrir stangveiðifólk á öllum aldri, því vertíðin hefst í Hvammsvík um páskana. Svæðið verður opið á **skírdag**, **laugardag og annan í páskum** á milli kl. 10–18. Við bjóðum veiðikort sem **kostar aðeins 1.500 kr.**, gefur inneign upp á fimm fiska og gildir í allt sumar.

**Kíktu í Hvammsvík um páskana og komdu þér í veiðigírinn fyrir sumarið!**

**Nánari upplýsingar í síma 695 5123 www.hvammsvik.is | hvammsvik@itr.is**

ÍTR



● **ÚTBÚNAÐUR** Áður en lagt er í gönguferð er nauðsynlegt að huga að búnaðinum sem hafa skal með sér. Á þessum árstíma er allra veðra von og þannig er það reyndar yfirleitt hér á okkar landi, einkum þegar komið er upp í mikla hæð. Á vef Fjallafélagsins er listi yfir fatnað sem mælt er með í dagsgöngu, ásamt öðrum hlutum. Þar eru: Gönguskór, lítill bakpoki, jakki úr vind- og vatnsheldu öndunarefni, buxur úr vind- og vatnsheldu öndunarefni, flíspeysa, göngubuxur, hlý nærföt, húfa, vettlingar, göngusokkar, legghlífar, göngustafir, myndavél, GSM-sími. Svo er komið að því síðasta á listanum en alls ekki sísta – nesti.



● **KENNSLA Í DÚKAPRJÓNI** Heimilisiðnaðarskólinn stendur reglulega fyrir ýmiss konar áhugaverðum námskeiðum í handavinnu, nýrri sem fornri. Hinn 14. apríl hefst námskeið í dúkaprjóni. Hér áður fyrr var þónokkuð meira um að dúkar væru heimaprjónaðir en kunnáttan hefur oftast glatast milli kynslóða.

Á námskeiðinu læra þátttakendur undirstöðuatriði í dúkaprjóni og vinna verkefni eftir uppskrift. Blúnduprjón, útaukningar og úrtökur eru meðal verkefna en það er Ásta Kristín Siggadóttir textílkennari sem er leiðbeinandi á námskeiðinu. Námskeiðið er alls þrjár kvöldstundir, níu klukkutímar í heild.





Útskurður í tré er meðal þess sem kennt hefur verið í Kiðagili í vetur. Næsta námskeið verður í körfugerð. MYND/KIDAGIL.IS

# Körfur vafðar í Kiðagili

Í Kiðagili í Bárðardal er rekin ferðaþjónusta og skólabúðir. Þar eru einnig haldin fjölbreytt námskeið, ýmist dagslöng eða nokkurra daga og geta þá þátttakendur gist á staðnum.

Næsta námskeið sem boðið verður upp á í Kiðagili er körfugerðarnámskeið þann 10. apríl næstkomandi. Margrét Baldursdóttir handverkskona mun leiðbeina á námskeiðinu en hún hefur haldið fjölbreytt handavinnu- og handverksnámskeið um árin. Margrét segir efni úr íslenskri náttúru tilvalin til körfugerðar. Eins sé hægt að nota það sem fellur til við garðvinnuna heima ef því er að skipta og bendir á að birki sé tilvalið svo og allar tegundir víðis.



„Ég mun reyndar útvega efnið sem unnið verður úr á námskeiðinu en einnig verður hægt að nota efnivið sem þátttakendur verða búnir að safna sjálfir. Uppistaðan í einni körfunni sem ég mun fara yfir verður einmitt víðja og svo notum við innfluttar tágar til að styrkja og skreyta.“

Námskeiðið hefst klukkan 9 á laugardagsmorgun og farið verður yfir tvær til þrjár aðferðir við körfugerðina.

Námskeiðin í Kiðagili eru gjarnan unnin í samvinnu við verkefnið Þingeyskt og þjóðlegt, sem hefur það að markmiði að viðhalda þjóðlegum menningararfi í handverki, með áherslu á Þingeyjarsýslur. Meðal námskeiða í vetur hefur meðal annars verið kennd ullarlitun og þæfing og útskurður í tré.

Skráning á körfugerðarnámskeiðið er hafin og geta áhugasamir haft samband á kidagil@kidagil.is eða í síma 464-3290.

*- rat*

# Saumað um allan bæ

Mikil vakning hefur orðið í prjónaskap síðustu misseri og bera prjónanámskeið um allan bæ þess vitni. Saumanámskeiðin hafa líka tekið kipp og virðist hafa orðið allnokkur viðsnúningur í hannyrðum almennings eftir að kreppan skall á. Margir hafa haft á orði að eitt af því góða við hana sé að því hafi verið afstýrt að mikilvæg hannyrðakunnátta tapaðist niður.



Mikil vakning hefur verið í prjónaskap að undanförnu en saumanámskeiðin sækja líka á.

Saumanámskeiðin er víða að finna og hefur Helga Rún Pálsdóttir klæðskerameistari til að mynda haldið vel sótt saumanámskeið á vinnustofu sinni um nokkurra ára skeið. Þá býður Heimilisiðnaðarsafn Íslands upp á fjölmörg námskeið þar sem gömlu gildin eru í hávegum höfð og er meðal annars hægt að læra faldbúningagerð í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og Þjóðbúningastofu. Af öðrum stöðum má nefna Tækniskólann sem býður upp á saumanámskeið af ýmsu tagi og kennir meðal annars skírnar- og brúðarkjólagerð.

*- ve*

Í Tækniskólanum er meðal annars hægt að læra að sauma brúðarkjóla.





**Hlusta:** Nám á 18 geisladiskum með enskum og íslenskum kennurum. Nemandinn hlustar á geisladiskana og nýtir þannig heyrnaminni sitt.

**Lesa:** Vinnubók með ensku og íslensku textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt við eldri námsaðferðir.

**Tala:** Nemandinn les upphátt með kennurunum og leiðréttir þannig framburð sinn, jafnframt nýtir hann tilfinningaminni sitt og færni í að tala ensku.

**Aðstoð:** Nemandinn getur haft samskipti við kennara símleiðis eða með tölvupósti

* *Námskeiðið hefur reynst mjög vel fyrir nemendur eldri en 25 ára.*

**Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799** Tungumál.is




**SKEMMTISIGLING MEÐ NORWEGIAN CRUISE LINE**

**VIKA Á MIÐJARÐARHAFI**

**NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN BÝÐUR NÚ SIGLINGU MEÐ NORWEGIAN CRUISE LINE UM MIÐJARÐARHAF OG KARABÍSKA HAFIÐ.**
**Hægt er að velja um úrval ferða og gæðin eru afar mikil. Innifalið er fullt fæði, hægt að velja á milli margra veitingastaða, 24 tíma herbergisþjónusta, þátttaka í allri afþreyingu um borð og margt annað. Ef þú vilt prófa að fara í lúxusfrí, prófaðu þá svona ferð.**

**HÓPFERÐ 11.-20. SEPTEMBER**
**með Norwegian Jade glæsilegu skemmtiferðaskipi.**
Í boði er mikið úrval skoðunarferða á meðan legið er í höfn.
Sunnud. **BROTTFÖR FRÁ BARCELONA** kl.17:00
Mánud.. **MONTE CARLO, MONACO.**
Þriðjud. **LIVORNO(FLORENS,PISA)**
Miðvikud. **CIVITAVECCHIA(RÓM)**
Fimmtud. **NAPÓLI**
Föstud. **SKEMMTISIGLING**
Laugard. **PALMA MALLORKA**
Sunnud. **BARCELONA**
www.ncl.eu

**kr. 299.000**
Verð frá kr. 299.000 pr. mann
Innifalið: Flug, 2 nætur í Barcelona, viku sigling með fullu fæði, frí herbergisþjónusta og ferðir til og frá flugvelli.
Fararstjóri: Skúli Unnar Sveinsson

**Lágmarksþátttaka er 16 manns.**
**Norræna ferðaskrifstofan áskilur sér rétt til að fella niður ferðina ef ekki er næg þátttaka.**

**www.norræna.is**

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavik · Sími: 570 8600 · Fax: 552 9450
Netfang: info@smyril-line.is · Heimasíða: www.norræna.is

Hringdu í síma
**512 50 60**
ef blaðið berst ekki


Þeir sem eiga GPS-tæki, en hafa ekki enn lært á þau, gætu skellt sér á námskeið nú í apríl hjá Tækniskólanum.

# Lært á staðsetningartækin

Tækniskólinn stendur fyrir námskeiði sem hefst 12. apríl þar sem farið verður yfir grunnatriðin í notkun á staðsetningartækjum. Námskeiðið er ætlað byrjendum og þeim sem þurfa á upprifjun að halda. Þátttakendur æfa sig í að finna punkta og setja inn í tækin og merkja á korti. Kennt verður inni tvö kvöld og svo farið í eina útiæfingu.



Kennari á námskeiðinu er Sigurður Jónsson björgunarsveitarmaður og leiðbeinandi í rötun og ferðamennsku og eiga þátttakendur að hafa með sér eigin GPS-tæki, áttavita og skriffæri. *-jma*

● **FUGLASKOÐUN** Fuglalífið á Íslandi er fjölskrúðugt og getur áhugafólk fylgst með fuglum víða um land. Fjöldi erlendra ferðamanna kemur hingað til lands ár hvert til að skoða og fylgjast með fuglum og er ferðaþjónusta í kringum fuglaskoðun að byggjast upp. Áhugi Íslendinga á fuglaskoðun er einnig talsverður og eru hæg heimatökin. Víða um land eru góðir staðir til fuglaskoðunar og má þar nefna Vestfirði sem dæmi. Grímsey á Steingrímsfirði er til dæmis mikil fuglaparadís en talið er að um 800 til 900 þúsund lundapör séu þar. Samkvæmt þjóðsögunni varð eyjan til þegar þrjú tröll reyndu að grafa Vestfjarðarkjálkann frá meginlandinu. Þar var búið á öldum áður og fram á tuttugustu öld voru verbúðir í eyjunni. Vesturferðir bjóða upp á bátsferðir í eyjuna í sumar með leiðsögn þar sem fuglalífið verður skoðað og farið yfir sögu eyjunnar. Sjá nánar á www.vesturferdir.is





● **LISTASMIÐJUR FYRIR BÖRN OG FORELDRA** Opnar listasmiðjur verða á Listasafni Íslands í tilefni af sýningunni Dyndilyndi – verði gjafa gagnstreymi, sem stendur yfir á safninu í tengslum við Menningarhátíð barna 2010.

Smiðjurnar eru opnar börnum og foreldrum þeirra og fá þátttakendur innsýn í margþætt viðfangsefni sýningarinnar og vinna með einfaldan efnivið í anda hennar eins og segir í námskeiðslýsingu á vef Myndlistaskóla Reykjavíkur. Leiðbeinendur námskeiðsins munu enn fremur bregða á leik og spinna upp úr verkum þeirra barna og listamanna sem tóku þátt í verkefninu Dyndilyndi. Áhugasamir geta skráð sig á www.myndlistaskolinn.is.




ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT

ELDGOSAFERÐ

Langar þig að sjá eldgosið á Fimmvörðuhálsi?

Við erum með ferðir á hverju kvöldi kl. 18:00 og bjóðum þér að slást í hóp áhugasamra ferðalanga víða að úr heiminum. Farið er í rútu frá Umferðarmiðstöðinni við Vatnsmýrarveg og ekið sem leið liggur um Suðurlandsveg. Ekið er inn Fljótshlíðina, Emstruleið, og stoppað þar í 1 - 1 1/2 klukkustund. Í góðu skyggni sést gosið vel frá þeim stað. Ensku- og íslenskumælandi leiðsögumaður er með í för.



Ferðaupplýsingar
Daglega kl. 18:00 frá BSÍ.
Lengd 7 klst.
Verð 7425 ISK ~~9900 ISK~~
Börn 0 - 11 ára ferðast frítt.
Börn 12 - 15 ára borga hálft fargjald.

Innifalið
Rútuferð og leiðsögn.

Verið vel klædd og munið eftir myndavél og sjónauka.

Vinsamlega athugið að einungis er stoppað stutt á Hvolsvelli áður en haldið er áfram inn Fljótshlíðina.

Bókaðu núna í síma 580 5450

Bókaðu núna á www.re.is

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

Sérstakur 25% afsláttur

í Eldgosaferð Kynnisferða (RE-99) er veittur lesendum blaðsins. Klippið út miðann og afhendið hann þegar greitt er fyrir ferðina. Einnig er hægt að bóka beint á netinu og virkja afsláttinn með því að slá inn eftirfarandi kóða: FB990310.

BSÍ - Umferðarmiðstöðin / 101 Reykjavík / 580 5400 / main@re.is / www.re.is

EXPO - www.expo.is

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



Helgarblaðið:

Þetta er ekkert vandamál!
Inga María Friðriksdóttir hefur upplifað miklar hremmingar en henni fallast þó aldrei hendur yfir þeim verkefnum sem lífið býður upp á.

Ánægjan er aðalatriðið.
Í Gauraflokki Vatnaskógar fá strákar með athyglisbrest og ofvirkni að blómstra á sínum forsendum.

Klám er óhollt.
"Klám sýnir konur sem ómennsk kynlífsleikföng. Ég spyr karlmenn sem horfa á klám með reglulegu millibili: Af hverju finnst þér þetta allt í lagi?" segir Thomas Brorsen Smidt nemi í kynjafræði.



Matur:

Beint í bústaðinn.
Einfaldir og góðir réttir sem henta með í sveitina um páskana.






# Þegar þjóðir sturlast

**BAKÞANKAR**
**Dr. Gunna**



Ég fór þangað sem höfuðstöðvar SS og Gestapo voru einu sinni í Berlín. Nú er þar útisýning á ljósmyndum og gögnum sem draga upp mynd af helförinni og allri ógeðsvitleysunni. Svæðið var jafnað við jörðu, en það má enn sjá glitta í einhverja kjallara. Það er sterk upplifun að koma þarna. Maður þykist enn finna fyrir illskunni og geðveikinni sem spratt fram á þessum slóðum. Ég hef oft séð myndir af líkhaugum frá útrýmingarbúðum og fólki sem dinglar í trjám í almenningsgörðum, en það hefur aldrei haft sömu áhrif og á þessum stað.

**ÞAÐ** sem er kannski mest sjokkerandi við nasistana er að þeir voru af sömu dýrategund og ég og þú. Þarna innundir dólgslega töff leðurfrökkunum með hauskúpunum á bryddingunum voru bara karlgarmar með táneglur sem þurfti að klippa. Maður hefur vitað af þessum atburðum síðan maður man eftir sér og lengi vel var það hulið skilningi manns hvernig heil þjóð gat látið æsa sig upp í þessa sturlun sem stjórnartíð Adolfs Hitler var. Maður fattaði þetta ekki fyrr en eftir hrunið á Íslandi. Þá svona skildi maður að minnsta kosti aðeins betur hvernig heil þjóð gat látið teyma sig út í að lifa í blekkingu. Þetta segi ég þrátt fyrir að ég viti mætavel að það þykir ekki umræðu til tekna að draga nasistana inn í hana.

**ÞVÍ** þótt upplagið sé svipað er náttúrlega stjarnfræðilegur stigsmunur á því hvernig sturlun þessara þjóða var. Það fer ekki um mann kalt vatn milli skinns og hörunds í höfuðstöðvum Arion banka. Í báðum tilfellum varð þó til einkennisklæddur úrvalshópur æðri mannvera. Hér mátti enginn segja styggðaryrði um Armaniklædd mikilmenni þegar þau fengu það sama fyrir að byrja í vinnunni og venjulegur lúði var ævina að skrapa saman fyrir. Ekki að maður væri tekinn í yfirheyrslu í stjórnarráðinu ef maður ræki upp kvak, heldur var litið á það þannig að maður væri bara svona helvíti öfundsjúkur hælbítur. Þú skilur þetta ekki. Slappaðu nú bara af, vertu með og keyptu þér eitthvað á myntkörfuláni.

**EFTIR** hrunið tóku svokallaðar „rústakonur" til við að endurreisa sundursprengda Berlín. Hér tóku konur til við að prjóna. Vondu nasistarnir fengu langflestir makleg málagjöld. Fæstir sýndu iðrun í Nürnberg-réttarhöldunum, sem hófust tæplega tveimur mánuðum eftir að stríðinu lauk. Hér er dálítið á huldu hverjir eru vondu karlarnir – ef það eru þá einhverjir vondu karlarnir. Það er enn verið að bíða eftir skýrslunni.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# „Meistarinn er í essinu sínu“

Hrafn Jökulsson / Viðskiptablaðið

## Eðalkrimmi eftir vinsælasta rithöfund þjóðarinnar

„Arnaldur stendur fremstur íslenskra spennusagnahöfunda ... enginn kemst með tærnar þar sem hann hefur hælana.“
Árni Matthíasson / Morgunblaðið

„Arnaldur klikkar ekki!“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Svörtuloft er besta og skemmtilegasta bókin sem Arnaldur hefur sent frá sér um árabil.“
Þórarinn Þórarinsson / DV




Komin í kilju



VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

**menning**
menning@frettabladid.is

**! Laugarneskirkja kl. 23**
*Brot úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar og fleiri sálmar eftir hann verða fluttir í Laugarneskirkju í kvöld kl. 23. Flytjendur eru Kirstín Erna Blöndal söngkona, Gunnar Gunnarsson organisti og Matthías Hemstock sem leikur á slagverk. Sálmalögin eru bæði gömul og ný.*

# Ljóðalestur í stað predikunar

„Þau æfðu flutninginn á fimmtudagskvöldið var og þetta leit mjög vel út,“ segir Hjálmar Jónsson, prestur við Dómkirkjuna í Reykjavík. Í stað hefðbundinnar predikunar í messu á föstudaginn langa munu Þórður Helgason, dósent við Kennaraháskóla Íslands, og Svanhildur Kaaber lesa þýðingu Þórðar á sonnettusveig eftir Lisbeth Smedegaard Andersen sem nefnist Nú stillir alla storma hafa og landa. Lisbeth þessi er danskur prestur og rithöfundur. „Þessi sonnettusveigur lýsir píslargöngu Krists og er samin af alveg sérstöku listfengi,“ segir Hjálmar en höfundurinn hefur hlotið mikið lof og viðurkenningar fyrir sonnettusveiginn í heimalandi sínu. Messan á föstudaginn langa í Dómkirkjunni hefst klukkan 11.

- fgg



**HJÁLMAR JÓNSSON** býður upp á ljóðalestur á föstudaginn langa.

**> Ekki missa af …**

Hinn margverðlaunaði bandaríski kvikmyndagerðarmaður Jim Finn verður í forgrunni á kvikmyndakvöldi Kínóklúbbsins í Hafnarhúsi í kvöld kl. 20. Sýndar verða myndirnar The Juche Idea (62 mín, 2008), Great Man and Cinema (3:49, 2009) og Dick Cheney in a Cold, Dark Cell (2:30, 2009). Aðgangur er ókeypis.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT
**24.03.10 - 30.03.10**



**1** Nemesis - kilja
Jo Nesbø



**2** Góða nótt, yndið mitt - kilja
Dorothy Koomson



**3** Hafmeyjan - kilja
Camilla Läckberg



**4** Meiri hamingja
Tal Ben-Shahar



**5** Veröld sem var - kilja
Stefan Zweig



**6** Póstkortamorðin - kilja
Liza Marklund/J. Patterson



**7** Stóra myndorðabókin
Ýmsir höfundar



**8** Risasyrpa - Í grænum sjó
kilja - Walt Disney



**9** Svörtuloft - kilja
Arnaldur Indriðason



**10** Litli prinsinn
Antoine de Saint-Exupéry

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



**EILÍF ÓHAMINGJA** Sólveig Arnarsdóttir og Atli Rafn Sigurðarson í hlutverkum sínum. MYND/GUÐMUNDUR RÚNAR KRISTJÁNSSON

# Íslands óhamingju verður allt…

Leikhús ★★★

**Eilíf óhamingja**

eftir Andra Snæ Magnason og Þorleif Örn Arnarson

**Leikstjóri:** Þorleifur Örn Arnarson. Leikmynd: Drífa Freyju-Ármannsdóttir. Búningar: Judith Amalía Jóhannsdóttir. Lýsing: Kjartan Þórisson. Dramatúrg: Símon Birgisson. Samstarfsverkefni Lifandi leikhúss og Borgarleikhússins.

Tvennt vekur strax athygli við Óhamingjuna eilífu. Hún er sögð bein tilraun til að kanna samtíð sína og hugarfar. Og svo er hún höfundarverk ungs, fyrirgefið, leikstjóra á besta aldri sem er þegar tekinn að marka sér gott orð á einum þróaðasta og kröfufrekasta leikhúsmarkaði heims í Þýskalandi. Þá er aðkoma Andra Snæs líka athyglisverð: við vitum lítið hvert hann er að fara klyfjaður erlendum viðurkenningum fyrir Draumalandsævintýrið.

Verkinu velja þeir form á auðu sviði þar sem fjórir millistéttarmenn sitja fyrir svörum í einhvers konar meðferðarprógrammi undir stjórn atferlisfræðings. Vakandi augu upptökutækja vakir yfir þeim og þau virðast sjálfviljug gengin í tilraun sem leitar sannleika um það sem „gerðist“ og í okkar huga er það skýrt: bönnuð lykilorð vekja með þeim kvalir eins og hleypt sé á straumi falli þau í orðræðunni, þau verða í réttlætingum sínum og skýringum að skjótast hjá þeim á leið til „sannleikans“.

Yfirheyrslan eins og meðferðarprógrammið er tekin að verða algeng í smíðum af þessu tagi. Hvers vegna formið er svo ásækið höfundum vekur nokkra spurningu. Viðfangsefnið er sett undir valdboðið, verður að svara. Það er sök þegar frá upphafi, varnarræður og afsakanir verða meginuppistaðan. Og um leið skapast viss fjarlægð áhorfenda og hinna „seku“. Við erum sett í kviðdóm í huganum.

Önnur leið væri að setjast í þeirra raðir, gerningsmannanna: Nótt í Kaupþingi, Fixið í FL etc. Enron-málið hentar þannig sökum þess að það er vandlega rannsakað. Af efnisatriðum úr Milestone-yfirheyrslum er ljóst að þar verður mikið efni fyrir leikritahöfund: þrjú systkini, hinn laglegi forstjóri og annar skuggastjóri. Það eru fleiri leiðir færar inn í þessa snúnu fléttu, hrunið. Því er á það bent að þetta form hefur ákveðna hneigð innbyggða.

Stjórnandann Matthildi leikur Sólveig Arnarsdóttir af miklum bravúr; loksins sér maður þann víða skala sem hún ræður yfir á sviði, nákvæma stjórn á fasi sem hún stýrir örugglega í styrk, fullkomna raddbeitingu í hljóm og stöðu, hvernig hún skákar sér til milli svæða í fjór- eða fimmskiptum persónuleika. Matthildur er hrunin hið innra þrátt fyrir valdstöðuna sem hún gegnir. Hún leggur áherslu á að hið stóra speglist í hinu smáa, hið opinbera í því sem er prívat, sum sé í einkahögum okkar er hrunið fólgið – við berum ábyrgð öll, hvert með sínum hætti á okkar innra hruni sem skýrir hið stærra.

Sjálf er hún klofin vegna misbeitingar sem birtist okkur snemma og verður um leið einhverskonar lykill að meginþætti dramans í verkinu: hver persóna hefur á einkasviði sínu brotið og allt er það tengt kynlífi. Svo langt nær klámvæðingin og skilyrðir bestu menn, rétt eins og þeir átti sig ekki á að í kynlífsofbeldi er falin ein sælubirting valdsefjunar rétt eins og valdsefjun og -beiting úr skjóli aðstöðu peninga og eigna. Þannig renna grunnskýringar á persónulegri sök niður í klofið á höfundunum. Fórnarlömb hins kynferðislega valds verða svo mörg og misjöfn og þá kölluðu höfundar og meðsekur dramatúrgur fram margar gamlar klisjur natúralismans: vanrækt barn, kona sem hórast á valdastól, hinn hlédrægi og trausti misyndismaður. Einkum ágerðist þetta er nær dró lyktum.

Viðföngin fjögur eru misstór: Atli Rafn sýnir í túlkun kerfiskallsins og lögfræðingsins þann sem enn er í fullkominni afneitun á sök og talar eins og helstu forkólfar hins frjálsa markaðar gera enn. Honum er gefinn, ekki síst fyrir færni sakir, langur sólópassus í sýningunni sem er hrollvekjandi í flutningi og sannar enn eina ferðina hvílíkur færleikur Atli er orðinn á sviði. Bæði Sara og Orri standa sig prýðilega, partur Guðjóns er minnstur, en í heild má segja að fimmmenningarnir standi þétt um þann uppbrotsstíl sem Þorleifur setur leiknum.

Örfá orð um svið: Þorleifur kýs að setja leikinn á svið á oddinum á litla sviði, nýtir þessa tungu nokkuð á miðsvæði en þó aðallega botn hennar. Fyrir bragðið er sjónarsviptir í hliðunum, og enn er kallað á að hugað verði að því að takast á við Litla sviðið sem hring, en menn hætti þessu semi-rammasýningum þar inni.

Þótt erindið þrjóti sumpart í þessu verki, ætlun höfunda að „við“ finnum okkar „sök“ í stað þess að kenna öðrum um, þá er sviðsetningin og verkið mikillar athygli verð. Þar er gerð tilraun til að takast á við stóru myndina, greina bresti hennar og bakgrunn, hvaða efni eru þar á ferðinni. Þeir sem vilja fylgjast með lifandi leikhúsi ættu því að koma sér á sjóið; innlit bara til þess eins að sjá fimmstjörnu performans hjá Atla og Sólveigu réttlæta heimsóknina.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Merkileg og spennandi tilraun sem mun ótvírætt kalla fram afstöðu hjá hverjum áhorfanda. Getum við beðið um meira?



# FERMINGARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.



**JBL**

### JBL hátalari með vöggu
ONSTAGEMICROWHT
- Vagga fyrir iPod
- Aux tengi fyrir MP3 geislaspilara og fleira
- 30w (2x15w)
- Auðvelt og þægilegt í notkun
- Margir tengimöguleikar
- Stjórnaðu iPodnum með fjarstýringunni
- OCT - tært og nákvæmt hljóð
- Signal-to-noise: >85dB

**19.990kr**
V.Á. 21.990.-



**PHILIPS**

### Hárblásari HP8180
- 2100w Professional hárblásari með 6 hita og hraðastillingar
- Mjór haus fyrir nákvæmari blástur
- Túrbo blástur án þess að auka hita
- CoolShot tækni
- Auðvelt að hreinsa

**5.990kr**
GOTT VERÐ



**tasco**

### Sjónauki 168RB
- 10x stækkun
- 25mm rauð gler
- Taska fylgir
- Litur: Svartur
- Þyngd: 260,8g

**4.990kr**
GOTT VERÐ



**Melissa**

### Sléttujárn með keramik plötum 635113
- Hvítar keramik plötur
- Betri hitadreifing
- Hámarkshiti: 200°C

**2.990kr**
GOTT VERÐ



**Melissa**

### Hársnyrtisett 635097
- Flott 5 í 1 hársnyrtisett
- Keramik húðað, 2 hitastig
- 19mm og 25mm krullujárni og sléttujárni ásamt aukahlutum
- Auðvelt í notkun

**4.990kr**
GOTT VERÐ

**CASIO**

### Myndavél EXZ33SILVER
- Stafræn myndavél með 10.1 milljón punkta upplausn
- EXILIM Engine 2.0
- BESTSHOT 41 myndstillingar
- Face Detection function
- Anti-Shake DSP - Hristivörn
- 2.5" TFT LCD Skjár (230.400 pixlar)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- You Tube™ Capture Mode
- 11.4MB Innra minni og rauf fyrir SD/SDHC kort
- Rafhlaða endist í allt að 230 skot
- Hleðslutæki, hleðslurafhlaða og hugbúnaður fylgja



**24.990kr**
V.Á. 29.990.-

**OLYMPUS**

### Myndavél FE26SV
- 12 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- 2,7" LCD Skjár
- Face Detection - þekkir andlit
- Autofocus, Contrast Detection og White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Fjórar myndstærðir
- 13 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Tekur MicroSD kort
- 19MB innra minni, USB snúra og AA rafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir



**17.990kr**
V.Á. 19.990.-

**UNITED**

### 19" LCD sjónvarp með DVD spilara 19DD91HD
- 16:9 breiðtjald
- Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- Innbyggður stafrænn móttakari (DVB-T)
- 12v og 220v
- Upplausn: 1440x900
- Birtustig: 300 cd/m²
- Svartími: 5ms
- Sjálfvirk leit
- Styður PAL(BG/DK/I) og SECAM(BG/DK)
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Textavarp
- HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi



**54.990kr**
V.Á. 59.990.-

**TOSHIBA**

### 19" LCD sjónvarp með DVD spilara 19DV555DG
- 19" LCD 16:9 sjónvarp
- Innbyggður DVD spilari
- Upplausn: 1440x900
- HD-Ready
- Sjónsvið: 160°, birtustig: 350 cd/m²
- Textavarp með 256 síðna minni
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Stafrænn móttakari (DVB-T)
- HDMI, Component, Composite & Scart tengi
- Digital Coaxial, CF & heyrnatólstengi



**79.990kr**
GOTT VERÐ

OPIÐ til 20 alla daga

Gildir til 6. apríl á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár


BEACH HOUSE


SHEARWATER

> Í SPILARANUM

Beach House - Teen Dream
Plants and Animals - La La Land
Spoon - Transference
Dr. Dog - Shame, Shame
Shearwater - The Golden Archipelago

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Blues Willis spilar

„Við spilum nú minna af blús en nafnið á hljómsveitinni gefur í skyn," segir Helgi Stefánsson, gítar- og banjóleikari í hljómsveitinni Blues Willis. „Tónlistin okkar er kántrískotin og fer um víðan völl, alveg frá örugustu ballöðum í brjálað hillbillístuð."

Blues Willis er sex manna hafnfirsk hljómsveit. „Fjórir af okkur voru í hljómsveitinni Hooker Swing ef það segir einhverjum eitthvað," segir Helgi. „Við gerðum nú ekki mikið en vorum spilaðir smá á X-inu."

Blues Willis hefur gefið út fjögurra laga stuttskífu, sem verður kynnt á tónleikum á Næsta bar í Ingólfsstræti í kvöld. Tónleikar hefjast stundvíslega klukkan 21 og trúbadúrinn einstaki, Insol frá Kópavogi, ætlar að bræða eyru og hjörtu áheyrenda með upphitun sinni. - drg


**BLUES WILLIS** Kántrískotnir.



> Plata vikunnar

Seabear - We Built a Fire

★★★★

„Eðalsveitin Seabear klikkar ekki. We Built A Fire er enn þá betri en síðasta plata." TJ



## TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

# Af kanadískum hálfguðum

Heimildarmyndin Sagan af Anvil var frumsýnd á síðasta ári og það spurðist fljótt út að hún væri frábær. Hér á Íslandi var myndin sýnd á vegum Græna ljóssins í desember og kom svo á DVD fyrir nokkrum vikum. Myndin segir frá kanadískri metalsveit, Anvil, sem náði nokkrum vinsældum á níunda áratugnum og fór meðal annars á tónleikaferð um Japan með Whitesnake, Scorpions og Bon Jovi, en hvarf svo úr sviðsljósinu. Myndin byrjar á svipmyndum frá gömlu góðu dögunum, en svo er klippt inn í nútímann og hljómsveitarmeðlimir sóttir heim í Toronto. Söngvaranum og gítarleikaranum Steve „Lips" Kudlow er til dæmis fylgt í vinnuna, en hann vaknar eldsnemma til að keyra út skólamáltíðir fyrir Choice Childrens Catering. Í myndinni er svo fylgst með tilraunum sveitarinnar til að slá í gegn á nýjan leik, en hún fer meðal annars á tónleikaferð um Evrópu sem austur-evrópskur aðdáandi skipuleggur, meira af áhuga en getu.

Saga Anvil er fyrst og fremst saga æskuvinanna Lips og Robb Reiner trommuleikara, en þeir byrjuðu að spila saman á unglingsárunum og hétu því að starfa saman um ókomna tíð. Inn í þessa hrífandi vináttusögu er fléttað viðtölum við eiginkonur og fjölskyldumeðlimi, en þrátt fyrir mikinn mótbyr neita þeir félagar alveg að gefa rokkdrauminn upp á bátinn. Myndin er í anda heimildarmynda eins og The King of Kong eða hinnar íslensku Varði fer á vertíð og er hreint út sagt yndisleg.

Eftirminnilegt er þegar yfir sig æstur og hamingjusamur Japani mætir á tónleika í Svíþjóð til að hlusta á „kanadísku metal-hálfguðina" eins og hann kallar þá. Annað stórkostlegt atriði er þegar Lips segir frá því hvernig sögutími um Spænska rannsóknarréttinn varð honum innblástur að laginu „Thumb Hang".

Myndin minnir oft á Spinal Tap, nema hér eru hljómsveitarmeðlimirnir til í alvörunni. Það er hreinu að svona metal-gaurar eru einhver besti efniviður sem hægt er að ímynda sér fyrir tónlistar-


**ROBB OG LIPS** Menn hika ekki við að kalla Story of Anvil „bestu rokkmynd sögunnar".


**ELLIE GOULDING** Rísandi númer í poppinu.

# Blanda af Björk og Spice Girls

**Ellie Goulding er eitt heitasta nafnið í poppinu um þessar mundir. Dr. Gunni hlustaði á plötuna sem minnir á Emilíönu Torrini á köflum.**

Söngkonan og lagahöfundurinn Ellie Goulding er rísandi nafn í enska poppheiminum. Uppganginn má skrifa á að hún var í efsta sæti á árlegum lista sem heitir BBC Sound of 2010. Gagnrýnendur og fólk í poppbransanum velur á þennan lista það tónlistarfólk sem þeir telja að muni slá í gegn á nýbyrjuðu ári. Það hefur verið mark takandi á þessum lista síðustu árin. Byrjað var að birta hann árið 2003 og þá var 50 Cent efstur á honum. Síðan tók við fólk eins og Mika og Little Boots og hljómsveitin Keane. Ellie vann einnig „Critics choice"-verðlaunin á síðustu Brit-hátíð.

**Hætti í skóla fyrir poppið**

Ellie er fædd í Hereford á Englandi 30. desember 1986 og er því 23 ára. Hún lærði á gítar sem unglingur og var farin að semja þjóðlagaskotna tónlist fimmtán ára gömul. Hún fór í framhaldsskóla í Kent og kynntist Finlay Dow-Smith, sem kallar sig Starsmith, og hóf að vinna í tónlist með honum. Hann kynnti hana fyrir rafknúnu poppi og þau Ellie tóku til við að sameina þjóðlagatónlistina og rafknúið hljóðgervlaspilað vinsældapopp. Ellie hætti í skóla til að einbeita sér að poppinu þegar samningar náðust við Polydor-útgáfuna. Skömmu síðar fór maskínan í gang.

**Miklar væntingar**

Fyrsta platan heitir Lights og kom út í byrjun árs. Við fyrstu hlustun virðist sem fólkið með puttann á púlsinum hafi eitthvað hlaupið á sig í ár því um ósköp hefðbundið popp er að ræða. Nokkur ágæt lög er að finna á plötunni en eins og margir gagnrýnendur hafa réttilega bent á er lítið byltingakennt og stórfenglegt við þessa frumraun. Einn gagnrýnandinn sagði að Lady Gaga hefði fleiri ferskar og athyglisverðar hugmyndir í vinstra brjóstinu en Ellie á allri plötunni. Hún er ágæt söngkona, minnir á Emilíönu Torrini á köflum, og er ágætur textahöfundur. Eðlilega eru gerðar miklar væntingar til söngkonunnar og hún fær því kannski harðari dóma en ella.

Sjálf segist Ellie hafa hlustað á Spice Girls sem barn en það hafi ekki verið fyrr en hún heyrði í Björk að hún vissi hvað hana langaði að gera þegar hún yrði stór. Með þessa vitneskju lýkst upp fyrir manni hljóðheimur tónlistarkonunnar, því það má segja án mikilli ýkja að Ellie hljómi á plötunni eins og hún sé stödd einhvers staðar mitt á milli Spice Girls og Bjarkar.

# Benni í heimsókn á Íslandi

Nýjasta plata Benna Hemm Hemm heitir Retaliate, er fimm laga og er að koma út. Benni hefur verið að spila á Bretlandseyjum, en er nú á Íslandi. Spilar í kvöld í Ketilhúsinu á Akureyri og verður svo með tónleika í Norræna húsinu á laugardaginn. Mjög mismunandi er hverjir spila með Benna á tónleikum. „Ég var með tvo Skota með mér sem spiluðu á lúðra, en hérna á Íslandi spila ég með Róberti Reynissyni á Akureyri og hljómsveit Hjörleifs Jónssonar hitar upp. Í Reykjavík spila Róbert og Óli Björn með mér og Óli Björn hitar upp með sitt stöff sem er mjög magnað," segir Benni. „Eftir Íslandsdvölina fer ég á Evrópútúr og þá er enn annað lið að spila mér, blásararnir Ingi Garðar og Eiríkur sem hafa spilað með mér heillengi."


**BENNI HEMM HEMM** Spilar á Akureyri í kvöld, í Reykjavík á laugardaginn.

Retaliate þýðir réttlát hefnd og þetta er fyrsta platan sem Benni syngur alla á ensku. Hann hefur búið í Skotlandi í 18 mánuði en býst við að flytja til Íslands áður en sonur hans byrjar í grunnskóla. Hinn 3. júní verður Benni gestur Listahátíðar í Reykjavík og kemur fram með skoska þjóðlagasöngvaranum Alasdair Roberts og 25 manna blástursveit í Óperunni. „Alasdair gefur út hjá Drag City og hefur spilað með Will Oldham og fullt af liði. Hann ætlar að syngja með mér í þessu prógrammi sem ég er búinn að gera fyrir Listahátíð. Ég sá hann á tónleikum og höfum verið að hittast og spila saman. Það er mikið stuð." - drg


101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Bæjarlind 14-16, Kópavogi




Skrifstofuhúsnæði á 3ju hæð (efstu). Húsnæðið er með glugga á 4 vegu, glæsilegt útsýni. Í sama húsnæði á annarri hæð eru til leigu ca 10 fm og ca 50 fm skrifstofuherbergi. Sameiginleg kaffiaðstaða og snyrting.

Stangarhylur 7, Reykjavík




Mjög gott 396 fm verslunar / skrifstofuhúsnæði á jarðhæð (áður endurhæfingarstöðin Styrkur). Húsnæðið skiptist í móttöku, skrifstofur, sal og fl. Á gólfum er perket og dúkur.

Í kjallara eru 265 fm með innkeyrsludyrum, Góð lofthæð (ca: 3,70). Gott aðgengi.

Skeiðarás 3, Garðabær




Lager eða verkstæðishúsnæði , 504 fm sem hentar vel fyrir ýmsan iðnað eða verkstæði. Mjög gott útisvæði er við húsið.

Leifur Aðalsteinsson lögg. fasteignasali


Garðurinn
Það fer að verða tímabært að huga að garðverkunum. Kíktu við hjá okkur og skoðaðu nýju vor og sumarlínuna.
990,-
890,-
2990,-
1990,-
1990,-
990,-
790,-
890,-
19.900,-
kerta markaður
20 til 60 %
afsláttur
690,-
með vor í hjarta
1.190,-
990,-
1.890,-
1.990,-
5.990,-
1.990,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart
Skýrdagur kl. 12-18, föstudagurinn langi lokað
laugardagur kl. 10-18, Páskadagur lokað
Annar í páskum kl. 12-18.
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

**> LEIKUR BRIMBRETTAHETJU**

**Sean Penn** er í samningaviðræðum um að leika brimbrettahetjuna og ævintýramanninn Jay Moriarty í kvikmynd um ævi hans. Curtis Hansson, sem leikstýrði L.A. Confidential, verður leikstjóri myndarinnar, sem nefnist einfaldlega Jay Moriarty.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Haldinn ofsóknarbrjálæði

Í nýrri bók eftir fyrrverandi blaðamann kvikmyndabiblíunnar Variety um framleiðslufyrirtæki Stevens Spielberg, DreamWork, er því haldið fram að leikstjórinn sé haldinn hálfgerðu ofsóknarbrjálæði. Óttast hann mjög að upplýsingar um nýjar myndir sínar rati til keppinauta sinna.

Enginn fær að sjá þegar Spielberg skoðar efni úr myndum sem hann er með í undirbúningi og öll skjöl sem eru send út af skrifstofu hans eru dulkóðuð. Einnig er þannig um hnúta búið á skrifstofu hans að ómögulegt er að heyra símtöl leikstjórans því sérhannaður skjöldur úr plexigleri gnæfir yfir skrifborðinu. „Þegar Spielberg er ekki á skrifstofunni eru myndavélar sem taka upp allt sem gerist þar og hann getur séð það heima hjá sér," segir í bókinni. Sömuleiðis kemur þar fram að leikstjórinn er vel búinn undir náttúruhamfarir. Lætur hann allt starfsfólk sitt fá neyðarbúnað sem það getur notað ef jarðskjálfti eða álíka hamfarir ganga yfir tökustaðinn.

Fulltrúi Spielbergs vísar þessu öllu saman á bug: „Þessar lýsingar eru svo fjarri raunveruleikanum að ég ætla ekki að tjá mig frekar um þær," sagði hann.



**STEVEN SPIELBERG** Leikstjórinn er haldinn ofsóknarbrjálæði samkvæmt nýrri bók.

# Ástin í aðalhlutverki

Auk gamanmyndarinnar Hot Tub Time Machine eru þrjár nýjar myndir komnar í bíó hérlendis. Í tveimur þeirra er ástin í aðalhlutverki. Jim Carrey og Ewan McGregor leika í gamanmyndinni I Love You Phillip Morris. Í henni kemur Russell (Carrey) út úr skápnum og endar í fangelsi þar sem hann kynnist Phillip Morris (McGregor). Reynir Russell með ýmsum svikum og prettum að frelsa ástmann sinn úr prísundinni.

Frá höfundi Notebook kemur hin hugljúfa og grípandi Dear John í leikstjórn hins sænska Lasse Hallström. Hermaðurinn John (Channing Tatum) kynnist Savannah (Amanda Seyfried) í fríi í heimabæ sínum og óvænt vaknar ástin milli þeirra. Myndin sló í gegn í Bandaríkjunum og náði óvænt toppsætinu af Avatar.

Teiknimyndin Að temja drekann sinn gerist í ævintýraheimi þar sem þrekvaxnir víkingar og drekar búa. Við fylgjum víkingastráknum Hiccup sem passar ekki inn í heim ættbálkanna og þeirra löngu hefðar að berjast við dreka.



**ELSKENDUR** Jim Carrey og Ewan McGregor leika elskendur í gamanmyndinni I Love You Phillip Morris.



**Í HEITA POTTINUM** Vinirnir fjórir slappa af í heita pottinum áður en þeir eru sendir 24 ár aftur í tímann.




# Fjórir vinir í heitum potti

**Gamanmyndin Hot Tub Time Machine, sem er nýkomin í bíó, er ein af þessum myndum sem hafa komið þægilega á óvart hjá kvikmyndaáhugamönnum. Margir telja hana arftaka The Hangover sem sló eftirminnilega í gegn í fyrra.**

Söguþráður Hot Tub Time Machine hljómar í fljótu bragði eins og íslenska Síma-auglýsingin sem hefur tröllriðið fjölmiðlum að undanförnu. Myndin fjallar um fjóra vini sem fara saman í sumarbústað, fá sér neðan í því og skella sér í heita pottinn. Í stað þess að láta sér nægja að spjalla um hina fornu Snorralaug ganga Hollywood-vinirnir skrefinu lengra og ferðast hreinlega aftur í tímann. Ekki þó aftur til víkingaaldar heldur til ársins 1986. Potturinn er nefnilega þeim eiginleikum gæddur að hann er dulbúin tímavél.

Myndin varð sú þriðja vinsælasta í Norður-Ameríku eftir frumsýningarhelgina og ljóst að hún hefur fallið vel í kramið hjá kvikmyndahúsagestum. Hinn vandaði leikari John Cusack fer fyrir leikarahópnum, sem virðist ná álíka vel saman og aðalleikararnir í The Hangover, annarri gamanmynd sem fjallaði einnig um vinahóp sem lendir í ýmsum ævintýrum. Fyrir utan þá staðreynd að fjórir karlleikarar eru í aðalhlutverkum í báðum myndunum eiga þær það sameiginlegt að hafa notið óvæntra vinsælda, þó svo að Hot Tub Time Machine eigi enn langt í land með að ná inn sömu tekjum og The Hangover. Sú mynd hefur aflað tæplega 470 milljóna dollara og kemur síður en svo á óvart að framhald hennar er í undirbúningi sem sömu aðalleikurum.

Ef við berum myndirnar tvær saman, þá fær The Hangover 7,9 af 10 mögulegum á kvikmyndasíðunni Imdb.com en Hot Tub Time Machine er með 7,5 í einkunn. Og á síðunni Metacritic sem tekur saman gagnrýni úr ýmsum fjölmiðlum fær The Hangover 73 í einkunn af 100 mögulegum en Hot Tub er með 65. Hin síðarnefnda þarf því að herða sig verulega ætli hún að ná forvera sínum í vinsældum.

# Misheppnaðar ráðningar

Kvikmyndanördar velta ýmsu fyrir sér. Á vefsíðu breska blaðsins Sun er rætt um misheppnað val á leikurum. Leikkonan Denise Richards kemst þar á blað fyrir hlutverk sitt sem Dr. Christmas Jones í Bondmyndinni The World Is Not Enough. Lesandi blaðsins vill meina að hún hafi ekki verið trúverðug sem kjarnorkueðlisfræðingur og eru eflaust margir hjartanlega sammála honum. „Ég veit hvernig Bondmyndir geta verið en samt hef ég aldrei séð vel vaxinn kjarnorkueðlisfræðing hlaupa um í níðþröngum fötum," skrifaði hann.

Annar lesandi er undrandi á ráðningu Vals Kilmer í hlutverk leðurblökumannsins í Batman Forever. „Hvað er málið? Náunginn er alltof lítill. Ég heyrði að hann hefði þurft að standa á palli í atriðunum með Nicole Kidman. Það er eitthvað rangt við það."

Einn lesandi blaðsins er ósáttur við Tobey Maguire sem köngulóarmanninn Pétur Parker. „Hann var alltof mikil veimiltíta sem Pétur Parker. Áður en hann fékk ofurkraftana var Pétur Parker algjör nörd. En eftir að Maguire byrjaði að skjóta köngulóarvefnum út um allt gekk hann um með aumingjasvip eins og hvolpur sem hafði verið sparkað í."

Aðrir sem fá skömm í hattinn eru Uma Thurman sem þótti ekki hafa kynþokkann sem þurfti til í The Avengers og belgíska buffið Jean-Claude Van Damme, einfaldlega vegna allra myndanna sem hann lék í. „Hvort sem hann lék löggu á tímaflakki eða öryggisvörð á hokkíleik hljómaði hann alltaf eins og ferðamaður sem var nýkominn til landsins frá Belgíu," skrifaði óánægður lesandi.



**TOBEY MAGUIRE** Of mikil veimiltíta í hlutverki Köngulóarmannsins.

**KJARNORKUEÐLISFRÆÐINGUR?** Þykir ekki hafa passað í hlutverk kjarnorkueðlisfræðings í The World Is Not Enough.

Opið:
Fimmtudag 13–18
Laugardag 11-18



# 20%
afsláttur af

SAMOON
by GERRY WEBER
Stærðir 44-54

GERRY WEBER

TAIFUN
COLLECTION

Tamaris



# 20%
afsláttur
af öllum
dömuskóm

Tilboðin gilda miðvikudag til þriðjudags
Gilda með öðrum tilboðum

DEBENHAMS

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

fókus

## > ÁSTFANGINN ROBBIE

Robbie Williams er farinn að kalla kærustuna sína „Frú Williams“. Segir söngvarinn að hann líti orðið á kærustuna, Aydu Field, sem eiginkonu sína. Þó viðurkennir Robbie að enn sé talsvert í að þau gangi í hnapphelduna.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Pamela hefur engan tíma fyrir ástina

Pamela Anderson segist ekki hafa tíma fyrir ást um þessar mundir.

Hún þurfi nefnilega á öllu sínu að halda í dans-raunveruleikaþættinum Dancing With The Stars.

„Ég er eiginlega á lausu. Ég hef allavega ekki tíma fyrir kærasta, ég þarf á öllum mínum sjarma að halda fyrir mig og dansfélaga minn,“ sagði Pamela í samtali við Reveal-tímartið.

Pamela hefur löngum verið þekkt fyrir fremur frjálslegt val í karlamálum en áhorfendur í Bandaríkjunum hafa fallið fyrir henni í dansþættinum.

Leikkonan segist ekki geta beðið eftir því að klæðast djörfum búningum og stíga nokkur dansspor. Og svo sé dansinn líka fínasta líkamsrækt.

„Ég er búin að eignast tvö börn og þessi keppni er alveg hrikalegt púl. Þetta er allt öðruvísi heldur en að fara í líkamsrækt.“



**DANSAR SIG Í FORM** Pamela Anderson hefur farið á kostum í Dancing With The Stars og segir dansinn koma sér í gott form.

# Retro Stefson telur í

Hljómsveitin Retro Stefson, sem gaf út frumraun sína Montana árið 2008, hefur undanfarnar vikur verið við æfingar á nýju efni. Upptökur á nýrri plötu hófust fyrir skömmu og er stefnt á EP útgáfu á Íslandi í byrjun sumars og í Evrópu skömmu síðar. Sveitin er þessa dagana læst inni í Hljóðrita hjá Kidda Hjálm og ganga upptökur vel. Nýtt lag „Mama Angola“ hefur verið sett í spilun. Ný hljómplata í fullri lengd er síðan væntanleg með haustinu.

Það hefur löngum verið náið samband á milli Retro Stefson og hljómsveitarinnar FM Belfast. Retro spilaði á tvennum tónleikum með FM í Kaupmannahöfn og Ósló í byrjun mars. Sveitirnar ætla svo að spila saman á Nasa 16. apríl og er forsala á tónleikana hafin. Ekki er víst að FM



**RETRO STEFSON** Nýtt efni á leiðinni.
MYND/DORKASAURUS

Belfast spili mikið hér á næstunni því bandið er bókað í aðra tónleikaferð um Evrópu í maí og sveitin hefur verið bókuð á annan tug tónlistarhátíða í sumar, m.a. á Hróarskelduhátíðina og Træna í Noregi. Upptökur standa yfir á nýju efni, en útgáfa Prins Póló (Svavars í Skakkamanage) á laginu „Underwear“ er komin í spilun. - drg



Ólafur Kristjánsson þótti vera með afskaplega fagra mottu, en komst þó ekki á verðlaunapall. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Flottasta motta landsins

**Tom Selleck-mottukeppnin fór fram á Boston á þriðjudaginn sem leið. Þetta er í fimmta sinn sem slík keppni er haldin hér á landi. Í Tom Selleck-keppninni keppa karlmenn um titilinn Flottasta motta landsins og var fjöldi hárprúðra manna mættur til leiks í ár líkt og fyrri ár. Keppnin var haldin í samstarfi við Mottumars Krabbameinsfélagsins og rann hluti af ágóða kvöldsins til félagsins. Kynnir var hinn stórskemmtilegi Þorsteinn Guðmundsson og í dómnefnd sátu Sigríður Guðlaugsdóttir, eigandi staðarins, Erik Hirt, fyrrum sigurvegari keppninnar, Jón Atli Helgason, öðru nafni Hárdoktorinn, og útvarpsmaðurinn Þorgeir Ástvaldsson. Aron Bergmann bar sigur úr býtum þetta sinnið, en annað sætið hreppti kvikmyndagerðarmaðurinn Sindri Páll Kjartansson.** - sm



Sigurvegari kvöldsins, Aron Bergmann, mundar vélsög vígalegur á svip.



Keppnin í ár þótti sérstaklega hörð og voru motturnar hver annarri fallegri.



Kynnir kvöldsins var Þorsteinn Guðmundsson sem þótti afburða fyndinn og skemmtilegur að venju.



Tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen hlaut verðlaunin Thulemottan árið 2010.



Sindri Páll Kjartansson, sem er fremst á myndinni, hreppti annað sætið. Á bak við hann standa Helgi Svavar í gervi Steinríks, Arnar Fells og Aron Bergmann.




Suðræn Sveifla

Birgitta Sveinbjörnsdóttir, danskennari.

Suðræn sveifla er skemmtileg líkamsrækt fyrir konur á öllum aldri. Námskeiðið byggist upp á mjúkri upphitun, latín dönsum og Cha Cha, Jive, Salsa og fleira, kviðæfingum og góðri slökun. Hver tími er 60 mínútur og kennt er tvisvar í viku á lagardögum kl. 10:30 og á miðvikudögum kl. 18:00 í Stúdíó Sóleyjar Jóhannsdóttur í Mecca Spa. Kennarar eru Birgitta Sveinbjörnsdóttir og Ólöf Björk Björnsdóttir.

**Skráning er hafin á námskeiðið sem hefst á miðvikudaginn 7. apríl**

**Upplýsingar og skráning í s: 899-8669**

OPIÐ ALLA PÁSKANA

DOMO

DOMO.IS · ÞINGHOLTSSTRÆTI 5


MICHAEL
SHCUMACHER
Á ÍSLANDI!
Hinn eini sanni
Michael schumacher
er staddur á Íslandi &
verður með eginhandar
Áritun í Gokartbrautinni
Korputorgi kl 12:00
Í dag!
Coca-Cola & Prince Polo
í boði handa gestum
& allir krakkar á aldrinum
7-12 ára fá frítt í Gokart!
Sjáumst hress í korputorgi!
PRINCE POLO
Coke zero
Coke zero

# Mikil spenna fyrir næstu Bond-mynd

**Það er miklu fremur regla heldur en hitt þegar umtal, slúður og vangaveltur byrja að flæða yfir fjölmiðla um næstu James Bond-myndina. Sú herferð virðist hafin og að venju er hún misgáfuð.**

Ekkert formlegt hefur verið gefið út um hvað 23. Bond-myndin fjallar. Eftir að Daniel Craig tók við smókinginum hefur þó verið ákveðinn uppbygging og rauður þráður og þótt ekki sé vitað hvort þriðja myndin verði sú síðasta með Craig í hlutverki leyniþjónustumannsins eður ei gera Bond-sérfræðingar sér ákveðnar hugmyndir um að leyniþjónustumaðurinn stöðvi heimsyfirráðarhugmyndir glæpahringsins Quantum sem kynntur var til leiks í fyrstu myndinni, Casino Royal.

Höfuðóvinir James Bond hafa alltaf verið karlmenn þótt vissulega hafi sumar konur viljað sjá Bond undir græna torfu... til að byrja með. Einhver heitasta umræðan á netinu um þessar mundir er sú að yfirmaður Quantum-hringsins verði kona og að hún verði leikin af Rachel Weisz. Weisz ku víst hafa upplýst að hún hefði ekkert á móti því að vera Bond-stúlka og leika á móti Daniel Craig en þau eru einmitt að leika saman í annarri mynd sem nefnist DreamHouse. Þá hafa ófáir netmiðlar bent á að Weisz og Sam Mendez, leikstjóri Bond 23, hafi átt í stuttu ástarsambandi á árum áður. Leikarar eru auðvitað ákaflega snjallir að lýsa einhverju óræðu yfir þegar nær dregur frumsýningu þeirra nýjustu verka.

Ef höfuðóvinur Bond yrði kvenkyns væri þetta enn ein kúvendingin á kvenvæðingu Bonds. Það er ekkert langt síðan að Judi Dench tók að sér hlutverk yfirmannsins M hjá MI5 og hún hefur í undanförnum myndum náð að þróa með sér óþolinmæði gagnvart kvensemi James Bond og mistökum hans, eitthvað sem gömlu karlfauskarnir virtust miklu fremur öfunda hann af heldur en hitt.

En það ríkir ekki bara mikil spenna um hver verði óvinur Bond. Heldur eru menn alltaf reiðubúnir til að veðja háum fjárhæðum á næstu Bond-stúlkurnar. Þær Olivia Wilde og Freida Pinto hafa báðar verið orðaður við hlutverkið en eins og venjan er eru aðstandendur Bond þöglir sem gröfin; slík kynning er yfirleitt mjög vel skipulögð og kemur oftar en ekki á óvart.

Og svo er það lagið. Vandræðagemlingurinn Amy Winehouse var mjög fljótlega orðuð við titillagið enda minnir rödd hennar óneitanlega á gömlu James Bond-söngkonurnar á borð við Shirley Bassey. Amy virðist hins vegar hafa drukkið sig frá því og nýjustu fregnir úr herbúðum Bond-myndarinnar herma að sjálf Lady Gaga verði fengin til að semja og flytja næsta Bond-lag. Þetta ætti auðvitað ekki að koma neinum á óvart, Jack White og Alicia Keys voru með síðasta lagið sem þótti heppnast ákaflega vel og það væri vissulega athyglisvert að heyra hvað furðufuglinn Gaga myndi gera við eitt stykki Bond-slagara.



**PERSÓNUR OG LEIKENDUR Í BOND-SLÚÐRI**



**Rachel Weisz** hefur verið orðuð við hlutverk illmennisins í næstu James Bond-mynd. Hún hefur lýst því yfir að hún hefði ekkert á móti því að vera Bond-stúlka. **Olivia Wilde** og **Freida Pinto** hafa verið orðaðar við myndina sem Bond-stúlkur og **Lady Gaga** er sögð eiga að semja titillagið. Hvað sem því líður er nokkuð ljóst að **Daniel Craig** verður **James Bond** í mynd númer 23.

# Fékk ólétta konu til að leika fyrir sig

Í nýrri kvikmynd leikkonunnar Jennifer Lopez, The Back Up Plan, fer Lopez með hlutverk konu sem á von á tvíburum. Í einni senu sést Lopez standa nakin fyrir framan spegil að dást að þeim breytingum sem líkami hennar hefur gengið í gegnum. Í nýlegu viðtali viðurkenndi leikkonan þó að þetta sé í raun ekki hún. „Mér fannst þessi sena mjög falleg, þetta gerði ég þegar ég átti von á mér, þá stóð ég og horfði agndofa á þær breytingar sem orðið höfðu á líkama mínum. Mér fannst að við ættum að fá barnshafandi konu til að leika í senunni, svo hún yrði raunverulegri. Og við gerðum það, þessi kona var komin átta mánuði á leið,“ útskýrir leikkonan.



**JENNIFER LOPEZ** lék ekki sjálf í lítilli nektarsenu í kvikmyndinni The Back Up Plan.



# Slegið á nýjar nótur

Tónlist ★★★★★

**Go**

Jónsi



**JÓNSI** Fyrsta sólóplatan kemur í verslanir eftir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég vissi ekki við hverju ég átti að búast þegar ég setti þessa fyrstu sólóplötu Jóns Þórs Birgissonar úr Sigur Rós í spilarann. Maður bjóst við öðruvísi tónlist en hjá Sigur Rós, annars væri sólóplata óþörf, en meira vissi maður ekki. Þó að Go sé fyrsta sólóplata Jónsa þá er hún ekki fyrsta hliðarverkefnið. Í fyrra kom platan Riceboy Sleeps með honum og kærastanum Alex Somers. Á henni voru engin popplög, en stemningsfull og alltumlykjandi hljóðverk. Áhugaverð plata, en einhvern veginn endaði hún ekki oft í spilaranum.

Tónlistin á Go er allt annars eðlis. Hún er lagræn. Á plötunni eru níu popplög sem Jónsi syngur, flest á ensku, en nokkur á íslensku. Tónlistin er poppuð og grípandi, en líka framsækin og tilraunakennd. Og hér gengur það algjörlega upp. Jónsi, Alex Somers og Peter Katis sjá um stjórn upptöku, en sá síðastnefndi er þekktastur fyrir samstarf sitt með hljómsveitunum Interpol og The National. Um útsetningar sér bandaríski Íslandsvinurinn Nico Muhly sem hefur áður unnið með Björk, Antony & The Johnsons og tónskáldinu Philip Glass.




Það sem einkennir tónlistina á Go er einkum tvennt. Í fyrsta lagi rödd Jónsa. Hún er einstök og fær að sjálfsögðu heiðurssess hér. Í öðru lagi eru það útsetningarnar sem eru ævintýralega flottar. Þetta er popp, en áhrifa gætir frá folk-tónlist, raftónlist og rokki. Í nokkrum laganna er hávær og tilþrifamikill slagverksleikur finnska trommuleikarans Samuli Kosminen áberandi, en annarsstaðar er stemningin rólegri. Og svo leynast flautur, strengir, brjálað píanó og bjagað rafsurg þarna inn á milli líka, en allt svo listilega fram sett að það truflar ekki melódíska og tignarlega framvindu poppsins.

Tónlistin líkist ekki beint Sigur Rós, fyrir utan röddina. Samt er upphafslagið Go Do svolítið eins og framhald af Gobbledigook af síðustu Sigur Rósarplötu og lagið Grow Till Tall hefur svipaða dramatíska uppbyggingu og þetta dæmigerða Sigur Rósarlag. Það er líka einhver leyndardómsfull stemning yfir plötunni sem er ekki óskyld Sigur Rós.

Á heildina litið hefur Jónsa tekist að búa til plötu sem er full af nýjum og spennandi hlutum, en er samt nógu tengd hans fyrri verkum til þess að aðdáendur Sigur Rósar ættu að vera sáttir. Fyrsta meistaraverk ársins.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Jónsi í Sigur Rós er mættur með sína fyrstu sólóplötu og fyrsta meistaraverk ársins. Tignarlegt popp, bæði framsækið og grípandi.

# Liam bestur á sviði

Liam Gallagher, fyrrum söngvari Oasis, hefur verið kjörinn besti sviðsmaður allra tíma í nýrri skoðanakönnun breska tímaritsins Q. Fyrir neðan hann á listanum eru kappar á borð við John Lennon, Jim Morrison, Freddie Mercury og Bono. Allir eiga þeir það sameiginlegt að hafa leitt hljómsveitir sínar á eftirminnilegan hátt. „Það er annars vegar Elvis og hins vegar ég. Ég á erfitt með að segja til um hvor okkar sé bestur,“ sagði Liam af sinni alkunnu hógværð. Á meðal annarra sem komust á listann voru voru Bob Marley, Robbie Williams og John Lydon.



**LIAM GALLAGHER** Fyrrum söngvari Oasis hefur verið kjörinn besti sviðsmaður allra tíma.

**TÍU BESTU:**

1. Liam Gallagher
2. Bono
3. Freddie Mercury
4. Damon Albarn
5. Chris Martin
6. Matt Bellamy
7. Jim Morrison
8. Bob Marley
9. Paul McCartney
10. John Lennon

# Aldrei liðið betur

Söngvaranum Ricky Martin líður betur en nokkru sinni fyrr eftir að hann kom út úr skápnum. Hinn 38 ára poppari notaði Twitter-síðu sína til að tilkynna að hann væri samkynhneigður og hann heldur áfram að nota Twitter til að þakka aðdáendum sínum fyrir stuðninginn. „Ég hef það frábært og mér líður betur en nokkru sinni. Ég er bara að slappa af og njóta skilaboðanna frá ykkur. Takk fyrir stuðninginn,“ skrifaði hann á spænsku til aðdáenda sinna en Martin er frá Púertó Ríkó. Á opinberri vefsíðu sinni segir hann að fæðing tvíburadrengja sinna, Matteos og Valentinos, með aðstoð staðgöngumóður árið 2008 hafi leitt til þess að hann hafi komið út úr skápnum. „Að halda áfram að lifa eins og ég gerði hefði óbeint haft slæm áhrif á tilveru barnanna minna. Hingað og ekki lengra. Þetta verður að breytast,“ skrifaði hann.



**RICKY MARTIN** Popparanum líður betur en nokkru sinni fyrr eftir að hann kom út úr skápnum.




GLEÐILEGA PÁSKA! NÝTT Í BÍÓ! GLEÐILEGA PÁSKA!




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 650 kr.

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS LÚXUS | kl. 1-3.20-5.40-8-10.20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | kl. 1 950 kr. 3.20- 5.40 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D | kl. 1 - 3.20 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 1 - 3.20 - 5.40 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| BOUNTY HUNTER | kl. 5.40 - 8 - 10.25 | 7 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 8 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 1 | L |
| | | L |

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 10 | 12 |
| DEAR JOHN | kl. 8 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 4 - 6 - 8 - 10* síðasta | 10 |
| NANNY MCPHEE 2 | kl. 4 | L |
| BOUNTY HUNTER | kl. 6 | |

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DEAR JOHN | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| LOVELY BONES | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| AVATAR 3D | kl. 4 950 kr. | 10 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 4 Síðustu sýningar | L |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DEAR JOHN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| EARTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| SHUTTER ISLAND | kl. 6 - 9 | 16 |
| DAYBREAKERS | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 | 10 |

facebook.com/smarabio

NÝTT Í BÍÓ GLEÐILEGA PÁSKA LAUGARÁBÍÓ ER OPIÐ ALLA PÁSKANA LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




SÝNINGARTÍMAR GILDA SKÍRDAG OG FÖSTUDAGINN LANGA

**LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D ÍSL | kl. 2(950 kr) 4 og 6-3D | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D ENS | kl. 6 - 3D | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D ÍSL | kl. 2(600 kr) og 4-2D | L |
| GREEN ZONE | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| FROM PARIS WITH LOVE | kl. 10.10 | 16 |
| NANNY MCPHEE & THE BIG BANG | 2(600 kr) og 8 | L |




Óvæntasti grínsmellur ársins „HANGOVER Á STERUM“
ÞEIR URÐU HELLAÐIR 2010 OG VÖKNUÐU UPP ÁRIÐ 1986




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON | kl. 8(3D) - 10:10(3D) | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| WHEN IN ROME | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| NANNY MCPHEE | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| THE BLIND SIDE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:20 Síðustu sýningar | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN | M/ ísl. Tali kl. 1:30 | L |

SÝNINGARTÍMAR GILDA FIM., FÖS., LAU., ATH: SPARBÍÓ EINGÖNGU Á FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG MERKT MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8:10D - 10:20D | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | kl. 1:40(3D) - 3:50(3D) - 6(3D) | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON | kl. 3:40(3D) - 10:20(3D) | 12 |
| WHEN IN ROME | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl.10:10 | 12 |
| ALICE IN WONDERLAND 3D | kl. 5:50(3D) - 8:10(3D) | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN | M/ ísl. Tali kl. 1:30 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |

Sambíóin í Reykjavík og Akureyri eru opin alla páskana, lokað í keflavík og selfossi á páskadag

gleðilega páska SAMBÍÓIN

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D | kl 2 - 4 - 6 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | kl 8 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl 10 | 12 |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl 2 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| WHEN IN ROME | kl. 6 - 8 | L |
| THE LOVELY BONES | kl 10 | 12 |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | kl. 1:30-3:40 - 5:50 | L |
| BOUNTY HUNTER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 3:30 | L |
| THE BLIND SIDE | kl. 5:40 | 10 |
| GREEN ZONE | kl. 8 | 12 |
| FROM PARIS WITH LOVE | kl. 10:20 | 16 |


## DEILT UM HREINSUNARÁTAK BORGARINNAR

Gylfi í Kimono segir Hönnu Birnu hafa hent út athugasemd frá sér um miðbæinn en aðstoðarmaður hennar, Magnús Þór, segir það ekki hafa verið viljandi gert.



# GYLFI BAUNAR Á BORGARSTJÓRANN

**Tónlistarmaðurinn Gylfi Blöndal er ósáttur við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra og sakar hana um að hunsa athugasemdir sínar.**

„Hanna Birna, eða einhver á hennar vegum, eyddi út athugasemd sem ég setti inn á Facebook-síðuna hennar á mánudaginn,“ segir Gylfi Blöndal, gítarleikari í Kimono og skipuleggjandi hjá rokkbúllunni Sódómu Reykjavík. Gylfi setti inn athugasemd í framhaldi af lesendabréfi Hönnu Birnu í Fréttablaðinu á mánudaginn, þar sem hún dásamaði samstillt hreinsunarátak borgarinnar og íbúanna, sem nú er að fara í gang.

„Ég sagðist vera að hlæja mig máttlausan yfir hreinsunarátaki Reykjavíkurborgar og lagði til að Hanna Birna byrjaði á að ganga um miðbæinn og virða fyrir sér brunarústir, yfirgefin hús, ófrágengna húsgrunna og annað rusl,“ segir Gylfi og bætir við: „Gettóvæðing miðbæjarins er í fullum gangi. Ég veit ekki í hvaða hverfi Hanna býr en ég er viss um að þar færi allt á annan endann ef það sama yrði látið viðgangast þar og í 101.“

Aðstoðarmaður Hönnu Birnu, Magnús Þór Gylfason, segir að þessi samsæriskenning Gylfa eigi ekki við nokkur rök að styðjast. „Það var einfaldlega verið að breyta stillingum á síðunni og þá féllu því miður einhverjar af athugasemdunum út, ekki bara athugasemdin hans. Þetta var bara góð hvatning til borgaryfirvalda hjá honum. Því hefði engin ástæða verið til að henda henni út, enda fagnar borgarstjóri öllum viðbrögðum og ábendingum borgarbúa. Varðandi ástandið í miðbænum þá er miklum fjármunum varið til hreinsunar þar, en umrætt hreinsunarátak mun að sjálfsögðu taka til þess svæðis eins og til annarra svæða í borginni. Ég vona að Gylfi taki þátt í því með okkur.“

drgunni@frettabladid.is

# Metallica og Black Sabbath sameinast

Grameðlurnar í Metallica og Black Sabbath ætla að sameina krafta sína á næstunni. Hljómsveitirnar eiga lög á 12 tommu vínylplötu sem verður aðeins gefin út í 1.000 eintökum. Metallica leggur til sérstaka hljóðblöndun hljómsveitarinnar UNKLE af laginu Frantic, en Black Sabbath bætir um betur og leggur til ofursmellinn Paranoid með nýjum texta. Platan verður gefin út í tilefni af plötuverslunardeginum í Bretlandi 17. apríl, en dagurinn er tileinkaður sjálfstæðri plötusölu í landinu.



**GRAMEÐLUR** Black Sabbath og Metallica fagna plötuverslunardeginum í sameiningu.


TILBOÐ SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ






# Sandra Bullock sögð háð ástinni

Bandaríski kynlífsfræðingurinn dr. Drew Pinsky telur að eiginmaður leikkonunnar Söndru Bullock sé kynlífsfíkill og að Bullock sjálf sé háð ástinni. Stuttu eftir að Bullock hlaut Óskarsverðlaunin fyrir leik sinn í The Blind Side kom í ljós að Jesse James, eiginmaður hennar, hafði haldið framhjá henni með fjórum konum. Bullock flutti í kjölfarið út af heimili þeirra og dvelur núna í húsi sínu í Hollywood.

„Jesse er kynlífsfíkill og Sandra er fíkill í ást. Kynlífsfíklar þrá vald og spennu og þessi spenna er líklega það sem gerði Jesse aðlaðandi í augum Söndru. Hins vegar er þessi spenna ekki það sama og ást. Samband Jesse við Söndru var líklega ekki jafn spennandi og samband hans við hjákonurnar, þess vegna hélt hann áfram,“ sagði dr. Drew sem telur jafnframt að kylfingurinn Tiger Woods og eiginkona hans geti unnið úr sínum málum þar sem samband þeirra byggi á sterkari grunni en samband Bullock og James.



**FÍKILL?** Kynlífsfræðingurinn dr. Drew telur að leikkonan Sandra Bullock sé háð ástinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Áfram í Hangover 2

Þrír aðalleikarar gamanmyndarinnar The Hangover hafa samþykkt að leika í framhaldsmynd hennar. Orðrómur var uppi um að Bradley Cooper, Ed Helms og Zach Galifianakis hefðu ekki áhuga á því en leikstjórinn Todd Phillips hefur núna staðfest að þeir verði með. Hann vill aftur á móti ekkert gefa upp um söguþráðinn. „Það eru sögusagnir í gangi um hann. Það var talað um að þeir færu til Mexíkó en það er ekki satt,“ sagði hann. Ljóst er að leikararnir þrír fá mikla launahækkun því fyrsta myndin rakaði inn seðlum, sem kom mörgum í opna skjöldu.





**LÍFIÐ Á SVIÐ** Mariah Carey vill að Leona Lewis leiki sig.

# Vill söngleik um líf sitt

**Mariah Carey áformar að framleiða söngleik um líf sitt, samkvæmt nýjustu fréttum vestanhafs. Þrátt fyrir góðan leiksigur í kvikmyndinni Precious hyggst Mariah ekki leika sjálfa sig í söngleiknum, en hún hefur aðra snoppufríða söngkonu í huga; enga aðra en Leonu Lewis. „Mariah vonar í laumi að Leona Lewis leiki hana. Hún er framandi og ein af fáum sem hefur nógu vítt raddsvið,“ er haft eftir heimildarmanni úr innsta hring.**

# Ósáttur við Bush og Blair

Leikarinn Ewan McGregor hefur gagnrýnt George W. Bush, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, og Tony Blair, sem var forsætisráðherra Bretlands, harðlega vegna árásanna á Írak og Afganistan. Hann er óánægður með að Bush hafi aldrei verið látinn svara fyrir ákvörðun sína um að ráðast inn í löndin og að Blair hafi aldrei beðist afsökunar fyrir hönd Bretlands á þátttöku sinni í stríðunum. „Stjórnmálamenn þurfa á endanum aldrei að bera fulla ábyrgð á gjörðum sínum. Mér finnst það hræðileg tilhugsun,“ sagði hinn skoski McGregor.



**EWAN MCGREGOR** Skoski leikarinn hefur gagnrýnt Bush og Blair harðlega.


EIN AF 12 BESTU Í HEIMI

Bókabúð Máls og menningar - Laugavegi 18

**Mál og menning við Laugaveg er ein af tólf bestu bókabúðum heims**
*samkvæmt lista Berlingske Tidende*

STOLTIR STARFSMENN

Við erum afar stolt af þessum árangri og munum kappkosta að þjónusta borgarbúa og landsmenn af sömu alúð og kostgæfni um ókomin ár.

**Mál og menning við Laugaveg er nefnd meðal tólf bestu bókabúða í heimi á lista sem danska blaðið Berlingske Tidende tók saman.**

Á listanum eru bókabúðir eins og Hatchards í Lundúnum sem er elsta starfandi bókabúð þar í landi. Hún var stofnuð árið 1797 og meðal viðskiptavina eru taldir Rudyard Kipling, Oscar Wilde og Byron lávarður.

Á listanum eru einnig Cathach í Dublin sem í útstillingarglugga sínum er með áritaðar bækur eftir Samuel Beckett, Oscar Wilde og Bram Stoker.

The Mysterious Bookshop í New York er ein af elstu bókabúðum Bandaríkjanna. Hún sérhæfir sig í krimmum eins og nafnið bendir til. Þar er að finna áritaðar bækur eftir höfunda eins og Arthur Conan Doyle. Og svo ódýrari krimma eftir höfunda í öllum heimshornum.

Shakespeare & Company í París er hrósað fyrir að hafa opið til klukkan ellefu á kvöldin. Bókaunnendum til mikillar ánægjur. Það var bandarískur hermaður sem ákvað að setjast að í Frakklandi eftir síðari heimsstyrjöldina sem stofnaði þessa bókabúð.

Á listanum eru einnig taldar upp bókabúðir í Portúgal, Þýskalandi og Brazilíu sem þykja skara framúr.

Um Mál og menningu segir að hún sé vel búin bókabúð með góðum anda. Hún sé til vitnis um fína frásagnargáfu Íslendinga en þar sé einnig mikið úrval af literatúr á ensku sem nái langt útyfir aðeins metsölubækur.

*Visir.is 29. mars 2010*




BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

## > Einar áfram með Framstelpur

Einar Jónsson skrifaði í gær undir nýjan tveggja ára samning við handknattleiksdeild Fram um að hann þjálfi meistaraflokk kvenna áfram líkt og hann hefur gert undanfarin ár. „Þetta er eitt af fáum alvöru liðum á landinu í dag. Það eru spennandi tímar fram undan hjá okkur og við stefnum meðal annars á að komast enn lengra í Evrópukeppninni á næsta ári," sagði Einar en margir bjuggust við því að hann myndi færa sig í karlaboltann í sumar. „Ég fékk fyrirspurnir frá karlaliðum en vísaði þeim frá mér að þessu sinni. Ég vil halda þessu starfi áfram núna."



# sport

sport@frettabladid.is

**KÁRI KRISTJÁN KRISTJÁNSSON:** BÚINN AÐ SKRIFA UNDIR TVEGGJA ÁRA SAMING VIÐ WETZLAR Í ÞÝSKALANDI

# *Nú er það bara stóra sviðið og ekkert kjaftæði*



Vestmanneyingurinn Kári Kristján Kristjánsson er laus úr „prísundinni" hjá svissneska félaginu Amicitia Zürich og mun leika með þýska úrvalsdeildarfélaginu Wetzlar næstu tvö árin.

„Það er erfitt að lýsa því hvað ég er feginn að þetta mál er yfirstaðið og búið sé að ganga frá öllu. Það er allt betra en þessi viðbjóður hérna og það er mikill bónus síðan að hafa komist að hjá liði í þýsku úrvalsdeildinni. Nú er það bara stóra sviðið og ekkert kjaftæði," segir Kári Kristján en hann var afar kátur með þessa lendingu í sínum málum.

Honum hefur verið tíðrætt um hversu leiðinlegur tíminn hafi verið hjá Amicitia Zürich. Ágætis handboltalið en það hefur spillt talsvert fyrir að það er nákvæmlega enginn handboltaáhugi í borginni og álíka margir sem sækja leiki liðsins og þegar Kári spilaði í 6. flokki.

„Þetta er svo dapurt að ef einhver skaut í slána þá glamraði í húsinu næsta hálftímann," segir Kári en var langur aðdragandi að för hans til Þýskalands?

„Strax upp úr áramótum fór ég að líta í kringum mig. Ég var einnig lengi í viðræðum við Magdeburg en Wetzlar sýndi mér meiri áhuga og kom með samning. Liðið var með þrjá línumenn í vetur en tveir eru á förum. Ég geri mér því vonir um að spila í sókn og þeir hugsa mig líka sem miðjumann í vörninni. Nú er það bara undir mér komið að standa mig," segir Kári en nýja liðið hans er í fjórtánda sæti þýsku úrvalsdeildarinnar sem stendur og þarf ekki að hafa áhyggjur af falli sem stendur.

Mér líst mjög vel á allar aðstæður þarna og hef alla trú á því að þetta verði gaman. Það hefur ekkert verið gaman í Sviss en nú verður breyting á. Ég skoðaði aðstæður þarna í tvo daga og leist afar vel á það sem ég sá."

## ÚRSLIT

### *Meistaradeild Evrópu:*

**Arsenal-Barcelona 2-2**
0-1 Zlatan Ibrahimovic (46.), 0-2 Zlatan Ibrahimovic (59.), 1-2 Theo Walcott (69.), 2-2 Cesc Fabregas, víti (85.)

**Inter-CSKA Moskva 1-0**
1-0 Diego Milito (65.)

### *IE-deild kvenna:*

**KR-Hamar 83-61**
KR: Unnur Tara Jónsdóttir 33/8 fráköst/5 stolnir, Jenny Pfeiffer-Finora 15/5 fráköst, Signý Hermannsdóttir 14/9 fráköst/6 varin skot, Margrét Kara Sturludóttir 11/6 fráköst/7 stoðsendingar/3 varin skot, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 4/10 fráköst/5 stoðsendingar, Helga Einarsdóttir 2, Hildur Sigurðardóttir 2, Brynhildur Jónsdóttir 2.
Hamar: Koren Schram 19/7 fráköst/5 stolnir, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 15/10 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir 13/5 fráköst, Íris Ásgeirsdóttir 8, Fanney Lind Guðmundsdóttir 2, Julia Demirer 2, Hafrún Hálfdánardóttir 2.

### *N1-deild karla:*

**Valur-Akureyri 24-22**
Mörk Vals: Ingvar Árnason 5, Elvar Friðriksson 5, Fannar Friðgeirsson 5, Arnór Gunnarsson 3, Jón Pétursson 2, Orri Gíslason 1, Gunnar Jóhannsson 1, Sigurður Eggerts. 1, Baldvin Þorsteins. 1.
Mörk Akureyri: Oddur Gretarsson 7, Hreinn Hauksson 3, Árni Þór Sigtryggsson 3, Hörður Fannar Sigþórsson 3, Guðmundur Helgason 2, Geir Guðmundsson 1, Guðlaugur Arnarsson 1, Heimir Örn Árnason 1.

**Fram-FH 28-29**
Mörk Fram: Andri Berg Haraldsson 6, Stefán Stefánsson 5, Einar Eiðsson 4, Róbert Hostert 3, Daníel Grétarsson 3, Haraldur Þorvarðarson 3, Guðjón Drengsson 2, Hákon Stefánsson 2.
Mörk FH: Bjarni Fritzson 8, Örn Ingi Bjarkason 6, Ásbjörn Friðriksson 5, Hermann Björnsson 4, Benedikt Kristinsson 3, Ólafur Gústafsson 2, Sigurgeir Ægisson 1.

**HK-Haukar 24-22**
Mörk HK: Bjarki Már Elísson 7, Valdimar Þórsson 6, Bjarki Már Gunnarsson 3, Atli Ævar Ingólfsson 3, Sverrir Hermannsson 3, Atli Bachmann 2.
Mörk Hauka: Freyr Brynjarsson 8, Sigurbergur Sveinsson 7, Heimir Heimisson 3, Elías Halldórsson 2, Tjörvi Þorgeirsson 1, Björgvin Hólmgeirs. 1.

**Grótta-Stjarnan 27-26**
Mörk Gróttu: Jón Karl Björnsson 13, Anton Rúnarsson 8, Atli Rúnar Steinþórsson 3, Hjalti Þór Pálmason 2, Arnar Theodórsson 1.
Mörk Stjörnunnar: Guðmundur Guðmundsson 8, Tandri Konráðsson 5, Sverrir Eyjólfsson 3, Daníel Einarsson 3, Vilhjálmur Halldórsson 2, Þórólfur Nielsen 2, Kristján Kristjánsson 1, Eyþór Magnússon 1, Jón Arnar Jónsson 1.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **19** | **13** | **2** | **4** | **483-457** | **28** |
| Valur | 19 | 10 | 3 | 6 | 468-444 | 23 |
| **Akureyri** | **19** | **10** | **2** | **7** | **511-485** | **22** |
| HK | 19 | 10 | 2 | 7 | 511-491 | 22 |
| **FH** | **19** | **10** | **1** | **8** | **532-512** | **21** |
| Grótta | 19 | 7 | 0 | 12 | 481-507 | 14 |
| **Stjarnan** | **19** | **5** | **1** | **13** | **452-510** | **11** |
| Fram | 19 | 5 | 1 | 13 | 503-535 | 11 |

### *Undankeppni EM:*

**Bretland-Ísland 16-27**
Mörk Íslands: Hanna G. Stefánsdóttir 13, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3, Hrafnhildur Skúladóttir 3, Sunna Jónsdóttir 3, Karen Knútsdóttir 1, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 1, Rakel Dögg Bragadóttir 1, Stella Sigurðardóttir 1 og Rebekka Rut Skúladóttir 1. Berglind Íris Hansdóttir varði 17 bolta í markinu.

Kvennalandsliðið vann:

## Hanna skaut Breta í kaf

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið fór góða ferð til London í gær er það lagði Breta að velli, 27-16, í undankeppni EM. Ísland var átta mörkum yfir í hálfleik, 15-7.

Íslenska liðið var miklu betra frá upphafi og sigur liðsins aldrei í hættu. Vörn liðsins og markvarsla þétt og bresku stelpurnar sáu aldrei til sólar. **- hbg**

# Arsenal gafst ekki upp

**Arsenal átti magnaða endurkomu gegn Barcelona í gær. Sneri gjörtöpuðum leik upp í jafntefli og allt opið fyrir seinni leikinn. Inter vann heimasigur á CSKA.**

**FÓTBOLTI** Síðari leikur Barcelona og Arsenal í Meistaradeildinni verður afar áhugaverður. Liðin gerðu 2-2 jafntefli á Emirates í gær. Börsungar verða án miðvarða sinna í seinna leiknum en þeir fóru báðir í bann í leiknum. Sömu sögu er að segja af Cesc Fabregas sem fékk gult og fær ekki að spila á heimavelli liðsins sem ól hann upp.

Fyrri hálfleikur hjá Barcelona á Emirates í gær var algjör knattspyrnuveisla. Börsungar spiluðu stórbrotna knattspyrnu og léku heimamenn sundur og saman.

Sem betur fer fyrir Arsenal var markvörðurinn Manuel Almunia að spila leik lífs síns í fyrri hálfleik.

Börsungar byrjuðu síðari hálfleik af álíka krafti og eftir aðeins nokkrar sekúndur í síðari hálfleik var Zlatan Ibrahimovic búinn að koma Börsungum yfir. Fékk sendingu inn í teig. Almunia ákvað að eyðileggja fullkominn leik með því að fara í glórulaust úthlaup. Zlatan þakkaði pent fyrir með því að lyfta boltanum yfir hann og í markið.

Þegar tæpur klukkutími var liðinn af leiknum átti Xavi góða stungusendingu á Zlatan. Rangstöðuvörn Arsenal brást og Zlatan kláraði færið með stæl. 2-0 fyrir Barcelona. Til að bæta gráu ofan á svart fékk Cesc Fabregas, fyrirliði Arsenal, að líta gula spjaldið í millitíðinni og hann verður því í leikbanni í síðari leiknum.

Theo Walcott kom af bekknum eftir seinna markið og hleypti um leið miklu lífi í leik Arsenal. Hann minnkaði síðan muninn 20 mínútum fyrir leikslok. Fékk stungusendingu frá Nicklas Bendtner sem hann kláraði með smekklegu skoti í fjærhornið. Smá líflína fyrir Arsenal. Sú líflína lengdist heldur betur fimm mínútum fyrir leikslok er Fabregas krækti í víti og Carles Puyol þess utan vikið af velli sem var harður dómur. Fabregas tók vítið sjálfur og skoraði örugglega. Hann meiddist reyndar við að taka vítið og haltraði það sem eftir lifði leiks. Puyol er kominn í bann sem og Gerard Pique. Barcelona þarf því að finna nýja miðverði fyrir síðari leikinn.

Thierry Henry kom af bekknum þegar 14 mínútur voru eftir af leiknum og fékk ákaflega hlýjar móttökur hjá stuðningsmönnum Arsenal. „Byrjun leiksins var okkur geysilega erfið. Þeir hefðu getað skorað nokkur mörk á fyrstu 20 mínútunum. Við vorum að tapa boltanum of snemma en leikmennirnir neituðu að gefast upp," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, eftir leikinn.

„Bæði lið klúðruðu ótrúlegum færum. Mér fannst jafntefli að lokum vera sanngjörn úrslit."

**henry@frettabladid.is**



**DRAUMURINN ÚTI** Fabregas var gráti næst er hann fékk gult spjald sem þýðir að hann verður í leikbanni er Arsenal mætir á heimavöll félagsins sem ól hann upp. NORDIC PHOTOS/AFP



**STERKUR** Ingvar Árnason skorar hér eitt af fimm mörkum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

N1-deild karla:

## Valur í annað sætið

**HANDBOLTI** Baráttan í N1-deild karla harðnaði enn frekar eftir leiki gærkvöldsins.

Valur vann gríðarlega mikilvægan sigur á Akureyri og komst fyrir vikið í annað sæti deildarinnar. Akureyri að gefa svolítið eftir í síðustu leikjum.

HK nældi einnig í mikilvæg stig er liðið lagði Íslands- og bikarmeistara Hauka af velli en Haukar eru að slaka frekar mikið á þessa dagana. Bjarki Már Elísson og Valdimar Þórsson sterkir í liði HK að þessu sinni.

FH marði sigur á Fram og hélt sér þar með í baráttunni um að komast í úrslitakeppnina. Algjörlega lífsnauðsynlegur sigur hjá þeim. Ólafs Guðmundssonar sem er í leikbanni en Bjarni Fritzson fór fyrir FH-liðinu í gær með átta mörkum.

Fram er sem fyrr á botninum en er þó jafnt að stigum við Stjörnuna sem tapaði fyrir Gróttu í dramatískum leik á Nesinu. Þar fór hornamaðurinn Jón Karl Björnsson mikinn og skoraði 13 mörk í leiknum.

Grótta með sigrinum búið að slíta sig aðeins frá Fram og Stjörnunni. Tilkoma Geirs Sveinssonar hefur hleypt miklu lífi í Nesbúa. **- hbg**

Kvennalið KR komið í vænlega stöðu í rimmunni um Íslandsmeistaratitilinn eftir sigur í þriðja leik:

# Verkefni Hamars að endurskrifa söguna

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið KR getur á laugardag tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn eftir að hafa í gær náð 2-1 forystu í einvíginu við Hamar. KR vann 83-61 heimasigur en næsti leikur verður í Hveragerði þar sem Vesturbæjarliðið hefur ekki tapað í vetur.

Í sautján ára sögu úrslitakeppni kvenna hefur það lið sem kemst í 2-1 í úrslitaeinvíginu ávallt staðið uppi sem sigurvegari. Hamarskonur þurfa því að snúa við söguninni til að hampa titlinum.

„Liðið sem vinnur þrjá leiki verður meistari og það skiptir engu máli hvort er á undan upp í tvo. Við leiddum allan leikinn fyrir utan fyrstu stigin. Við vorum að gera fullt af mistökum í þessum leik. Vörnin var töluvert betri í seinni hálfleik en þeim fyrri og það var lykillinn að þessu," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, sem er langt frá því að vera byrjaður að fagna.

„Við þurfum að eiga algjöran toppleik á laugardaginn. Það er mjög auðvelt að mæta til leiks með einhverja værukærð í svona úrslitaleik eftir það sem á undan er gengið."

Unnur Tara Jónsdóttir átti stórleik fyrir KR, skoraði 33 stig og tók 8 fráköst. „Hún hefur verið svona alla þessa úrslitakeppni. Bara ógeðslega góð," sagði Benedikt.

KR byrjaði leikinn í gær af krafti gegn vængbrotnu liði Hamars sem var án Guðbjargar Sverrisdóttur sem var veik og þá á Julia Demirer við meiðsli að stríða. KR náði mest ellefu stiga forystu í fyrsta leikhluta en staðan var 27-19 að honum loknum.

Hamarskonur náðu að minnka muninn í þrjú stig í öðrum leikhluta en síðustu stigin fyrir hlé komu frá KR og staðan 42-35 í hálfleik. Heimaliðið setti í næsta gír eftir hlé og þá var nánast aldrei spurning hvoru meginn sigurinn myndi enda. Mörgum þótti dómgæslan halla á gestina í seinni hálfleik en 22 stiga sigur KR staðreynd.

„Ég er ekki dómbær á hvort dómgæslan hafi hallað á okkur. Ég vil alltaf fá meira. Það er hlutlausra aðila að dæma um það," sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars.

„Við erum komnar í stöðu sem við þekkjum. Við lentum í nákvæmlega sömu stöðu gegn Keflavík og þurfum bara að klóra okkur út úr þessu. Við náðum að stríða KR í þessum leik og með smá herslumun þá hefðum við getað náð forystu í leiknum og þetta hefði þá getað endað öðruvísi," sagði Ágúst. **- egm**



**LOKAÐ** Hamar komst lítt áfram gegn KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**ÉG ER NIKON COOLPIX S3000.** Nett, flott og fáanleg í mörgum litum. Með innbyggðri NIKKOR gleiðhornsaðdráttarlinsu, titringsjöfnun og snjallandlitskerfi sem tryggir skarpari myndir. Íslenskar leiðbeiningar. Ég er fullkominn félagi. **www.iamnikon.is** **Verð 29.995**

*At the heart of the image*

Nikon

**Heimilistæki**, Suðurlandsbraut 26 – **Sjónvarpsmiðstöðin**, Síðumúla 2 – **Beco**, Langholtsvegi 84 – **Fotoval**, Skipholti 50b – **MAX**, Kauptúni 1 – **Hagkaup**, Smáralind – **Tölvulistinn**, Nóatúni 17 – **Tölvulistinn**, Reykjavíkurvegi 66 – **Samkaup**, Borgarnesi – **Omnis**, Borgarnesi – **Hljómsýn**, Akranesi **Omnis**, Akranesi – **Blómsturvellir**, Hellissandi – **Skipavík**, Stykkishólmi – **Samkaup**, Grundarfirði – **Samkaup**, Ísafirði – **Kaupfélag V-Húnvetninga**, Hvammstanga – **Smárabær**, Blönduósi – **Samkaup**, Blönduósi – **Skagfirðingabúð**, Sauðárkróki – **Heimilistæki,** Akureyri – **Tölvulistinn**, Akureyri **Heimilistæki**, Húsavík – **Samkaup**, Egilsstöðum – **Tölvulistinn**, Egilsstöðum – **Samkaup**, Seyðisfirði – **Samkaup**, Fáskrúðsfirði – **Verslunin Pan**, Neskaupsstað – **Mosfell**, Hellu – **Heimilistæki**, Selfossi – **Tölvulistinn**, Selfossi – **Geisli**, Vestmannaeyjum – **Foto**, Vestmannaeyjum **Heimilistæki**, Reykjanesbæ – **Omnis**, Reykjanesbæ



**Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS** Arnór Þór yfirgefur herbúðir Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valsmenn missa mann:

## Arnór Þór til Þýskalands

**HANDBOLTI** Handboltamaðurinn Arnór Þór Gunnarsson yfirgefur herbúðir Vals eftir yfirstandandi tímabil hér heima.

Arnór er hornamaður og ætlar að ganga til liðs við þýska félagið TV Bittenfelds sem leikur í suðurriðli þýsku 2. deildarinnar þar sem liðið er í fjórða sæti.

Landsliðsmarkvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson lék með Bittenfeld. - egm

Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson var ánægður með sigur íslenska liðsins í Króatíu:

# Tel okkur eiga heilmikið inni sem lið

**FÓTBOLTI** „Maður hefði viljað vinna sem stærst en ég tel 3-0 vera fín úrslit á útivelli," sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson eftir öruggan sigur kvennalandsliðsins gegn Króatíu ytra. Ísland hefur 15 stig í riðli sínum í undankeppni HM eftir tvo örugga sigra síðustu daga. Íslenska liðið er klassa fyrir ofan það króatíska og í raun var bara spurning um hve stór sigurinn yrði í gær.

„Þetta var baráttuleikur. Hann var mjög grófur og það var fautaskapur í króatíska liðinu. Völlurinn var rosalega mjúkur og erfitt að spila mjög fallegan fótbolta. Okkur tókst þó oft ágætlega að spila boltanum á milli okkar og búa til færi. Við hefðum samt getað nýtt þau betur, úrslitasendingarnar voru oft að klikka," sagði Sigurður.

Hann segir að dómari leiksins hafi ekki átt góðan dag. „Ólína (Viðarsdóttir) var þrumuð niður löngu eftir að hún var búin að sparka boltanum og sú sem braut á henni hefði átt að fá rautt spjald. Ólína fór meidd af velli í kjölfarið."



**BRAUT ÍSINN Í KRÓATÍU** Fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir kom íslenska kvennalandsliðinu yfir gegn því króatíska í gær. MYND/OSSI AHOLA

Katrín Jónsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir skoruðu í fyrri hálfleik og Rakel Logadóttir bætti þriðja markinu við í seinni hálfleik. Rakel skoraði annað mark sem var dæmt af vegna rangstöðu en það var umdeildur dómur. Sigurður nefndi tvö nöfn þegar hann var beðinn um að nefna þá leikmenn sem stóðu upp úr í leiknum.

„Sara Björk (Gunnarsdóttir) var góð á miðjunni Sif (Atladóttir) komst vel frá leiknum. Varnarlínan í heild sinni stóð sig vel. Það reyndi lítið á Þóru í markinu í báðum leikjum," sagði Sigurður. Ísland vann Serbíu 2-0 um síðustu helgi.

„Við erum ánægð með að við leystum þessi verkefni með sóma. Varnarleikurinn var stabíll, við héldum hreinu og náðum að skora nokkur mörk. Þetta er gott veganesti fyrir leikina í sumar en við vitum ekki fyrr en upp er staðið hve mörg mörk þarf til að ná betri markatölu en Frakkland."

Næsti leikur íslensku stelpnanna er gegn Norður-Írum laugardaginn 19. júní og vonast Sigurður til að þær sýni þá sínar bestu hliðar.

„Okkar leikmenn eiga eftir að komast í miklu betri leikæfingu. Þær eru allar á undirbúningstímabilinu núna og vorbragur á sumum. Ég tel okkur eiga heilmikið inni sem lið og ég hlakka til að sjá liðið á Laugardalsvelli í sumar. Við eigum tvo leiki þar í sumar áður en við mætum Frökkum á menningarnótt," sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson. - egm






**Á HÆKJUNUM** Rooney við komuna til Manchester. NORDICPHOTOS/GETTY

Englandsmeistararnir:

## Þurfa að spjara sig án Rooney

**FÓTBOLTI** Búist er við að sóknarmaðurinn Wayne Rooney verði frá keppni í tvær til fjórar vikur eftir ökklameiðslin sem hann hlaut gegn Bayern München í Meistaradeildinni. Það er því ljóst að Rooney verður ekki með gegn Chelsea á laugardaginn í toppslag ensku úrvalsdeildarinnar og missir einnig af seinni leiknum gegn Bayern München.

„Við getum alveg spilað án Wayne Rooney," sagði markvörðurinn Edwin van der Sar. „Við spiluðum án hans á móti Bolton og það getur alltaf gerst að við missum menn í meiðsli. Auðvitað viljum við að okkar bestu menn séu alltaf til taks en þeir sem koma inn í staðinn geta líka staðið sig vel."

Nú reynir á Búlgarann Dimitar Berbatov sem þarf að stíga upp. „Það er auðvitað áfall að missa Rooney en við eigum fleiri góða leikmenn. Berbatov, Antonio Valencia og Ryan Giggs komu af bekknum gegn Bayern sem sýnir ákveðin gæði," sagði Darren Fletcher.

United tapaði leiknum 2-1 á þriðjudag en Fletcher segir einvíginu fjarri því að vera lokið. „Okkur líður alltaf best á Old Trafford sama hver mótherjinn er. Bayern er gott lið en það góða við þetta lið er að við komum alltaf til baka eftir úrslit sem valda vonbrigðum," segir Fletcher. -egm

Tveir spennandi oddaleikir fara fram í átta liða úrslitum Iceland Express-deildar karla í körfubolta í kvöld:

# Teitur og Sigurður þekkja vel þessa stöðu

**KÖRFUBOLTI** Í kvöld kemur í ljós hvaða tvö lið fylgja KR og Snæfelli inn í undanúrslit Iceland Express-deildar karla en þá fara fram oddaleikir í Ásgarði í Garðabænum og í Toyota-höllinni í Keflavík.

Tindastóll og Stjarnan tryggðu sér oddaleik í síðasta leik en eru þó í ólíkri stöðu í kvöld, Stjarnan er á heimavelli sínum á móti Njarðvík á sama tíma og Stólarnir heimsækja Keflvíkinga í sláturhúsið. Báðir leikir herfjast klukkan 19.15.

Þjálfarar leiksins í Ásgarði verða í sviðsljósinu í kvöld og það eru fáir í íslenska körfuboltanum með meiri reynslu í úrslitaleikjum í úrslitakeppni.

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkur, og Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, hafa saman tekið þátt í 36 oddaleikjum á ferlinum fyrir leik liða þeirra í Garðabænum í kvöld. Í þessum leikjum hefur Sigurður þó alltaf verið liðsmaður Keflavíkur og Teitur hefur verið Njarðvíkingur í þeim öllum nema einum.

Sigurður hefur tekið þátt í 21 oddaleik sem leikmaður eða þjálfari og lið hans hafa unnið í 12 af þessum leikjum.

Teitur hefur tekið þátt í 15 oddaleikjum sem leikmaður eða þjálfari og lið hans hafa unnið tíu af þessum fimmtán oddaleikjum.

Teitur hefur betur í innbyrðis-oddaleikjum þessara kappa en hann hefur unnið 3 af 5 oddaleikjum sínum á móti Sigurði. Sigurður vann þann fyrsta og þann síðasta en þetta er í fyrsta sinn sem þeir mætast sem þjálfarar í oddaleik. - óój



**REYNDIR** Sigurður Ingimundarson og Teitur Örlygsson.

### ODDALEIKJAREYNSLAN

**Sigurður Ingimundarson**

| | |
|---|---|
| Leikir | 21 |
| Sigrar (hlutfall) | 12 (57%) |
| Leikir sem þjálfari | 9 |
| Sigrar sem þjálfari | 5 (56%) |
| Sigrar á móti Teiti | 2 (40%) |

**Teitur Örlygsson**

| | |
|---|---|
| Leikir | 15 |
| Sigrar (hlutfall) | 10 (67%) |
| Leikir sem þjálfari | 2 |
| Sigrar sem þjálfari | 1 (50%) |
| Sigrar á móti Sigurði | 3 (60%) |



**FRÁBÆRT TÍMABIL** Helena Sverrisdóttir stóð sig vel með TCU í vetur. MYND/AP

Helena Sverrisdóttir hjá TCU:

## Ein af þeim 45 bestu í vetur

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir fékk mikla viðurkenningu í gær þegar Fréttastofan Associated Press valdi úrvalslið ársins í bandaríska háskólaboltanum. Helena var í hópi þeirra leikmanna sem voru næstir því að komast inn í úrvalsliðin þrjú.

Viðurkenningin heitir á ensku „All-America honorable-mention“ en fimmtán bestu leikmenn landsins komast í úrvalsliðin þrjú en næstu þrjátíu leikmenn fá síðan þessa sérstöku viðurkenningu. Helena er því í hópi 45 bestu háskólaleikmanna Bandaríkjanna sem er mikill heiður fyrir hana.

Helena leiddi TCU-liðið í bæði stoðsendingum (5,2 í leik) og stolnum boltum (2,2) og hún var í öðru sæti í liðinu í stigaskori (13,5) og fráköstum (6,5). Helena er enn fremur þriðji leikmaðurinn í sögu TCU sem fær svona viðurkenningu frá Associated Press en hinar tvær voru báðar valdar inn í WNBA-deildina. - óój



**ÓLAFUR RAFNSSON** Forseti ÍSÍ og stjórnarmaður í FIBA Europe. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Forsetakosningar Fiba Europe:

## Ólafur fær mótframboð

**KÖRFUBOLTI** Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ og fyrrverandi formaður KKÍ, er í framboði til forseta FIBA Europe og nú er ljóst að hann fær mótframboð frá Tyrklandi um stöðuna því varaforseti FIBA Europe býður sig fram gegn honum en kosið verður 15. maí.

Ólafur Rafnsson var lengi vel einn í framboði en hann er núverandi stjórnarmaður FIBA Europe ásamt því að hafa verið í fleiri nefndum innan sambandsins í gegnum tíðina.

Turgay Demirel frá Tyrklandi ákvað á síðustu stundu að bjóða sig fram gegn Ólafi. Hann er forseti Tyrkneska sambandsins og varaforseti FIBA Europe. Hann hefur áður boðið sig fram í fyrsta sætið en þá hlaut hann ekki kosningu. - óój



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 09-0000



> **Kristin Scott Thomas**

„Þegar ég eignaðist synina afhjúpuðust mér allir leyndardómar karlmanna.“

